SKOÐUN Árni Richard Árnason hefur áhyggjur af Íslendingaheilkenninu sem teygir sig víða um samfélagið. **44**

MENNING Söngkonan Hallveig Rúnarsdóttir upplifði kraftaverkastund á tónleikum í kirkju í Færeyjum. **74**

SPORT Arnór Atlason ætlar að fórna öllu til þess að komast á EM í janúar með íslenska landsliðinu. **82**



FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Fimmtudagur
19. desember 2013
298. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2012

FRÉTTIR

Geta hakkað sig inn í tölvukerfi bíla á ferð

Hægt er að stýra bílum þráðlaust, aftengja bremsur eða drepa á vélum með því að brjótast inn í tölvukerfi þeirra. **18**

Sautján ára þreyta Íbúi í Barðavogi í Reykjavík er langþreyttur á sleifarlagi við snjómokstur í hverfinu. **2**

Þingmenn fara í jólafrí Samkomulag hefur náðst um þinglok fyrir jól. Atvinnulausir fá desemberuppbót og fallið hefur verið frá komugjöldum á spítala. **6**

Illa tekið í steyptar götur Samgöngustjóri Reykjavíkur segir malbik hafa yfirhöndina gagnvart steypu við gatnagerð. **8**

Bolungarvík	-1°		NV10
Akureyri	-2°		NV12
Egilsstaðir	2°		NV10
Kirkjubæjarkl.	-2°		NV12
Reykjavík	0°		NV 8

DJÚP LÆGÐ Norðvestan 10-23 m/s í dag með mikilli slyddu eða snjókomu fyrir norðan og austan. Snjókoma vestantil síðdegis. Yfirleitt vægt frost en hlánar á láglendi A-til. **4**

SÉRBLAÐ

Fólk

Panta stórhættulega leysibenda af netinu

Reynt er að flytja til landsins leysibenda sem gefa þúsundfalt sterkari geisla en almenn notkun réttlætir. Unglingar líta á tækin sem leikföng. Ekkert er fjær sanni, segir yfirlæknir augndeildar LSH sem lýsir þeim sem „stórhættulegum“.

ÖRYGGISMÁL Starfsmenn Tollstjóra og Geislavarna ríkisins hafa á þessu ári gert upptæka allmarga leysibenda sem eru margfalt aflmeiri en almenn notkun réttlætir. Þeir sem reyna að koma slíkum tækjum inn til landsins eru oft unglingar.

Þorgeir Sigurðsson, fagstjóri hjá Geislavörnum, segir að leysibendar sem eru ætlaðir til almennra nota hafi geislun sem er undir einu millivatti (mW). Að sögn Þorgeirs er styrkur aflmesta leysibendisins sem reynt hefur verið að koma inn í landið 5.000 mW [5W] og var tækið stöðvað í tolli. Slíkt tæki er stórhættulegt, enda þarf aðeins endurkastið af geisla af styrk yfir 500 mW til að valda augnskaða, auk hættu á bruna á húð og íkveikjuhættu.

Helst sækjast unglingar eftir því að eignast svo öfluga leysibenda. Á vefsíðu, þaðan sem margir af vinsælustu leysunum koma, er algengt að styrkur þeirra sé allt að 2.000 mW. Þeir eru hins vegar ekki merktir framleiðanda og eru oft mun öflugri en þeir eru gefnir upp fyrir að vera. Einar Stefánsson, prófessor og yfirlæknir augndeildar Landspítala, segir að almennt valdi brunar í auga af völdum þessara geisla varanlegum skaða. Hann segir að kannski sé alvarlegast að börn og unglingar líti á tækin sem leikföng, þegar ekkert gæti verið fjær sanni, og bætir við að tækin séu 10 til 20 sinnum aflmeiri en þau sem eru notuð í lækningaskyni.

Alvarlegt atvik kom upp í maí. Þá var 13 ára gamall piltur færður til meðferðar á LSH með alvarlegan skaða á báðum augum af völdum leysibendis sem var um 200 sinnum aflminni en þeir sem nú er reynt að koma inn í landið. - shá / sjá síðu 4

BIÐ Bergþóra Guðmundsdóttir er ein þeirra sem heimsækja dagsetrið á Eyjaslóð og þegar kvöldar liggur leið hennar oft í Konukot, neyðarskýli fyrir heimilislausar konur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Steindi með Baggalút:

Lokalagið frumsamið

FÓLK Lokalag Áramótaskaupsins í ár verður frumsamið af Baggalút, Steinda Jr. og Stop Wait Go. „Ég geri þá kröfu að lagið ómi í öllum áramótapartíum og bara langt fram á nýja árið,“ segir Steindi um lagið. Umfjöllunarefnið er Íslendingum vel þekkt. Í stuttu máli fjallar lagið um að strengja áramótaheit. Við Íslendingar erum einstaklega góðir í því að lofa öllu fögru síðustu klukkustundir hvers árs, en svo er allt annað hvort við förum eftir því,“ Steindi segist vona að allir landsmenn skemmti sér yfir skaupinu. „Annars fer ég í felur í þrjá daga þangað til allir verða búnir að gleyma skaupinu.“ - kak / sjá 90

STEINDI JR.

Gagnrýna tollafrumvarp:

Ekki í samræmi við neysluvenju

VIÐSKIPTI Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, gagnrýnir að frumvarp um breytingar á tollalögum leiði ekki til þess að innflutningur á landbúnaðarafurðum verði í samræmi við núverandi neyslu.

ALMAR GUÐMUNDSSON

Hann segir að það magn sem heimilt sé að flytja inn hljóði einungis upp á fimm prósent af neysluviðmiði frá níunda áratug síðustu aldar og neysluvenjur landans hafi breyst síðan þá.

Skrifstofustjóri í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu segir ástæðuna fyrir núverandi viðmiði vera að samningur WTO miði við þetta tiltekna viðmið. - hg / sjá síðu 22.

Sjálfboðaliðar og starfsmenn að ljúka jólaundirbúningi í neyðarskýlum:

Fá jólamat, húsaskjól og gjafir

FÓLK Það er ekki vitað hversu margar konur koma til með að nýta sér aðstöðuna í Konukoti um jólin. Konukot er neyðarskýli fyrir heimilislausar konur og þar eru rúm fyrir átta. Engum er þó vísað frá, þó allt sé orðið fullt er búið um konurnar á dýnum eða sófum.

Á daginn á meðan lokað er í Konukoti fara konurnar gjarnan í Dagsetrið við Eyjaslóð þar sem Hjálpræðisherinn rekur athvarf fyrir heimilislausa.

Í Konukoti fá konurnar kvöldmat og morgunmat áður en þær fara út í daginn. Í Dagsetrinu fá gestirnir hádegismat og síðdegiskaffi. Að meðaltali koma 25 til 30 manns í Dagsetrið á degi hverjum.

Bæði Konukot og Dagsetrið eru að stórum hluta rekin fyrir gjafafé og styrki frá Reykjavíkurborg.

Á báðum stöðum stendur undirbúningur jóla sem hæst. Búið er að þrífa, baka og skreyta. Fátt eftir nema að setja upp jólatré. Konukot verður opið yfir hátíðarnar og Dagsetrið verður opið yfir jóladagana. Sjálfboðaliðar koma og sjá um jólamatinn sem er samkvæmt hefðinni, hamborgarhryggur, hangikjöt og lambakjöt, og allir sem þangað koma fá jólagjafir. - jme / sjá síðu 10

SPURNING DAGSINS

Berglind, verður fjölskyldan á hjólum um jólin?

„Það verða vonandi jólahjól."

Bíll Berglindar Pétursdóttur, textahöfundar og dansara, bilaði og er ónýtur svo hún óskar sér nýs bíls í jólagjöf.

Stjórnarmeirihluti fjárlaganefndar vill ekki selja land undir íbúabyggð:

Borgin fær ekki flugvallarland

STJÓRNMÁL Fjárlaganefnd Alþingis hefur hafnað því að bæta inn í fjárlagafrumvarpið heimild til að afsala borginni hluta Reykjavíkurflugvallar og kemur því í veg fyrir að landið verði tekið undir íbúabyggð.

Borgaryfirvöld eru þegar komin vel á veg með að skipuleggja nýtt íbúðahverfi á svæðinu sem þau kalla nýja Skerjafjörð. Byggt er á samkomulagi sem gert var skömmu fyrir síðustu þingkosningar um að ríkið selji borginni umrætt land.

Vegna mistaka í fjármálaráðuneyti gleymdist að setja inn í fjárlagafrumvarpið endurnýjaða heimild fyrir næsta ár. Samkvæmt heimildum fréttastofu lögðu embættismenn í fjármálaráðuneytinu til við fjárlaganefnd að þetta yrði lagfært og Reykjavíkurborg fengi hluta eða allt það land ríkisins við flugvöllinn sem er fyrir utan flugvallargirðingu. Stjórnarmeirihlutinn í fjárlaganefnd hafnaði hins vegar þessari tillögu þar sem ekki sé meirihlutastuðningur á Alþingi fyrir því að selja landið. - kmu

NÝI SKERJAFJÖRÐUR Borgin er að skipuleggja 600-800 íbúðir á suðvesturenda litlu flugbrautarinnar en nú virðast áform um byggingu í uppnámi.

WOW Air ósátt við Isavia:

Ójöfn úthlutun hamlar flugi

SAMGÖNGUR Skúli Mogensen, forstjóri WOW Air, sakar rekstraraðila Keflavíkurflugvallar, Isavia, um að draga taum Icelandair í úthlutun á afgreiðslutímum.

WOW Air kærði Isavia til Samkeppniseftirlitsins og í úrskurði eftirlitsins kemur skýrt fram að Isavia beri að úthluta afgreiðslutímum jafnt. Isavia áfrýjaði málinu og segir Skúli að ef málið tefjist mikið lengur muni félagið ekki geta hafið flug til Norður-Ameríku eins og tilkynnt hefur verið. - jjk

GRAFNIR Ástæður þess að fornmenn grófu lík er ekki þekkt, en bæði praktískar og trúarlegar ástæður gætu hafa legið þar að baki. NORDICPHOTOS/AFP

Rannsaka Neanderdalsmenn sem voru í Frakklandi:

Rannsókn staðfestir greftrun

VÍSINDI Ný rannsókn á beinum Neanderdalsmanna sem fundust í Frakklandi bendir sterklega til þess að Neanderdalsmenn hafi grafið látið fólk.

Vísindamenn hafa lengi verið ósammála um hvort þessir fornmenn hafi grafið látna vini og ættingja, og bætast niðurstöður þessarar rannsóknar við aðrar sem sýna svipaðar niðurstöður.

Rannsóknin, sem fjallað eru um á vefnum Science News, sýnir meðal annars að bein dýra sem fundust á sama stað og bein Neanderdalsmannanna voru verr farin, sem bendir til þess að bein fornmannanna hafi verið grafin í jörð. - bj

TVÍVERKNAÐUR VIÐ SNJÓMOKSTUR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Barðavogur

Árla morguns

Síðdegis

Sautján ára þreyta á snjómokstrinum

Íbúi í Barðavogi í Reykjavík er orðinn langþreyttur á snjómokstrinum í hverfinu sínu. Snjó er mokað aftur upp á gangstéttina sem hann gengur eftir í vinnuna. Hann segist hafa fengið loðin svör frá borgaryfirvöldum er hann hefur kvartað.

SAMGÖNGUR „Ég er kominn með sautján ára þreytu á þessu," segir Hrafn Heiðdal Úlfsson, íbúi í Barðavogi í Reykjavík.

Hrafn gengur á hverjum morgni í vinnuna, innan við eins kílómetra leið. Þá hafa bæjarstarfsmenn iðulega lokið við að moka snjó af gangstéttinni. Þegar hann snýr aftur heim á leið seinna um daginn hefur snjómoksturstæki mokað snjónum aftur upp á gangstéttina af götunni og þarf hann þá að labba á götunni, sem allir vita að er stórhættulegt.

„Þetta er búin að vera sama sagan með moksturinn frá því ég flutti í hverfið fyrir sautján árum. Ég hef hringt nokkrum sinnum en hef ekki gert það síðastliðin tvö ár, ég hef bara gefist upp á þessu. Svo ofbauð mér þegar ég var að labba í gærmorgun [þriðjudagsmorgun]," segir Hrafn, ósáttur við gang mála. „Þegar ég labbaði klukkan tíu mínútur fyrir níu sá ég að það var búið að moka gangstéttina. Ég hló inni í mér því ég vissi hvernig þetta yrði þegar ég labbaði til baka. Svona er þetta bara ár eftir ár og þetta er á öllum þessum gangstéttum hérna í hverfinu hjá okkur."

Hrafn, sem er á fimmtugsaldri, segist hafa fengið loðin svör hjá borgaryfirvöldum þegar hann hefur óskað eftir að gengið verði í málið. „Að athuga og skoða, það er mjög algengt svar," segir hann. „Ég bara skil ekki hvers vegna er verið að eyða skattpeningunum í svona bull. Ég vil bara að þetta verði lagað. Þetta er hluti af mínum skattpeningum og ég vil að þetta sé unnið skikkanlega."

> **Ég bara skil ekki hvers vegna er verið að eyða skattpeningunum í svona bull.**
>
> *Hrafn Heiðdal Úlfsson.*

Hann segir að eldra fólk sem býr í hverfinu vogi sér ekki út úr húsi vegna ástandsins. „Það getur ekki labbað á götunni í hálkunni og ekki á gangstéttunum því þær eru verri heldur en áður en það var skafið. Það eru borgaðar fleiri milljónir á ári í þennan mokstur, sem er til einskis."

freyr@frettabladid.is

Úttektir næsta árs ákveðnar:

Stærstu ráðuneytin skoðuð

STJÓRNSÝSLA Stjórnsýsluúttektir Ríkisendurskoðunar á næsta ári munu aðallega beinast að málaflokkum sem falla undir fjögur stærstu ráðuneytin.

Fyrirhugað er að gera stjórnsýsluúttektir á Ferðamálastofu, Framkvæmdasýslu ríkisins, sendiráðum, Útlendingastofnun, sendiráðum Íslands og samningamálum ríkisins, að því er fram kemur í starfsáætlun stjórnsýslusviðs Ríkisendurskoðunar.

Markmiðið með úttektunum er að kanna meðferð og nýtingu almannafjár, og hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja ríkisins. - bj

Atvinnulausir fá jólauppbót:

Greiða á út á næstu dögum

KJARAMÁL Ekki er ljóst hvenær desemberuppbót til atvinnulausra verður greidd. Að sögn Gissurar Péturssonar, forstjóra Vinnumálastofnunar, er stefnt að því að það verði fyrir jól.

GISSUR PÉTURSSON

„Félagsmálaráðherra gefur út reglugerð um greiðslu þessarar desemberuppbótar og þegar hún er komin í hús vindum við okkur í verkið. Hún var ekki komin þegar við hættum í dag [í gær]," sagði Gissur. - fb / sjá síðu 6

Jólaþorpið í Hafnarfirði

Jólaþorpið í Hafnarfirði er opið
allar aðventuhelgar kl. 12-17
19. og 20. desember kl. 16-21
Þorláksmessu kl. 16-21

Rauði krossinn Hafnarfirði

SPARNAÐUR

Dagskrá, myndir o.fl. á Facebook

HAFNARFJÖRÐUR

Lögreglurannsókn lokið og mál hjúkrunarfræðings komið til ríkissaksóknara:

Grunur um manndráp af gáleysi

HEILBRIGÐISMÁL Lögreglurannsókn á máli hjúkrunarfræðings, sem grunaður er um mistök eða vanrækslu í starfi sem leiddi til þess að maður lést á gjörgæsludeild Landspítalans á síðasta ári, er nú lokið.

Málið er komið á borð ríkissaksóknara og mun koma í ljós á næstunni hvort gefin verði út ákæra í málinu eða ekki. Það verður þá í fyrsta skipti sem heilbrigðisstarfsmaður á Íslandi er ákærður fyrir manndráp af gáleysi.

Í Svíþjóð kom upp mál fyrir um tíu árum þegar hjúkrunarfræðingur var dæmdur sekur í hæstarétti fyrir manndráp af gáleysi. Ákæran og dómsorðið vöktu sterk viðbrögð og gagnrýni, meðal annars vegna þess að bent var á einn ákveðinn blóraböggul í stað þess að greina kringumstæður málsins, verklag, skipulag og starfsaðstæður og fyrirbyggja að mistök hendi aftur.

Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítalanum, segir starfsmenn spítalans hafa brugðist hárrétt við þegar upp kom grunur um mistök. „Starfsmenn létu vita af atvikinu og um leið hófst innri rannsókn hér á spítalanum. Þeirri rannsókn er lokið og kom í ljós að samverkandi þættir urðu þess valdandi að mistök urðu sem við höfum brugðist við með umbótum. Staða hjúkrunarfræðingsins í málinu er nýr veruleiki fyrir okkur og gríðarlegt áfall fyrir alla."

Sigríður segir svona atburð

> **Samverkandi þættir urðu þess valdandi að mistök urðu.**
>
> *Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdarstjóri hjúkrunar á Landspítalanum.*

breyta lífi allra sem koma að honum. „Umfram allt hörmum við að svona hafi farið. Við höfum verið í góðu sambandi við aðstandendur og hugur okkar er hjá þeim."

Hjúkrunarfræðingurinn sem um ræðir starfar ekki lengur á gjörgæsludeild þar sem atvikið átti sér stað heldur á annarri deild spítalans. - ebg

OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD

JÓLATÓNLEIKAR Í KVÖLD KL. 20

Komdu og njóttu ljúfra tóna í Kringlunni þar sem landsþekktir tónlistarmenn færa þér sannan jólaanda

Fram koma Pálmi Gunnarsson, Jóhanna Guðrún, Örn Árna, Diddú, Þór Breiðfjörð, Jónas Þórir og Barnakór Bústaðarkirkju.

FÍTON / SÍA

KRINGLAN.IS

AF ÖLLU HJARTA

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

SVONA ERUM VIÐ

1 af hverjum tíu Íslendingum, rétt rúmlega, notuðu ljósabekki þegar notkun þeirra var könnuð nú í ágúst.

Einhverjum þætti það mikið en kannski ekki ef litið er aftur til janúarmánaðar árið 2004.

Þá var hlutfallið 30% aðspurðra sem „fóru reglulega í ljós“.

Evrópskir fjármálaráðherrar nálgast samkomulag í tengslum við bankana:

Styttist í evrópskar bankareglur

BRUSSEL, AP Evrópskir fjármálaráðherrar eru nálægt samkomulagi sem eykur líkur á sameiginlegu regluverki Evrópulanda um fjármálafyrirtæki.

Tilgangurinn er að auka tiltrú á bönkum, auka aðhald gagnvart þeim og koma í veg fyrir að þeir geti ógnað efnahag heilu landanna, líkt og gerðist í bankahruninu hér.

Fjárhagsvandræði margra Evrópulanda eru rakin til þess að þau hafi þurft að hlaupa undir bagga með bönkum sínum.

Ráðherrar frá evrulöndunum sautján funduðu stíft í Brussel í gær áður en rætt var við kollega utan hópsins. Jeroen Dijsselbloem, fjármálaráðherra Hollands og leiðtogi evruhópsins, segir ráðherrana hafa lagt mikið á sig í leit að leiðum til að fjármagna aðgerðir til stuðnings bönkum sem standi höllum fæti.

Deilt hefur verið um hvort fjármagna eigi aðgerðir með skattfé. Þjóðverjar telja að bankarnir eigi sjálfir að annast þessar greiðslur.

- fb

RÆÐA MÁLIN Jeroen Dijsselbloem, fjármálaráðherra Hollands (til hægri), ræðir við Margrethe Vestager, fjármálaráðherra Danmerkur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Áætlunarferðir röskuðust:

Strætó fór út af í hálku og roki

SAMGÖNGUR Strætisvagn á vesturleið á milli Húsavíkur og Akureyrar fór út af á norðausturvegi í gær, rétt við gatnamótin við hringveginn.

Fjórir farþegar voru í vagninum en enginn slasaðist og var þeim komið til Akureyrar. Ekki urðu fleiri ferðir á þessari leið í gær enda hált á þessum slóðum og talið að vindhviða hafi feykt vagninum af veginum. Óvíst er um skemmdir á vagninum.

- ebg

2,5 milljónir korta sendar:

Jólakort halda sínum hlut

JÓL Þrátt fyrir að margir hafi þann háttinn á að senda jólakveðjur á rafrænan hátt, til dæmis með tölvupósti eða í gegnum samfélagsmiðla, hefur ekki dregið úr fjölda jólakorta sem send eru með pósti. Þetta segir Brynjar Smári Rúnarsson, markaðsstjóri Póstsins.

BRYNJAR SMÁRI RÚNARSSON

„Við áætlum að við munum koma um 2,5 milljónum jólakorta til skila í ár, sem er mjög svipað og verið hefur síðustu ár.“

Brynjar segir að vissulega hafi almennar bréfasendingar með pósti dregist verulega saman síðustu árin, en svo virðist þó vera að jólakortahefðin muni lifa enn um sinn.

- þj

Hópur heimsótti hús ÍS:

Sjávarklasinn vekur athygli

ATVINNUMÁL Íslenski sjávarklasinn (ÍS) hefur vakið athygli utan landsteinanna en í byrjun mánaðarins heimsótti stór hópur fólks frá sveitarfélögum á Norðurlöndunum hús Sjávarklasans. Þar fékk hópurinn kynningu á starfsemi ÍS og verkefnum innan hans.

Fólkið starfar við atvinnuþróun víða um Norðurlönd og var hér á landi í samvinnu við Reykjavíkurborg. Koma þess er í tengslum við verkefni sænska ráðgjafafyrirtækisins Tendensor um stjórnun aðdráttarafls fyrir hæfileika og hæfni fyrir minni borgir og sveitarfélög.

- shá

Leysibendar sem brenna og blinda stoppaðir í tollinum

Brögð eru að því að reynt sé að flytja til landsins leysibenda sem eru þúsundfalt aflmeiri en almenn notkun réttlætir. Þeir aflmestu brenna húð og valda sjónskaða á augnabliki. 13 ára drengur slasaðist alvarlega í vor.

ÖRYGGISMÁL Starfsmenn Tollstjóra og Geislavarna ríkisins hafa á þessu ári gert upptæka allmarga leysibenda sem eru margfalt aflmeiri en almenn notkun réttlætir. Þeir sem reyna að koma slíkum tækjum inn til landsins eru oft unglingar.

Þorgeir Sigurðsson, fagstjóri hjá Geislavörnum, segir að leysibendar sem eru ætlaðir til almennra nota hafi geislun sem er undir einu millivatti (mW). Sérstakt leyfi fyrir sterkari bendum fær venjulega aðeins fagfólk til sértækra nota, enda getur leysir sem er aflmeiri en eitt mW valdið sjónskaða á augnabliki.

Að sögn Þorgeirs er styrkur aflmesta leysibendisins sem reynt hefur verið að koma inn í landið 5.000 mW [5W] og var tækið stöðvað í tolli. Slíkt tæki er stórhættulegt, enda þarf aðeins endurkastið af geisla af styrk yfir 500 mW til að valda augnskaða, auk hættu á bruna á húð og íkveikjuhættu.

Spurður hverjir það séu helst sem sækjast eftir því að eignast leysibenda sem eru svo öflugir segir Þorgeir það í langflestum tilfellum vera stráka og stelpur undir 18 ára aldri sem hafa aðgang að greiðslukorti.

Samgöngur: Geisli sem beint er aðeins augnablik í augu flug- eða ökumanns getur orsakað stórslys.

Augu: Geisli sem er upp að 5mW er talinn að mestu skaðlaus, nema horft sé beint í hann. Yfir 50 mW ógnar geislinn sjón alvarlega. Ef geislinn er 500 mW eða sterkari þá veldur hann sjónskaða án undantekninga.

Húð: 200-300 mW geisli veldur óþægindum í húð. Geisli yfir 500 mW veldur bruna á húð.

Á vefsíðu, þaðan sem margir af vinsælustu leysunum koma, er algengt að styrkur þeirra sé 100-2000 mW. Þeir eru hins vegar ekki merktir framleiðanda og eru oft mun öflugri en þeir eru gefnir upp fyrir að vera. Þorgeir minnir á að þegar hefur notkun þessara tækja valdið fólki skaða hér á landi. Augnlæknar fengu 13 ára gamlan dreng til meðferðar á Landspítala í maí með alvarlegan skaða á báðum augum af völdum leysibendis sem var langt undir 100 mW. Dæmin eru fleiri um augnskaða, en önnur alvarleg dæmi eru þar sem börn hafa gert sér það að leik að beina öflugum geisla að ökumönnum flugvéla og bifreiða.

svavar@frettabladid.is



LEYSIBENDAR Líta sakleysislega út en tækin geta valdið stórskaða, t.d. sjónskaða á augnabliki.

Margfalt aflmeiri en lækningatækin

EINAR STEFÁNSSON

Einar Stefánsson, prófessor og yfirlæknir augndeildar Landspítala, annaðist drenginn sem hlaut augnskaðann í vor en er ekki heimilt að gefa upplýsingar um líðan hans í dag. „Hins vegar get ég sagt að almennt séð valda svona brunar varanlegum skaða. Sem betur fer get ég ekki sagt að þetta sé algengt en maður sér á almannafæri oft græna geisla dansa á húsum. Það eru því allmargir guttar sem eru með svona tæki undir höndum,“ segir Einar en vill ekkert fullyrða um hvort mikið sé af tækjum sem hafa ógnarstyrk eins og þeir sem hafa verið gerðir upptækir.

Hann segir að kannski sé alvarlegast að börn og unglingar líti á tækin sem leikföng, þegar ekkert gæti verið fjær sanni. „Í því felst hættan, og þetta er sami hópurinn og er að leika sér með flugelda í kringum áramót, oft með skelfilegum afleiðingum. Þetta verða foreldrar og aðrir að hafa hugfast.“

Einar segir að leysibendir sem er 5.000 mW sé án nokkurs vafa stórhættulegt tæki og tekur dæmi. „Tækin sem við notum í lækningum til að brenna í augað eru nokkur hundruð millivött. Þannig að tækin sem verið er að smygla hingað eru 10 til 20 sinnum aflmeiri en það sem við notum í lækningaskyni,“ segir Einar.

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



HVASSVIÐRI víðast hvar í dag með mikilli úrkomu um norðan- og austanvert landið en veðrið gengur niður síðdegis norðaustantil. Ágætt veður í fyrstu á morgun einkum fyrir norðan en næsta lægð kemur síðdegis með hvassri austanátt og úrkomu syðra.



Á morgun
Vaxandi A-átt með úrkomu síðdegis.



Laugardagur
5-10 m/s en hvassara á Vestfjörðum.

Alicante	18°	Billund	7°	Gautaborg	6°	London	11°	Orlando	22°	San Francisco	14°
Basel	6°	Frankfurt	8°	Kaupmannahöfn	6°	Mallorca	18°	Ósló	3°	Stokkhólmur	2°
Berlín	7°	Friedrichshafen	5°	Las Palmas	21°	New York	6°	París	10°		



Elísabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

FALLEGRI JÓLATRÉ Í 40 ÁR

JÓLATRÉ
Eigum til úrvals normannsþin sérvalinn af sérfræðingum Blómavals, ásamt rauðgreni og stafafuru í öllum stærðum.

BETRA VERÐ!

Rafhlöðuborvél 14.4V
Power Plus borar og bitar fylgja.
Ein rafhlaða.
5245317

Skrúfvél 3.6V
Worx WX251
5244877

Blandari Desire 750W
Russell Hobbs með 1.5 ltr. glerkönnu
1840084

Prinsessa Júlíana dúkka
5857599

Eldhúshnífar
Taylor Eye, 5 stk í standi
2000874

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Gildir til 22. desember eða meðan birgðir endast.

VEISTU SVARIÐ?

1. Hvað gáfu Salmann Tamimi og eiginkona hans Mæðrastyrksnefnd mörg kíló af kjöti?
2. Hver var valin besta skyttan í Olísdeild kvenna í handbolta?
3. Hversu mörg stjórnarfrumvörp bíða afgreiðslu Alþingis?

SVÖR
1. 140 kíló **2.** Marija Gedroit, Haukum **3.** 52 stjórnarfrumvörp.

Ráðamenn í Úkraínu eru mjög ánægðir með fjárhagsaðstoð Rússlands við landið:

Segja að samningurinn tryggi stöðugleika

ÚKRAÍNA, AP Mikil ánægja er á meðal leiðtoga í Úkraínu um fjárhagsaðstoð Rússa og segja þeir hana tryggja fjárhagslegan stöðugleika í landinu. Gagnrýnendur segja að samningurinn muni auka á efnahagsvandræði Úkraínu og gera landið háðara Rússlandi.

Vladimír Pútín, forseti Rússlands, hefur ákveðið að kaupa úkraínsk skuldabréf fyrir 15 milljarða dala og lækka verð á gasi til að draga úr pólitískum þrýstingi á Viktor Janúkóvitsj, forseta Úkraínu.

Janúkóvitsj barðist fyrir fjárhagsaðstoð frá Rússum og Evrópusambandinu. Eftir að hann ákvað að halla sér að Rússum í stað þess að undirrita samstarfssamning við Evrópusambandið urðu mikil mótmæli í Úkraínu og meðal annars hefur hópur fólks dvalið á Frelsistorginu í Kænugarði, höfuðborg Úkraínu, allan sólarhringinn og haft þar uppi mótmæli. Krefjast þeir afsagnar bæði Janúkóvitsj og forsætisráðherrans, Míkóla Asarov, og vilja kosningar á næsta ári.

VIKTOR JANÚKOVITS

Asarov telur að samningurinn við Rússa muni auka sjálfstraust almennings og koma með meiri stöðugleika inn í líf fólks. Aftur á móti telur hann að samningur við Evrópusambandið hefði tryggt Úkraínumönnum „nýársgjöf með gjaldþrotum og félagslegri hnignun“. **- fb**

ENN ER MÓTMÆLT Fylgjendur samninga við Evrópusambandið syngja þjóðsönginn í Kænugarði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fara í jólafrí í síðasta lagi á laugardag

Atvinnulausir fá desemberuppbót og fallið er frá komugjöldum á spítala samkvæmt samkomulagi forystumanna allra flokka á Alþingi um þinglok. Gert ráð fyrir því að Alþingi ljúki störfum og fari í jólafrí í síðasta lagi á laugardag.

STJÓRNMÁL Samkomulag náðist milli ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu á Alþingi seint á þriðjudag um afgreiðslu mála á Alþingi fyrir jólafrí.

Samkvæmt samkomulaginu fá atvinnulausir greidda desemberuppbót, fallið er frá komugjöldum á spítala og framlag til rannsóknasjóða hækkað um alls 50 milljónir.

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Fallið verður frá þaki á endurgreiðslur vegna nýsköpunarverkefna og þá verður samráðsnefnd um veiðigjöld falið að fjalla um álagningu gjalds á nýjar fisktegundir í íslenskri lögsögu. Miðað er við að hægt verði að taka upp slíkt gjald strax á næsta ári en meðal annars er verið að horfa til makríls í þessu samhengi.

Árni Páll Árnason formaður Samfylkingarinnar fagnaði þessu samkomulagi í gær og sagði að stjórnarandstöðunni hefði tekist að gera vont fjárlagafrumvarp aðeins betra. „Vont fjárlagafrumvarp með vitlausa forgangsröðun hefur aðeins skánað. Okkur hefur tekist að vinda ofan af ýmsum af þeim verstu þáttum sem birtust í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar,“ segir Árni. Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, tekur í sama streng. „Það sem skiptir mestu máli er að þarna hafa verið gerðar ákveðnar umbætur en þar með er ekki sagt að við munum styðja allt frumvarpið,“ segir Katrín.

Breytingarnar munu hafa neikvæð áhrif á afkomu ríkissjóðs á næst ári. Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlagnefndar, segir að ennþá sé þó stefnt að því að ríkissjóður skili afgangi. Greiðsla desemberuppbótar kostar um 240 milljónir króna en hún er fjármögnuð með því að færa fjármuni frá Virk Starfsendurhæfingarsjóði yfir til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Er það í samræmi við tillögur Alþýðusambandsins og BSRB. Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra fagnaði þessari niðurstöðu í gær en fyrr í þessum mánuði bað hún þingheim um að tryggja fjármuni svo hægt væri að greiða út desemberuppbót.

FRÁ ATKVÆÐAGREIÐSLU UM FJÁRLÖGIN Í GÆR Greiðsla desemberuppbótar til atvinnulausra kostar um 240 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HELSTU BREYTINGAR AFGREIDDAR Í SÁTT

- Desemberuppbót fyrir atvinnulausa.
- Aukið framlag í Rannsóknasjóð upp á 50 milljónir króna.
- Aukið framlag í Myndlistarsjóð og Hönnunarsjóð.
- Gjald á nýjar fisktegundir við Ísland tekið til skoðunar.
- Fallið frá komugjöldum á spítölum.
- Fallið frá þaki á endurgreiðslur vegna nýsköpunarverkefna.

„Vont fjárlagafrumvarp með vitlausa forgangsröðun hefur aðeins skánað.
Árni Páll Árnason formaður Samfylkingarinnar

Óskert nemur uppbótin rúmum 51 þúsund krónum en verður aldrei lægri en 13 þúsund krónur.

hsk@frettabladid.is

Forstjóri Íbúðalánasjóðs fór fram á launahækkun vegna aukinna krafna:

Launin hækka um 79 þúsund

KJARAMÁL Laun forstjóra Íbúðalánasjóðs hækka um rúmlega 79 þúsund krónur á mánuði, eða um 7,2 prósent, í kjölfar nýlegrar ákvörðunar kjararáðs.

Laun forstjórans voru rúmlega 982 þúsund krónur á mánuði frá árinu 2010 þar til kjararáð ákvað um mitt ár 2012 að hækka þau um 110 þúsund krónur, í 1.092 þúsund krónur á mánuði.

Sigurður Erlingsson, forstjóri Íbúðalánasjóðs, taldi þessa hækkun ekki endurspegla auknar kröfur sem gerðar voru til forstjóra sjóðsins. Hann sendi kjararáði bréf skömmu eftir að laun hans voru hækkuð um mitt ár 2012 og fór fram á að launin yrðu endurskoðuð.

SIGURÐUR ERLINGSSON

Sigurður benti meðal annars á að nú hafi verið lögfestar kröfur um forstjóri skuli vera fjárhagslega sjálfstæður, hafa lokið háskólaprófi auk þess sem forstjórinn þurfi að standast hæfismat Fjármálaeftirlitsins. Í bréfinu segir Sigurður að ekki standist að laun forstjórans miðist við launakjör framkvæmdastjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna eða forstjóra Byggðastofnunar.

Kjararáð tekur í úrskurði sínum að nokkru undir þetta með forstjóranum. Ákveðið var að hækka laun hans í 1.171 þúsund krónur á mánuði, og hafa þau því hækkað um 189 þúsund krónur, 19,3 prósent, frá árinu 2010.

Í umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs er tekið undir kröfur forstjórans. Í umsögn velferðarráðuneytisins er því hins vegar hafnað að auknar kröfur leiði til aukins álags á forstjórann, og þar með því að hækka þurfi laun Sigurðar umfram það sem þegar hafi verið gert. **- bj**



JÓLAGLEÐI

OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD

KLÁRAÐU JÓLAINNKAUPIN Í NOTALEGRI JÓLASTEMNINGU

FIMMTUDAGUR 19. DESEMBER

Kl. 16	Skólahljómsveit Kópavogs
Kl. 17	Jólasveinar bregða á leik
Kl. 20^{30}	3 raddir og Beatur

SMÁRALIND
Góða skemmtun

OPIÐ FRAM AÐ JÓLUM: 11-22 ÞORLÁKSMESSA: 11-23 AÐFANGADAGUR: 10-13 WWW.SMARALIND.IS FINNDU OKKUR Á facebook

Yfirlýsing frá geislavörnum:

Geislun farsíma ekki skaðleg

HEILSA Geislun farsíma og annars sendibúnaðar er ekki skaðleg, segja norrænar geislavarnastofnanir.

Í sameiginlegri yfirlýsingu er vísað í samanteknar rannsóknir sem birst hafa í vísindaritum til þessa. Þær sýna ekki skaðleg áhrif frá rafsegulgeislun við þráðlaus samskipti, sem eru neðan við þau viðmiðunarmörk sem tekin hafa verið upp á Norðurlöndum. Þetta á meðal annars við um geislun frá farsímum, farsímamöstrum og staðarnetum (WiFi, WLAN). - shá

Heilbrigðisráðherra segir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins ekki geta dregið sig út úr samningi:

Hafnar aukagreiðslu fyrir sjúkraflutninga

HEILBRIGÐISMÁL Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra segir velferðarráðuneytið ekki munu greiða 516 milljóna króna reikning fyrir sjúkraflutninga frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

Slökkviliðið sendi ráðuneytinu greiðsluáskorun þar sem ekki hafi verið staðið við „samkomulagsgrundvöll“ frá í febrúar. Sjúkraflutningunum hafi verið sinnt í nær tvö ár án þess að samningur væri í gildi.

Ráðherra svarar því til að unnið hafi verið eftir samningi sem rann út í árslok 2011 og að greiðslur hafi verið í samræmi við hann. „Ráðuneytið hefur aldrei fallist á greiðslur umfram það. SHS getur ekki ákveðið hækkun greiðslna einhliða,“ segir hann.

Auk kröfunnar á ríkið sendi slökkviliðið Sjúkratryggingum Íslands um 432 milljóna króna reikning.

Þá hafði slökkviliðið tilkynnt að hafin væru verklok á samningnum og uppsagnir á sjúkraflutningamönnum að hefjast. Heilbrigðisráðherra segir bæði ráðuneytið sem verkkaupa og slökkviliðið sem verksala þurfa að standa að slíkum verklokum.

„Verksali getur því hvorki ákveðið einhliða að verklok séu hafin né hvenær þeim skuli ljúka,“ segir ráðherra sem kveður ráðuneytið reiðubúið til viðræðna um áætlun um verklok ef ekki semst um framhald þjónustunnar. - gar

KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON Heilbrigðisráðherra segir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins ekki geta hætt sjúkraflutningum án samstarfs við ríkið.

Superkaup.is

I-Helicopter
Stjórnað með iPhone, iPad, iPod touch

Myndavélar
Minniskort Minnislyklar

Sendum samdægurs. 2 ára ábyrgð.
Sendingarkostnaður innifalinn. Borgarís ehf S:5646700

MALBIKAÐ VIÐ GRENSÁSVEG Svifryk fór átta sinnum yfir heilsuverndarmörk við Grensásveg í fyrra en þó aðeins tvisvar vegna umferðar segir samgöngustjóri Reykjavíkurborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Steyptar götur hljóta dræmar undirtektir

Samgöngustjóri Reykjavíkur segir malbik hafa yfirhöndina gagnvart steypu við gatnagerð í borginni. Þetta segir í umsögn vegna tillögu sjálfstæðismanna um að steypa götur með mikinn umferðarþunga til að auka öyggi og draga úr svifryki.

FRAMKVÆMDIR „Tilraunakaflar sem gerðir hafa verið hafa flestir eða allir misheppnast að einhverju leyti,“ segir Ólafur Björnsson, samgöngustjóri Reykjavíkurborgar, í umsögn vegna tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um að steinsteypa götur þar sem umferðarþungi er mikill.

„Áætlað er að um tíu þúsund tonn af malbiki slitni árlega vegna notkunar nagladekkja í borginni og endar hluti þess slits sem svifryk í andrúmslofti. Talið er að minnstu agnir af þessu ryki séu hættulegar heilsu fólks,“ segir í greinargerð með tillögu sjálfstæðismanna.

„Steinsteyptar götur slitna til muna hægar undan umferðarálagi og rannsóknir benda til að við slit þess leysist mun minna svifryk úr læðingi en við akstur á malbikuðum götum. Slitmælingar á Íslandi hafa leitt í ljós að steypt slitlög slitni um það bil helmingi hægar en slitsterk malbikslög og séu því góður kostur við gatnagerð, að minnsta kosti á umferðarþungum götum,“ segja sjálfstæðismenn og bæta við að holótt malbik valdi skemmdum á bílum og skapi slysahættu.

„Ljóst er að stofnkostnaður steypulagnar er hærri en malbiks. Á móti kemur að steypa endist mun lengur og því er líklegra að notkun hennar sé mun hagkvæmari til lengri tíma litið en malbiks.“

Samgöngustjóri bendir á að áður hafi komi fram sams konar hugmyndir. „Notkun á innlendu efni var ein ástæðan á meðan sement var framleitt á Akranesi,“ segir Ólafur og vísar til skýrslu frá árinu 2009. „Raunhæf dæmi sem tekin eru í umræddri skýrslu eru malbiki í hag.“

Ólafur kveður umhverfisþætti eins og hávaða eða svifryk ekki hafa verið tekna inn í kostnaðarsamanburð. „Varðandi slitþol sýnir nýgerð rannsókn hér á landi að þáttur malbiks í svifryki mælist nú 15 prósent á móti 55 prósent fyrir tíu árum,“ segir samgöngustjóri og nefnir að á árinu 2012 hafi svifryk farið átta sinnum yfir heilsuverndarmörk á mælistöð við Grensásveg. „Einungis tvö skipti voru rakin til umferðar.“

„Raunhæf dæmi sem tekin eru í umræddri skýrslu eru malbiki í hag.
Ólafur Björnsson, samgöngustjóri Reykjavíkurborgar

Þá segir samgöngustjóri gerð slitlags skipta minna máli gagnvart mengun en áður. Hávaði og sót frá umferðinni sjálfri vegi þyngra.

„Meta þarf vandlega ávinning og áhættu og gera tilraunir áður en ráðist er í að leggja steypt slitlög á götur í Reykjavík,“ segir í umsögn samgöngustjóra sem umferðar- og skipulagsráð samþykkti.

gar@frettabladid.is

Fallegar jólagjafir
- okkar hönnun og smíði

JÓN & ÓSKAR

jonogoskar.is | Sími 5524910 | Laugavegi 61 | Kringlan | Smáralind

HIN FULLKOMNA JÓLAGJÖF
– Gefðu upplifun í öskju

Eymundsson Bóksali frá 1872
HAGKAUP Ein fyrir betra verð
Óskaskrín
Opna – Velja – Njóta

sími 577 5600 info@oskaskrin.is www.oskaskrin.is

Lögreglu var tilkynnt um 276 þjófnaði á höfuðborgarsvæðinu í nóvember:

Þjófnaðir ekki færri í eitt ár

LÖGREGLUMÁL Tilkynnt var um 276 þjófnaði á höfuðborgarsvæðinu í nóvember, sem er fækkun þriðja mánuðinn í röð og jafnframt minnsti fjöldi þjófnaða síðustu tólf mánuði. Þetta kemur fram í afbrotatölfræði lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sem var birt í gær.

Tilkynningum um þjófnaði á farsímum, eldsneyti og skráningarmerkjum fjölgaði nokkuð en á sama tíma fækkaði reiðhjólaþjófnuðum, innbrotum og þjófnuðum á ökutækjum. Tilkynningar um reiðhjólaþjófnaði hafa ekki verið færri í einum mánuði síðan í desember 2011.

Alls var tilkynnt um 57 innbrot í nóvember sem er svipaður fjöldi og síðustu tvo mánuði. Innbrotum í ökutæki og fyrirtæki fækkaði á sama tíma og innbrotum á heimili fjölgaði nokkuð. Tilkynningum um eignaspjöll fækkaði verulega á milli mánaða og voru 77 talsins í nóvember. Skráð voru 69 ofbeldisbrot á höfuðborgarsvæðinu í nóvember sem er fækkun frá síðasta mánuði. Á sama tíma fjölgaði tilkynningum um ofbeldisbrot í miðborginni.

69 Skráð ofbeldisbrot á höfuðborgarsvæðinu í nóvember.

Skráðir hafa verið 3.887 þjófnaðir það sem af er árinu 2013, 801 innbrot, 1.149 eignaspjöll og 691 ofbeldisbrot. Umferðarslys eru 352 talsins. - fb

INNBROT Innbrotum í ökutæki og fyrirtæki fækkaði á sama tíma og innbrotum á heimili fjölgaði nokkuð.

JÓLAVÖRUÚTSALA

GILDIR 19.12 - 24.12

OPIÐ TIL KL. 22:00 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA!

ÖLL JÓLAVARA

20-90%

AFSLÁTTUR

48% AFSLÁTTUR

3 STK. FULLT VERÐ: 379

199

JÓLAGLÖS
3 stk. í pakka.
Vnr. YE7200210

88% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 3.995

499

LJÓSASKREYTING
Glæsileg stjarna/krans með LED ljósum. Vnr. AX930031

KERTA-STJAKAHÚS
Stærð: B14 x L17 x H24 sm.
Vnr. 6027600

67% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 2.995

995

GOTT VERÐ!

JÓLA-SERVÍETTUR
20 stk. í pakka.
Vnr. 74630

VERÐ FRÁ:

99

3 FYRIR 2

3 STK. FULLT VERÐ: 1.497

998

STÓR JÓLABOLLI
2 gerðir fáanlegar.
Hæð: 15 sm.
Vnr. 34821002

20% AFSLÁTTUR

SPRUCIA GERVIJÓLATRÉ
Hæð: 180 sm.
Vnr. 6023000

FULLT VERÐ: 3.995

3.195

46% AFSLÁTTUR

NISSI JÓLATRÉS-PRIK
Hæð: 72 sm.
Vnr. 45001262

1 STK. FULLT VERÐ: 1.295

695

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL

JÓLA-VAXDÚKAR
Vnr. 502-13-1001, 44647140, 4450721, 4450398

ÁÐUR ALLT AÐ: 1.695

499

60% AFSLÁTTUR

SANTA KERTASTJAKI
Hæð: 14 sm.
Vnr. 554998200

FULLT VERÐ: 1.495

499

50% AFSLÁTTUR

LED RAFHLÖÐUSERÍA
Með 15 ljósum. Vnr. 40791001

FULLT VERÐ: 1.495

995

60% AFSLÁTTUR

LONYO DÚKUR
Stærð: 85 x 85 sm. Vnr. 1005-13-1129

FULLT VERÐ: 2.495

995

JÓLAARINN
Flottur jólaarinn með ljósi.
Vnr. AAA506310

FULLT VERÐ: 7.995

2.995

63% AFSLÁTTUR

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

LJÓSASTRÝTA OG STJARNA
Með LED ljósum á frábæru verði!
Strýta hæð: 45 sm.
3.995 nú **995**
Strýta hæð: 60 sm.
4.995 nú **1.995**
Stjarna með 20 LED ljósum **5.995** nú **1.995**
Vnr. AXZ00300, AXZ003020

NÚ VERÐ FRÁ:

995

NÝ NÁMSKEIÐ!

Velkomin í núið

– frá streitu til sáttar

Byggt á Mindfulness-based Cognitive Therapy sem tvinnar saman aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar og sálfræði austrænnar visku.

Gefðu nærandi jólagjöf

Námskeiðið er í 8 vikur á Hilton Reykjavík Nordica

15. og 28. janúar

frá kl. 17.30 til 19.15

Innifalið er geisladiskur með æfingum og handbók

Skráning hjá Nordica Spa í síma 444 5090 og á www.nordicaspa.is

Verð: 49.000 kr.

Meðlimir Nordica Spa fá 10% afslátt

Innifalið 1 vika ókeypis aðgangur í alla opna tíma Nordica Spa, gufu og heita potta

NORDICA SPA & GYM

Leiðbeinendur verða sálfræðingarnir Guðbjörg Daníelsdóttir, Herdís Finnbogadóttir og Margrét Bárðardóttir.

„LEIFTRANDI FJÖRUG KRAKKASAGA“

DÓMNEFND FJÖRUVERÐLAUNANNA

★★★★

„AFAR VEL HEPPNUÐ OG SPENNANDI BÓK ...“

HÞÓ / FRÉTTABLAÐIÐ

„SIGRÚN ER HÉR Í FANTAFORMI ...“

HB / SPASSIAN.IS

FJÖRU VERÐLAUNIN Tilnefning

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN Tilnefning

Strokubörnin á Skuggaskeri

Sigrún Eldjárn

9+

2. prentun komin

MÁL OG MENNING

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

➜ Langar að vera hjá börnunum

ANNA KRISTINSDÓTTIR

„Ég kem í Dagsetrið daglega því ég á engan samastað eftir að ég féll. Ég var búin að vera um tíma í Krýsuvík en féll í bæjarleyfi. Á nóttunni er ég í Konukoti,“ segir Anna Kristinsdóttir.

„Það er yndislegt að vera í Konukoti. Eini gallinn er að maður þarf að vakna á morgnana og fara út. Þá koma borgarverðirnir til aðstoðar og keyra mann í Dagsetrið. Það er þvílíkur munur að fá far út á Eyjaslóð í staðinn fyrir að þurfa að ganga eða koma sér á einhvern annan hátt.“

Anna á fjögur börn og sex barnabörn. „Mig langar að vera hjá börnunum mínum um jólin en ég veit ekki hvort þau geta eða vilja hafa mig. Ef ég ætti eina ósk þá er hún sú að vera hjá þeim. Annars verð ég í Konukoti.“

➜ Veit ekki hvar ég verð um jól

BERGÞÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR

„Það er gott að vera í Konukoti, gallinn er bara að þurfa að fara út á morgnana og fá ekki að vera yfir daginn. Ég myndi vilja fá að sofa út á morgnana, það getur verið erfitt að vakna snemma yfir háveturinn,“ segir Bergþóra Guðmundsdóttir.

„Ég var í Krýsuvík og féll þegar ég fór í bæinn. Þá fór ég að koma hingað og er hér flesta daga. Stundum liggur maður bara fyrir allan daginn og reynir að sofa til að láta tímann líða. Það er alger lúxus að hafa sérherbergi fyrir konur hérna í Dagsetrinu. Það er sérstaklega gott þá daga sem kvíðinn læðist að manni. Ég veit ekki hvar ég ætla að vera um jólin. Það kemur bara í ljós þegar þar að kemur,“ segir Bergþóra.

Í DAGSETRINU Þessir karlar dormuðu í Dagsetrinu á Eyjaslóð. Þeir sögðust flestir fá inni í gistiskýlinu við Þingholtsstræti. Ef fullt er þar leita þeir á náðir lögreglu eða fara á Umferðarmiðstöðina. Þar væri hins vegar kalt. Rannvá Olsen hjá Dagsetrinu segir að margir vilji gefa þeim sem lítið hafa. Heimilið vanti þó einna helst peninga til að geta keypt stóran kæli- og frystiskáp.

JÓLAGJAFIRNAR BÍÐA Kristín Helga Guðmundsdóttir hjá Konukoti segir að allar konur sem eru þar um jólin fái bók, konfekt og fatnað. Gestir Konukots geta gengið að hreinu rúmi, kvöldmat og morgunverði. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Búið að baka og skreyta fyrir jólin

Margir leggja hönd á plóg til að gera jólin sem hátíðlegust fyrir þá sem eru heimilislausir. Jólagjafir berast frá einstaklingum og fyrirtækjum. Í Konukoti og á Dagsetrinu við Eyjaslóð svífur yfir jólaandi. Starfsmenn og gestir hlakkar til.

FÓLK „Það á engin heima í Konukoti en þrátt fyrir það viljum við hafa andrúmsloftið heimilislegt.Hér umgöngumst við alla af virðingu,“ segir Kristín Helga Guðmundsdóttir, verkefnisstýra hjá Rauða krossinum í Reykjavík.

Það er hlýlegt um að litast í Konukoti. Búið að gera jólahreingerninguna, skreyta og baka. Bara eftir að setja upp jólatréð, svo er nánast allt klárt.

Á aðfangadag kemur matreiðslumaður og eldar hamborgarhrygg og í eftirrétt er heimagerður ís. Enn er ekki ljóst hvað verður í forrétt, hin síðari ár hefur einhver gjafmildur birst, með forréttinn.

Eitt sinn kom maður færandi hendi með graflax, árið eftir birtist flugmaður á tröppunum á aðfangadag með fínar kæfur og ýmislegt annað góðgæti. Hver forrétturinn verður í ár á eftir að koma í ljós, það fer eftir gefandanum. Á jóladag fá svo konurnar í Konukoti hangikjöt.

„Nú erum við að ljúka við að pakka inn jólagjöfum. Allar konur sem hér eru á aðfangadagskvöld fá nýútgefna bók, konfekt og einhverja nýja flík svo enginn fari í jólaköttinn. Svo slæðist eitthvað fleira með, til dæmis snyrtivörur eða eitthvað sem kemur konunum að gagni. Við merkjum pakkana hins vegar ekki fyrr en á aðfangadag þegar við vitum hvaða konur verða hjá okkur,“ segir Kristín.

Jólahaldið í Konukoti er með hefðbundnum hætti. Það er hlustað á jólamessuna í útvarpinu, borðað og pakkarnir teknir upp.

Konukot er neyðarathvarf fyrir konur og þar eru rúm fyrir átta. Þar er opið frá fimm á daginn en konurnar verða að vera farnar út fyrir klukkan ellefu á morgnana. Engum er vísað frá þótt búið sé að fylla í öll rúm heldur er fundið pláss, Konukot er einn af þessum stöðum þar sem alltaf er pláss.

Það er Rauði krossinn í Reykjavík sem rekur staðinn með styrk frá Reykjavíkurborg. Innanstokksmunir og flest annað er annaðhvort keypt fyrir gjafafé eða hefur verið gefið af einstaklingum og fyrirtækjum.

Hjálpræðisherinn rekur Dagsetrið á Eyjaslóð. Þar er athvarf fyrir þá sem eru heimilislausir og glíma við vímuefna- og áfengisvanda. Þar er opið alla daga á milli klukkan tíu og fimm.

Það er búið að skreyta á Eyjaslóðinni og menn í óðaönn að undirbúa jólin. Þar er hlýlegur setkrókur, matsalur, herbergi þar sem þrjár konur geta lagt sig og annað herbergi fyrir karla. Ef fleiri vilja leggja sig yfir daginn en pláss er fyrir í herbergjunum geta þeir fleygt sér upp í sófa og dormað þar.

Gestirnir geta farið í sturtu og þvegið föt sín og þeir fá heitan mat í hádeginu og miðdegiskaffi. Vilji menn vinna þá geta þeir fengið að taka að sér ýmis störf og fá greitt fyrir.

Í kjallaranum er til að mynda verið að gera við og pússa upp gömul húsgögn, á efri hæðinni er verið að flokka föt svo eitthvað sé nefnt. Líkt og í Konukoti eru innanstokksmunir gjafir frá einstaklingum og fyrirtækjum auk þess sem Hjálpræðisherinn leggur heimilinu til fjármuni og borgin styrkir starfsemina.

Rannvá Olsen hjá Hjálpræðishernum ræður ríkjum á Dagsetrinu.

„Það verður opið um jólin hjá okkur eins og aðra daga. Hingað koma sjálfboðaliðar og hjálpa til. Hér verður bakað og búið til kakó. Líkt og aðrir gerum við okkur dagamun í mat og drykk. Hér verður bæði boðið upp á hangikjöt og steikur um hátíðarnar. Og allir sem hingað koma fá jólagjafir,“ segir Rannvá.

Rannvá segir að margir vilji leggja hönd á plóg. Hún segir þó að það sem heimilið vanti helst séu peningar. „Það er ýmislegt sem okkur vantar, til dæmis háf í eldhúsið og góða kæli- og frystiskápa,“ segir hún.

johanna@frettabladid.is

GLERFÍNAR JÓLAGJAFIR Í HÖLLINNI

BODUM PRESSUKÖNNUR.
4 bolla **Jólatilboð kr. 6.490** 8 bolla **Jólatilboð kr. 7.490**

BODUM HOT POT SETT
Fullt verð kr. 6.990 **Jólatilboð kr. 4.990**

L'ORO SKÁLAR, GLÖS, KÖKUDISKAR OG KÚPLAR. Með 24 karata gulli.

Hnífar fylgja ekki

BODUM HNÍFASTANDUR
Fullt verð kr. 9.990 **Jólatilboð kr. 6.990**

BODUM TEKETILL MEÐ HITARA.
Fullt verð kr. 14.990 **Jólatilboð kr. 11.990**

VIDIVI EUFORIA GLÖS
6 stk. 29 cl. **Jólatilboð kr. 7.990**

VIDIVI VASAR
Hæð 24 cm.
Jólatilboð kr. 4.472

20% AFSLÁTTUR AF VIDIVI GLERVÖRU

VIDIVI EUFORIA SKÁLAR
6 stk. **Jólatilboð kr. 11.920**

MORRISON borðstofuborð. B:100 L:200 H:73 cm. stækkanlegt í 358 cm með þremur stækkunum sem fylgja. Gegnheil sápu- eða olíuborin eik.

399.990
GEGNHEIL EIK

UMBRIA tungusófi**.** Stærð: 245x163 cm H 78 cm. Slitsterkt áklæði í mörgum litum.

Umbria sófar eru fáanlegir í ótal útfærslum. 2ja og 3ja sæta, hornsófar með og án tungu. Þeir eru fáanlegir bæði í ákæði og leðri og mörgum litum. Hnakkapúðar ekki innifaldir í verði.

209.990
FULLT VERÐ: 249.990

OPIÐ TIL 22^{00} TIL JÓLA

HAVANA
Hægindastóll. Olívugrænt, grátt, orange, ljóst ákæði.

69.990
FULLT VERÐ: 79.990

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

GYRO
Hægindastóll. Hvítt, rautt eða svart leður.

149.990
FULLT VERÐ: 169.990

ÁSTAND HEIMSINS

SENUÞJÓFUR Pessi spræki mávur skaust beint í veg fyrir linsu ljósmyndarans þar sem Frans páfi ávarpaði mannfjöldann á Péturstorgi í Róm.
NORDICPHOTOS/AFP

FENGU SÉR SNÚNING Þessir sprækú dansarar komu fram í Istanbúl í Tyrklandi í gær. Þeir eru hluti af reglu súfista, sem eru múslimar sem leggja áherslu á umburðarlyndi og leit að skilningi. Snúningsdansinn sem þeir iðka hér er eins konar bæn.

LÉTTIR Á ÞVÍ Þessir hressu gluggaþvottamenn í Tókýó klæddust búningum í tilefni þess að ár nöðrunnar er senn á enda og ár hestsins tekur við. Þeir eru hér í um 55 metra hæð yfir jörðu utan á hóteli einu sem stóð fyrir ýmsum uppákomum í tilefni áramótanna.

SVALANDI Sjíamúslimar í pílagrímsferð milli Najaf og Karbala í Írak fengu svalandi vatn á leiðinni. Þeir eru að halda Arbaeen-hátíðina heilaga, en á hún fer fram á 40. degi eftir Ashura og er til minningar um morðið á Imam Hussein, barnabarni Múhameðs spámanns, á sjöundu öld.

STUND MILLI STRÍÐA Mótmælendur í Kíev í Úkraínu hvílast hér við eitt götuvígið sem hlaðið hefur verið í átökunum milli Evrópusinna og stjórnvalda. Forsætisráðherra landsins varði í gær ákvörðun um að semja við Rússa um efnahagsaðstoð. Margir telja að þrýstingur frá Rússum hafi orðið til þess að stjórnvöld hættu við að undirrita víðtækan samstarfssamning við Evrópusambandið í síðasta mánuði.

VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

IBTGAAI5502

TOPPLYKLASETT 55 STK.

Toppar 1/2" 10 - 32 mm
Djúpir toppar
Bitatoppar
Sterk plasttaska

14.900 m/vsk
Fullt verð 21.520

Opnunartími um jólin

20. desember 8:00 - 20:00
21. desember 11:00 - 16:00
22. desember 12:00 - 16:00
23. desember 08:00 - 20:00
24. desember 08:00 - 12:00

IBTGCAI106B

VERKFÆRASETT 106 STK.

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32mm
Fastir lyklar 6 - 22mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

18.900 m/vsk
Fullt verð 32.884

IBTGCAI130B

VERKFÆRASETT 130 STK.

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
fastir lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

24.900 m/vsk
Fullt verð 37.900

IBTGAAI0605

SKÓTÖNG

5 stk skiptanlegir
kjaftar fylgja með

9.900 m/vsk
Fullt verð 15.535

IBTGCAI3501

TOPPLYKLASETT 35 STK.

Toppar 3/8" 6 - 22 og 1/4 - 7/8"
Kertatoppar
Sterk plasttaska

13.300 m/vsk
Frábært verð

FASTLYKLASETT
12 stk.
4.390 m/vsk

TOPPLYKLASETT
35 stk.
11.900 m/vsk

SNITTSETT
40 stk.
9.900 m/vsk

283 STK - VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM

7 Skúffur
1/4", 3/8" og 1/2" topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og skrúfjárn,
djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfuguggasett, slaghamar,
splittatangir, tangir, bitar og fl.
Sterkur vagn með lás

179.900 m/vsk
Okkar besta verð



TOPTUL®

www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

Harðir pakkar

iPad mini
Verð frá: **54.990.-**

Apple TV

Jólatilboð:
Verð: **17.990.-**
Fullt verð: 22.990.-

Skullcandy Navigator
Ekki bara góður hljómur, heldur líka flott.
Nokkrir litir
Verð: 16.990.-

Skullcandy Crusher
Góð lokuð heyrnartól, með tærum hljóm og góðum bassa.
Nokkrir litir
Verð: 16.990.-

Skullcandy Fix
Fix Inear heyrnartólin bjóða upp á sterkan bassa, náttúrulegar raddir og nákvæma háa tóna.
Verð: 9.990.-

FitBit Flex
Hreyfingaskynjari
Þinn eigin einkaþjálfari.
Verð: 19.990.-

JBL Flip 2 (bluetooth)
Þráðlaus hátalari, nokkrir litir.
Nokkrir litir
Verð: 24.990.-

JBL OnBeat Micro hátalari og hleðslu kví.
Lightning tengi.
Verð: 9.990.-

iHome hátalari/útvarp
Þráðlaus hátalari. (bluetooth)
Verð: 24.990.-

iHome hátalari (bluetooth)
Þráðlausir hátalari, 5 litir.
Verð frá: 9.990.-

Tiggly Shapes
Þroskaleikfang fyrir yngstu iPad notendurna.
Verð: 5.990.-

Griffin KaZoo MyPhones Frog
Heyrnartólin eru með innbyggðri hljóð-stillingu til að vernda heyrn barnanna.
Verð: 6.990.-

Olloclip iPhone linsa- 3 í einni
Fisheye, víðlinsa eða Macro. Virkar með öllum uppáhalds Öppunum þínum.
Verð: 11.990.-

Metsölubók epli.is
Bók sem enginn iPad notandi ætti að láta fram hjá sér fara.
Verð: 4.490.-

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. *Par af lántökugjald 4.032 kr. og þóknun sem nemur 330 kr. á hverja greiðslu.
**Jólatilboð gildir til 24. des eða á meðan birgðir endast.

MacBook Air

Allt að
12 klst
Rafhlöðuending

Jólatilboð:
Verð frá: **169.990.-****

iPhone 5s 16GB

Verð: **109.890.-**
Eða: **7.020.- á mán.**
Miðað við vaxtalausa greiðsludreifingu í 18 mánuði.*

VISA MasterCard

Smáralind
Opið 11-22 | Þorláksmessa 11-23 | Aðfangadagur 11-13

epli.is

Laugavegi 182
Fim-fös 10-18 | Lau 10-22 | Sun 11-16
Þorláksmessa 10-21 | Aðfangadagur 10-12

Hinn alræmdi Ronnie Biggs allur

Ronnie Biggs eyddi 35 árum á flótta undan réttvísinni fyrir þátttöku sína í lestarráninu mikla árið 1963. Hann fékk um síðir nóg af flóttamannalífinu og flutti heim til Bretlands árið 2001. Hann upplifði sig sem alþýðuhetju og var giska áttur við arfleifð sína þegar yfir lauk.

1949 Biggs kemst fyrst í klandur þegar hann er rekinn úr flughernum með skömm, tvítugur að aldri, fyrir liðhlaup, eftir að hann var staðinn að innbroti í apótek. Stuttu síðar hlaut hann fangelsisdóm fyrir bílþjófnað. Eftir að hann losnaði var hann handtekinn fyrir tilraun til að ræna veðmangsbúllu og var fleygt aftur í steininn þar sem hann kynntist Bruce Reynolds sem átti eftir að verða afdrifaríkt.

1963 Eftir að hafa reynt að halda sig á beinu brautinni, stofnað fjölskyldu og eignast tvo syni, tók hann tilboði Reynolds um að taka þátt í því að ræna lest. Ránið var framið í ágúst það ár þar sem Biggs og Reynolds ásamt þrettán öðrum mönnum rændu póstlest sem var á leið frá Glasgow til Lundúna.

Ræningjarnir komust á brott með 2,6 milljónir punda, sem að núvirði gæti jafngilt meira en átta milljörðum íslenskra króna.

Flestir ræningjarnir náðust innan tíðar. Reynolds sjálfur slapp til Mexíkó og náðist ekki fyrr en árið 1968 eftir að hann sneri aftur til Bretlands. Biggs var handtekinn 4. september og hlaut 30 ára dóm líkt og flestir hinir ræningjarnir.

1965 Biggs sleppur úr fangelsi eftir að hafa afplánað fimmtán mánuði af dómnum. Hann var í hópi fjögurra fanga sem klifu yfir tíu metra háan vegg og flúðu á sendiferðabíl sem beið þar fyrir utan. Biggs flúði fyrst til Brussel en þaðan fór hann með konu sinni og sonum til Parísar þar sem hann gekkst undir lýtaaðgerðir til að breyta útliti sínu og fékk fölsuð skilríki.

1966 Biggs flýr til Ástralíu þar sem hann flyst milli staða í nokkur ár.

1970 Biggs kemst sjóleiðis til Brasilíu, sem var ekki með framsalssamning við Bretland. Þar sér hann sér farboða með því að bjóða ferðamönnum upp á að hlýða á hann segja söguna af hans þætti í lestarráninu mikla. Auk þess seldi hann ýmsan varning, til dæmis boli og kaffibolla, tengdan nafni sínu.

1978 Biggs tekur upp lagið No One Is Innocent með pönksveitinni Sex Pistols.

1980 Biggs syngur tvö lög í myndinni The Great Rock ´N´Roll Swindle, sem segir sögu Sex Pistols.

1981 Hópur breskra manna nemur Biggs á brott frá Brasilíu. Þeir ætluðu að koma honum heim til Bretlands og fá verðlaun fyrir. Bátur þeirra bilar hins vegar við Barbadoseyjar og Biggs er flogið aftur til Brasilíu.

1991 Biggs syngur inn á tvö lög með þýsku pönksveitinni Die Toten Hosen. Tveimur árum síðar endurtekur hann leikinn með argentínskri sveit að nafni Pilsen.

1994 Biggs gefur út sjálfsævisögu sína, Odd Man Out.

1997 Bretland og Brasilía gera með sér framsalssamning og í framhaldinu er þess krafist að Biggs sé framseldur. Brasilía hafnar framsali og er honum því leyft að dvelja þar í landi án þess að þurfa að óttast framsal.

2001 Eftir að heilsu hans hafði hrakað mikið lýsir Biggs því yfir í viðtali við götublaðið The Sun að hann vilji gjarna snúa aftur til Bretlands, sem hann og gerði síðar sama ár.

2006

2009 Biggs er sleppt úr fangelsi af mannúðarástæðum þar sem hann er orðinn mjög heilsuveill. Hann gat þá hvorki gengið né talað og bjó eftir það á hjúkrunarheimili.

2013 Ronnie Biggs skilur við 84ra ára að aldri.

➜ Sá ekki eftir neinu

Ronnie Biggs, einn af alræmdustu glæpamönnum í sögu Bretlands, lést í gær 85 ára að aldri. Biggs var einn af ræningjunum í lestarráninu mikla árið 1963 og öðlaðist frægð fyrir að brjótast út úr fangelsi og vera í hálfan fjórða áratug á flótta undan réttvísinni.

Biggs var þó lítið annað en smákrimmi sem þvældist af tilviljun inn í hópinn sem rændi 2,6 milljónum punda úr póstlest sem var á leið frá Glasgow til Lundúna.

Alla sína tíð gekkst Biggs upp í ímynd sinni sem eins konar alþýðuhetja og eftir að ránsfengurinn var uppurinn hafði hann meðal annars tekjur af því að bjóða ferðamönnum heim til sín og segja þeim sögu sína.

Undir lokin sá Biggs ekki eftir neinu og var stoltur af þátttöku sinni í ráninu. „Pabbi sagðist alltaf hafa trú á því að eitthvað yrði úr mér og á einhvern hátt held ég að ég hafi náð því. Ég varð að minnsta kosti alræmdur.“

jura

ENA MICRO 9 ONE TOUCH

Fékk hæstu einkun hjá þýsku neytendasamtökunum en 14 vélar voru prófaðar. Hægt að velja um kaffi, espresso, latte macchiato, cappuccino eða heitt vatn í te með því að þrýsta á einn hnapp.

Líttu við hjá Eirvík og kynntu þér ENA 1 eða ENA 9 OneTouch með Aroma+ og við bjóðum þér í kaffi.

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Ofbeldisverkum haldið áfram í Suður-Súdan

Í FLÓTTAMANNABÚÐUM SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Í JUBA Upplýsingaráðherra Suður-Súdans segir að 500 manns hið minnsta, að megninu til hermenn, hafi látið lífið í átökum sem hófust í kjölfar þess sem stjórnvöld nefna tilraun til valdaráns á sunnudag. Micheal Makuei Lueth sagði við fréttamann frá fréttaveitu AP að sumir hafi verið drepnir á víðavangi í grennd við Juba og vitnaði þar í skýrslu varnarmálaráðuneytisins. Þá eru allt að 700 manns sagðir sárir eftir átökin. Hóparnir sem takast einna helst á eru hermenn hliðhollir Salva Kiir forseta og hermenn sem fylgja Riek Machar, fyrrverandi varaforseta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



MIÐBORGIN OKKAR BÝÐUR ÞÉR HEIM

Jólastundir í jólaborg

Jólabærinn á Ingólfstorgi opinn frá kl. 12–22

HÁTÍÐARDAGSKRÁ VÍÐA UM BORG ALLA HELGINA

21.
laugardagur

Skólatorg

14:30 Jólatríó Hörpu
15:30 Borgarkórinn
16:30 Borgarkórinn

Ingólfstorg

14:00 Jólatríó Hörpu
15:00 Borgarkórinn
15:30 Jólatríó Hörpu
17:00 Borgarkórinn

Verslanir opnar til kl. 22

Kjörgarður

15:00 Jólatríó Hörpu
16:00 Borgarkórinn

22.
sunnudagur

Skólatorg

15:00 Borgarkórinn
15:30 Stúlknakórinn Graduale Futuri
16:30 Borgarkórinn
17:30 Sönghópurinn Spectrum
18:30 Sönghópurinn Spectrum
19:00 Jólatríó Hörpu

Taktu þátt í leitinni að jólavættunum!

Ingólfstorg

15:00 Stúlknakórinn Graduale Futuri
16:00 Borgarkórinn
16:30 Stúlknakórinn Graduale Futuri
17:00 Sönghópurinn Spectrum
18:00 Jólatríó Hörpu
19:00 Sönghópurinn Spectrum
19:30 Jólatríó Hörpu

Kjörgarður

15:30 Borgarkórinn
16:00 Stúlknakórinn Graduale Futuri
18:00 Sönghópurinn Spectrum
18:30 Jólatríó Hörpu

WWW.MIDBORGIN.IS

GJAFAKORT MIÐBORGARINNAR

Fáanleg í öllum bókaverslunum miðborgarinnar

MUNIÐ BÍLASTÆÐAHÚSIN

MIÐBORGIN OKKAR

Brandenburg/Teikning: Sól Hrafnsdóttir

Söluverðið 320 milljónir:

Venus seldur til Grænlands

SJÁVARÚTVEGUR HB Grandi hefur selt frystitogarann Venus HF 519. Kaupandinn er grænlenska félagið Northern Seafood ApS. Söluverðið, 320 milljónir króna, greiðist á næstu árum. Markaðsdeild HB Granda annast sölu afurða skipsins, að minnsta kosti þar til það er greitt að fullu.

Venus var smíðaður á Spáni 1973 fyrir Bæjarútgerð Hafnarfjarðar og var í fyrstu gerður út sem ísfisktogarinn Júní. Nýir eigendur ætla að taka nafnið upp aftur. - shá

Vefsíða leikskólans Aðalþings í Kópavogi hefur legið niðri í tíu daga eftir vefárás:

Tölvuþrjótur lokar leikskólasíðu með hakki

TÖLVUR Vefsíða leikskólans Aðalþings í Kópavogi, Adalthing.is, hefur legið niðri í um tíu daga vegna þess að tölvuþrjótur er búinn að hakka sig inn á hana. Guðrún Alda Harðardóttir, sem rekur leikskólann, heldur að þrjóturinn hafi talið að um vefsíðu Alþingis, Althingi.is, hafi verið að ræða.

„Við veltum því fyrir okkur hvaða ástæðu einhver hafi til að hakka síðu einhvers lítils leikskóla á Íslandi," segir Guðrún Alda, aðspurð. „Það hafa verið árásir á síðuna áður en þeim hefur aldrei tekist að tæta hana niður fyrr en núna."

GUÐRÚN ALDA HARÐARDÓTTIR

Guðrún Alda segir árásina bagalega, leikskólakennarar og foreldrar finni verulega fyrir henni. „Við notum síðuna mikið sem upplýsingatæki. Þarna erum við með alls konar kannanir á meðal foreldra og upplýsingar. Margir hafa kvartað bæði innanlands og erlendis og bent okkur á að síðan liggi niðri."

Að sögn Guðrúnar Öldu þykir mörgum erlendum gestum nafnið Aðalþing merkilegt en skólinn heitir eftir götunni þar sem hann stendur að Vatnsenda. „Við vinnum mikið með lýðræði og það er ekki leiðinlegra að heita svona fínu nafni."

Engar deildir eru í skólanum heldur þing og yfirmenn þeirra kalla sig þingforseta. - fb

Í HÁDEGISMAT Krakkarnir í leikskólanum Aðalþingi í hádegismat. Vefsíða leikskólans liggur niðri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KÆRLEIKSKÚLAN

HUGVEKJA

Sölutímabil 5. – 19. desember

Casa - Kringlunni og Skeifunni
Epal - Skeifunni, Hörpu og Leifsstöð
Gallerí i8 – Tryggvagötu
Hafnarborg - Hafnarfirði
Kokka - Laugavegi
Kraum - Aðalstræti og Garðatorgi
Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhúsinu
Líf og list - Smáralind
Módern - Hlíðarsmára
Þjóðminjasafnið - Suðurgötu
Around Iceland – Laugavegi
Blómaval - um allt land
Blóma- og gjafabúðin - Sauðárkróki
Póley - Vestmannaeyjum
Valrós - Akureyri
Netverslun - www.kaerleikskulan.is

Markmiðið með sölu Kærleikskúlunnar er að auðga líf fatlaðra barna og ungmenna og rennur allur ágóði til starfs í þágu þeirra.

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Geta hakkað sig inn í tölvukerfi bíla á ferð

Hægt er að stýra bílum þráðlaust, aftengja bremsur eða drepa á vélum bíla með því að brjótast inn í tölvukerfi þeirra. Augljóst að hægt er að nota þetta til að drepa fólk segir sérfræðingur. Tæknin er enn sem komið er bara á færi sérfræðinga.

BANDARÍKIN, AP Tölvuhakkarar hafa sýnt fram á að hægt er að brjótast inn í tölvukerfi nýlegra bíla þráðlaust og láta þá beygja, bremsa, drepa á sér og margt fleira án þess að ökumaður bílsins fái neitt við ráðið.

Tilgangur hakkaranna er að fá bílaframleiðendur til að gæta að öryggi tölvukerfa bílanna, enda sífelt stærri hluti af virkni bílanna tengdur tölvukerfum þeirra. Í nýlegum bílum eru á bilinu tuttugu til sjötíu samtengdar tölvur. Þær stýra til dæmis bremsum, gírkassa og stýri, en einnig minna mikilvægum hlutum bílsins eins og rúðum, ljósum og rúðuþurrkum.

Í nýlegri skýrslu sem tveir tölvunarfræðingar gáfu út sýna þeir fram á hvernig þeir tóku yfir stjórnina á Toyota Prius og Ford Escape á ferð. Þeir fengu meðal annars styrk frá bandarískum stjórnvöldum til að rannsaka veikleika bíla. Í skýrslunni skýra þeir eingöngu hvernig þeir brutust inn í tölvukerfin í gegnum aðgang sem bifvélavirkjar nota til að tengjast tölvukerfum bílanna, en ekki hvernig hægt er að gera árásir þráðlaust.

„Því tæknivæddari sem bílarnir eru því fleiri tækifæri eru fyrir óprúttna aðila til að nýta sér það," segir Rich Mogull, forstjóri bandarísku öryggisfyrirtækisins Securosis. „Ef það er tölva í tækinu er veikleiki til staðar."

Tölvunarfræðingar hafa sýnt fram á að hægt er að hakka tölvukerfi bíla á ferð, og taka yfir stjórn mikilvægra kerfa í bílnum. „Við hefðum getað aftengt bremsurnar. Við hefðum getað drepið á vélinni. Við hefðum getað nauðhemlað," segir Stefan Savage, tölvunarfræðiprófessor við Kaliforníuháskóla.

Á FERÐ Enn sem komið er er það aðeins á færi sérfræðinga að brjótast þráðlaust inn í tölvukerfi bíla á ferð, en framtíðarsýnin vekur bílaframleiðendum ugg. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bílaþjófar taka tæknina í sína þjónustu

Sú þekking og tækni sem þarf til að hakka sig þráðlaust inn í tölvukerfi bíla á ferð er enn sem komið er á fárra færi, og litlar líkur á því að það verði algengt á næstunni.

Stefan Savage, tölvunarfræðiprófessor við Kaliforníuháskóla, telur líklegra að bílaþjófar nýti sér það að tölvur stýra sífelt meiru í bílum til að auðvelda sér að brjótast inn í bílana og koma þeim í gang. Það sé ekki jafn flókið að opna bíla þráðlaust og gangsetja svo bílinn með því að hakka tölvuna í gegnum aðgang sem bifvélavirkjar nýta sér til að tengjast tölvunni.

„Það er augljóst að það er hægt að nota þessa tækni til að drepa fólk, segir sérfræðingur, framkvæmdastjóri tæknideildar hjá Cyber Consequencer Unit, sem eru samtök sem vinna að netöryggi, í samtali við Reuters-fréttaveituna.

Þessi veikleiki nýlegra bíla vekur bílaframleiðendum ugg, og er fjöldi starfsmanna hjá stærstu bílaframleiðendunum að vinna að því að bæta öryggi tölvukerfa bílanna.

> **„Það er augljóst að það er hægt að nota þessa tækni til að drepa fólk.**
>
> *John Bumgarner hjá Cyber Consequencer Unit*

Ekki hefur enn frést af því að tölvuárásir hafi verið gerðar á bíla af öðrum en þeim sem vinna að því að sýna fram á veikleika bílanna, og þeir telja sjálfir að tæknin sé enn sem komið er ekki á færi annarra en sérfræðinga sem eru tilbúnir að leggja mikla vinnu í verkefnið. brjann@frettabladid.is



GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir
Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453

MMR kannaði matarvenjurnar á aðfangadag:

Flestir fá sér hamborgarhrygg um jól

SKOÐANAKÖNNUN Samkvæmt nýrri skoðanakönnun MMR ætla nú sem endranær flestir að borða hamborgarhrygg á aðfangadag.

Vinsældir hamborgarhryggjarins minnka þó aðeins frá því í fyrra. Af þeim sem tóku afstöðu sögðust 47,5 prósent ætla að borða hrygginn á aðfangadag nú borið saman við 52,1 prósent í fyrra.

Af þeim sem tóku afstöðu sögðust 11,7 prósent ætla að borða kalkún sem aðalrétt á aðfangadag, 10 prósent sögðust ætla að borða annað lambakjöt en hangikjöt, 6,8 prósent sögðust ætla að borða rjúpur, 4,9 prósent sögðust ætla að borða svínakjöt annað en hamborgarhrygg og 19,1 prósent sögðust ætla að borða eitthvað annað en fyrrgreinda kosti.

47,5 prósent ætla að borða hamborgarhrygg á aðfangadag.

Kalkúnn er vinsælli á meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins en íbúa á landsbyggðinni. Af þeim sem tóku afstöðu sögðust 15,3 prósent þeirra sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu ætla að hafa kalkún sem aðalrétt á aðfangadag en einungis 6,1 prósent þeirra sem bjuggu á landsbyggðinni.

Af þeim sem tóku afstöðu og studdu Framsóknarflokkinn sögðust 69 prósent borða hamborgarhrygg á aðfangadag borið saman við 36,3 prósent þeirra sem kváðust styðja Bjarta framtíð. - fb

Snilld

S, C , Air, Mini ... þetta er allt snilld.

iPhone 5S
Snjallasti snjallsíminn frá Apple

109.990 kr

iPhone 5C
Litaglaðir snillingar á góðu verði

89.990 kr

iPad Air
Léttari · Þynnri · Hraðari

frá 89.900 kr

iPad mini
Hann er knár þó hann sé smár

frá 54.900 kr

Macbook Air
128GB 12 tíma rafhlaða

166.900 kr

Apple TV 3
Netflix, Hulu+ m.m.

19.900 kr

Einstakt úrval af aukahlutum fyrir Apple græjurnar þínar.

Opið
mán. - mið. 10-18.30
fim. 10-21
fös. 10-19
lau. 10-18
sun. 13-18

iStore
í Kringlunni

566 8000

istore.is

Góð þjónusta, góð verð og samfélagsleg ábyrgð

Við viljum að þú brosir þegar þú kemur til okkar. Þess vegna bjóðum við góð verð, ljúft viðmót og fagle ga þjónustu. Að auki renna 1000 kr. af hverju seldu tæki í styrktarsjóð sem úthlutar hreyfi- hömluðum börnum iPad í hverjum mánuði.

NAUÐSYN UPPLÝSINGA

„Í lýðræðissamfélagi er nauðsynlegt að til séu þeir sem veita stjórnvöldum aðhald. Það gera til dæmis frjáls félagasamtök og Mannréttindaskrifstofa Íslands, en þau verða að hafa eitthvað til að byggja á.

Margrét Steinarsdóttir um nauðsyn góðra upplýsinga

SÉRÍSLENSK LÖGGJÖF

„Hér á Íslandi lítum við á nauðungarvistanir sem mannréttindamál og þess vegna setjum við þær undir hatt lögræðislaganna en ekki í sérlög um geðsjúka. Það er nokkuð sérstakt í samanburði við löggjöf í nágrannalöndunum.

Sigmundur Sigfússon um lögræðislögin

SKILYRÐIN RÚM

„Skilyrðin til sviptingar eru mjög rúm. Það þarf að vera ótvíræð nauðsyn og einstaklingur svo veikur að hann þarf að vera á sjúkrahúsi, en það getur falið í sér allt frá vanþroska til geðveiki.

Sigurður Páll Pálsson um sjálfræðissviptingar

MANNRÉTTINDABROT

„Ég sló ekki frá mér, en þegar þeir komu með sprautuna kallaði ég: Mannréttindabrot! Mannréttindabrot! Mannréttindabrot!

Sigríður Örnólfsdóttir um þvingaða lyfjagjöf

ÆTTINGJAR Í DÓMSMÁLUM

„Hér erum við með furðulega stöðu þar sem ættingjar eru jafnvel í dómsmálum hver við annan. Þar sem sonur er að kæra móður sína vegna nauðungarvistana. Þegar þetta á fyrst og fremst að vera heilbrigðismál.

Sigursteinn Másson um stöðu aðstandenda

Mannréttindi nauðungarvistaðra

Margvísleg gagnrýni hefur komið fram á framkvæmd nauðungarvistana hér á landi en flestir eru sammála um að ekki sé hægt að komast hjá slíkum aðgerðum. Á síðasta ári tók pyntinganefnd Evrópuráðsins út aðstæður geðsjúkra á Íslandi og gerði athugasemdir við aðbúnað nauðungarvistaðra. Bæta þarf upplýsingagjöf um reglur deilda og rétt sjúklinganna.

Eva Bjarnadóttir
eva@frettabladid.is

Fjallað hefur verið um nauðungarvistun í Fréttablaðinu undanfarna viku. Þar hefur komið fram við hverju megi búast í ferlinu frá frelsi til sjálfræðissviptingar, reynsla notanda af nauðungarvistun skoðuð og bent hefur verið á skort á opinberum tölulegum upplýsingum. Eftir stendur spurningin um hvort rétt sé að nauðungarvista fólk og ef svo er, þá undir hvaða kringumstæðum. Enn fremur er þeirri spurningu ósvarað hvort réttindi nauðungarvistaðra séu virt.

Viðmælendur blaðsins eru sammála um að ekki sé hægt að afnema nauðungarvistun með öllu, þó bæta megi framkvæmdina. Litið er sérstaklega til mannréttinda, því hafa verður í huga að um alvarlegt inngrip í líf fólks er að ræða. Þá hefur pyntinganefnd Evrópuráðsins gert athugasemdir við framkvæmd nauðungarvistunar hér á landi, eins og kemur fram í skýrslu nefndarinnar frá árinu 2012.

Hvert skref í ferli nauðungarvistunar er hlaðið siðferðilegum álitamálum, sem krefjast þess að stjórnvöld hafi góða hugmynd um þann ramma sem heilbrigðisstarfsfólki er ætlað að vinna innan. Engar reglugerðir hafa verið settar um lögræðislögin, og þar með engar nánari leiðbeiningar um framkvæmd nauðungarvistunar eða staðla sem sjúkrahús þurfa að uppfylla. Heföir hafa þó skapast innan sjúkrahúsanna, sem leiða til þess að nauðungarvistanir eru fátíðar hér álandi.

Dæmdar bætur

Fyrsta skref nauðungarvistunar er að læknir, hvaða læknir sem er, getur beðið um að einstaklingur sé lagður inn á geðdeild í allt að 48 klukkustundir. Það er helmingi lengri tími heldur en lögreglan hefur þegar hún handtekur einstaklinga. Samkvæmt lögræðislögunum verður sjúklingurinn þó að vera með alvarlegan geðsjúkdóm, eða í ástandi sem jafnar til alvarlegs geðsjúkdóms.

Huglægt mat sem læknir leggur á ástand fólks er vandkvæðum bundið eins og sjá má í nýlegum dómi sem féll í Hæstarétti. Þar höfðaði maður skaðabótamál gegn íslenska ríkinu vegna frelsissviptingar og nauðungarvistunar. Í samantekt Hæstaréttar kemur fram að maðurinn krafðist miskabóta í kjölfar þess að lögreglumenn fóru inn í íbúð hans og kölluðu til lækni sem mælti fyrir um að hann skyldi færður á geðdeild til nánari skoðunar, gegn vilja hans. Þar var honum haldið í tvær klukkustundir á meðan læknar mátu ástand hans. Að því loknu var honum sleppt þegar það lá fyrir að hann væri ekki með alvarlegan geðsjúkdóm. Honum voru því dæmdar bætur á þeim grundvelli að ekki hafi verið réttmætar ástæður til að svipta hann frelsi og leggja inn á geðdeild.

Yfirvofandi hætta

Þegar lögð er fram formleg beiðni um nauðungarvistun er miðað við að það sé eingöngu gert ef sjúklingurinn er talinn hættulegur sjálfum sér eða öðrum. Aftur er um huglægt mat að ræða og ljóst að ekki er allt af nauðungarvistað vegna bráðrar hættu, heldur vegna yfirvofandi hættu eða ótta við að viðkomandi vanræki annars grunnþarfir sínar. Nauðungarvistun getur í þeim skilningi verið fyrirbyggjandi aðgerð.

Heilbrigðisstarfsfólk bendir á það sjónarmið að ef ekki er gripið inn í, geti það skoðast sem vanræksla af hálfu heilbrigðiskerfisins. Þegar fólk veikist alvarlega af geðsjúkdómum geta veikindin valdið því að erfitt reynist að sinna daglegum skyldum og vanlíðanin getur orðið mikil. Frá sjónarhóli læknisins þarf að grípa inn í ferlið og koma til aðstoðar. Meiri tími til að meta stöðuna innan stofnunar geti því í sumum tilfellum reynst betri til langs tíma litið og stuðlað að bata.

Úttekt pyntinganefndar

Gagnrýni hefur komið fram á aðkomu lögreglunnar að nauðungarvistun en margir telja hana óþarfa í flestum tilvikum. Réttara væri að notast við heföbundna sjúkraflutninga, líkt og fyrir aðra sjúklinga, svo gætt sé að mannlegri reisn viðkomandi. Í sömu veru krafðist pyntinganefnd Evrópuráðsins þess í úttekt sinni á nauðungarvistunum á Íslandi á síðasta ári að umsvifalaust yrði hætt að leita til einkennisklæddrar lögreglu og öryggisvarða til að halda sjúklingum niðri á sjúkrahúsum.

Þegar hefur verið fjallað um þá gagnrýni að aðstandendur séu ekki upplýstir um að þeir þurfi ekki að beiðast nauðungarvistunar samkvæmt lögunum. Almennt virðist upplýsingagjöf um réttindi sjúklinga og aðstandenda vera ábótavant og gerði pyntinganefnd Evrópuráðsins athugasemd meðal annars við það atriði. Nefndin sagði skorta aðgengilegar upplýsingar um starfsemi geðdeilda og réttindi sjúklinga, en í lögum um réttindi sjúklinga segir jafnframt að velferðarráðuneytið skuli sjá til þess að til séu upplýsingar um réttindi sjúklinga, notendafélög og sjúkratryggingar.

Þá er bent á að í 12. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi fatlaðs fólk, sem ekki hefur verið innleiddur á Íslandi, er áhersla lögð á hæfi fatlaðra til að ráða sér og réttindum sínum sjálf. En þar sem ekki teljast allir sem búa við geðröskun geðfatlaðir er líklegt að lögræðislögin þarfnist skoðunar og samræmingar fyrir alla þá sem þurfa að sæta nauðung. Þannig gæti aukinn réttur fatlaðra ýtt fram mannréttindum allra.

GEÐDEILD LSH VIÐ HRINGBRAUT Tveir sólarhringar eru sagður stuttur tími til að meta ástand fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÚR SKÝRSLU PYNTINGANEFNDAR

„Að framkvæmdinni sem skýrð er í málsgrein 81 í skýrslunni, um þátttöku einkennisklæddra lögregluþjóna (og á Akureyri starfsmanna einkarekins öryggisfyrirtækis) í að hjálpa heilbrigðisstarfsfólki að halda sjúklingi niðri, verði hætt samstundis.

„Að bæklingi sem tiltekur reglur deildarinnar og rétt sjúklinga, ásamt upplýsingum um kvörtunarleiðir, verði dreift kerfisbundið til sjúklinga og aðstandenda eða lögráðamanna við innritun á allar stofnanir á geðsviði á Íslandi. Sjúklingur sem ekki skilur bæklinginn ætti að fá viðeigandi aðstoð.

Heimild: Skýrsla pyntinganefndar Evrópuráðsins vegna heimsóknar 18.-24. september.

Er rétt að nauðungarvista fólk?

→ Meðalhóf þarf að finna

„Við þurfum alltaf að hafa þennan möguleika, en það er spurning hversu langt eigi að ganga. Viðhorfin lýsa gjarnan tvennum öfgum: Þannig finnum við stundum ósætti þegar niðurstaðan er að fólk er ekki lagt inn, á meðan við erum sökuð um að brjóta á mannréttindum annarra. Það þarf að finna eitthvert meðalhóf," segir **Halldóra Ólafsdóttir**, yfirlæknir á geðsviði Landspítalans. Aðspurð um hvort hægt sé að framkvæma nauðungarvistanir með öðrum hætti segir Halldóra: „Erlendis eru heimildirnar sums staðar enn rýmri en hér, til dæmis í Noregi þar sem nóg er fyrir lækni að hafa grun um að alvarlegur geðsjúkdómur sé á ferð og þá hefur hann heimild til að nauðungarvista í 10 daga," Halldóra segir 48 klukkustundir vera stuttan tími til að meta ástand fólks. „Annað kerfi myndi gefa okkur fjölbreyttari möguleika á að hjálpa fólki. Þrjár vikur eru oft meira en nóg og það er mikilvægt að leitast við að ná samvinnu áfram og oft fellum við nauðungarvistun úr gildi áður en vikurnar þrjár eru liðnar og eigum að gera það ef samvinna næst. Í öðrum tilfellum er þetta ekki nægur tími og samvinna næst ekki við fólk um að vera lengur sjálfviljugt. En þá er líka spurning hvað sé nóg, því fjórar vikur væru það kannski ekki heldur."

→ Í fullkomnum heimi væri staðan önnur

„Þá spyr ég á móti: Er rangt að nauðungarvista fólk?" spyr **Héðinn Unnsteinsson** sem á sæti í varastjórn Geðhjálpar og var áður sérfræðingur á geðheilbrigðissviði Evrópudeildar Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. „Nei, í ströngum siðferðilegum skilningi er það ekki rétt," bætir hann við. „En stundum þarf að gera það, þá er þetta spurning um hvar mörkin liggja."

Héðinn segir að í fullkomnum heimi væri ekki rétt að beita nauðungarvistun, en þar sem líklega þurfi alltaf að beita henni í einhverjum tilvikum sé nauðsynlegt að endurskoða lögræðislögin og það verklag sem þeim tengist út frá mannréttindasjónarmiði. „Í fyrsta lagi er það ábyrgðin á ákvörðuninni um nauðungarvistun, sem þarf að færa markvisst frá aðstandendum yfir í kerfið," segir Héðinn. „Í öðru lagi er það framkvæmdin. Þar þarf að skilgreina betur aðkomu lögreglunnar, bæta verklagsreglur almennt og auka samtalið." Héðinn bendir á að í 12. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi fatlaðs fólk (sem ekki hefur verið endanlega innleiddur á Íslandi) er gerhæfi fatlaðra gert hátt undir höfði.

„Ekki teljast allir sem búa við geðröskun geðfatlaðir og með þessari grein í sáttmálanum virðist það líklegt að lögræðislögin þarfnist skoðunar og samræmingar, a.m.k. fyrir geðfatlaða og þá væntanlega aðra þá er þurfa að sæta nauðung. Þannig virðist jaðarhópur eins og fatlaðir vera að ýta fram mannréttindum allra," segir hann.

A WORLD OF INSPIRATION the PIER FOR YOUR HOME

GLEÐILEG JÓL

Jólavörur -50%

Jólaenglar frá **245***

Jólastjarna **895***

Mikið úrval af jólakúlum frá **195***

Hreindýr frá **995***

Kertahringir **395***

Keilur frá **297***

-70%

Jólasleði **1.197***

Hreindýr **1.197***

Bókabox frá **1.990**

Stóll og pulla **15.990*** áður 22.980

15.990

Kollur og pulla **5.990*** áður 9.980

5.990

Myndir frá **990**



Lampi **5.990**

Kampavínsglös frá **590**

3 fyrir 2

Kommóða **79.900** Náttborð **24.900 / 29.900**

ÍRIS

Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

***Verð með afslætti**

OPIÐ TIL KL. 23.00 Á ÞORLÁKSMESSU

the PIER

OPIÐ TIL KL. 22.00 FRAM AÐ JÓLUM

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Selfossveitur svara ákalli Alþýðusambandsins:

Heita vatnið hækkar minna en ætlað var

Stjórn Selfossveitna hefur ákveðið að draga til baka hluta af fyrirhugaðri hækkun á verði á heitu vatni. Hækkunin verður því 3,3 prósent en ekki 5 prósent.

„Með því er stjórnin að svara ákalli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um að sveitarfélög og aðrir aðilar fari sér hægt í gjaldskrárhækkunum í aðdraganda kjarasamninga til að halda verðbólgu í skefjum," segir í bókun stjórnarinnar.

- gar

SELFOSS Heitt vatn hækkar um 3,3 prósent en ekki 5 prósent.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

NEYTANDINN Ragnheiður Gestsdóttir

Rótar í þúsundkallsbingjum

Ragnheiður Gestsdóttir rithöfundur kveðst vera týpan sem kaupir föt á útsölu. „Ég róta meira að segja í þúsundkallsbingjunum og þannig hef ég gert bæði kjarakaup og líka alveg vonlaus og vanhugsuð kaup – en þau setja mig alla vega ekki á hausinn!"

„Bestu kaupin eru örugglega húsið okkar sem við vorum svo heppin að finna rétt áður en fasteignaverð fór að æða upp úr öllu valdi, en aðalatriðið er að okkur líður ákaflega vel þar."

Verstu kaupin gætu hins vegar verið flugmiðar, að sögn Ragnheiðar. „Það eru flugmiðar sem við hjónin keyptum einu sinni milli Dublin og London. Þegar við mættum galvösk út á völl kom í ljós að vélin hafði farið daginn áður. Eftir þetta grandskoðum við dagsetningarnar margsinnis þegar við kaupum flugferðir á netinu."

Gagnrýna 25 ára gamalt neysluviðmið

Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda gagnrýnir að frumvarp um breytingar á tollalögum leiði ekki til þess að innflutningur á landbúnaðarafurðum verði í samræmi við núverandi neyslu. Viðmiðið kemur frá Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Félag atvinnurekenda gagnrýnir að frumvarp um breytingar á tollalögum inniheldur engar breytingar á neysluviðmiði ákveðinna tollkvóta vegna innflutnings á landbúnaðarafurðum. Kvótarnir falla undir samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og miða við árin 1986-88 en ekki við núverandi neyslu á landbúnaðarvörum.

„Samningurinn heimilar ákveðna tollvernd en segir einnig að það eigi að vera tryggt að tiltekið magn af innflutningi standi viðkomandi löndum til boða á ásættanlegu verði. Það magn sem heimilt er að flytja inn hljóðar einungis upp á fimm prósent af þessu neysluviðmiði frá níunda áratug síðustu aldar og neysluvenjur landans hafa breyst síðan þá og nægir að horfa til sölu á kjúklingi," segir Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.

ALMAR GUÐMUNDSSON

Frumvarpið, sem nú er til umræðu á Alþingi, miðar að því að sníða vankanta af breytingum á tollalögum sem voru gerðar í fyrra, en Umboðsmaður Alþingis komst að þeirri niðurstöðu að heimildir landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra til að ákveða tolla á innflutningskvóta brytu í bága við stjórnarskrá.

Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, segir ástæðuna fyrir núverandi viðmiði vera þá að samningur WTO og lögin sem voru innleidd vegna hans miði við þetta tiltekna viðmið.

„Það hefur ekki verið gerður nýr samningur. Það var næstum því búið árið 2008, en það slitnaði upp úr á elleftu stundu. Þau drög sem þar lágu fyrir miðuðu við allt annað ár. Menn geta gagnrýnt þetta en það sama á við um þessi 149 lönd innan WTO," segir hann og heldur áfram:

„En þetta frumvarp sem er fyrir þinginu núna fjallar ekkert um þetta gamla neysluviðmið heldur um tollkvóta sem ráðherra hefur heimild til að úthluta og hvernig tollar séu stilltir af," segir Ólafur.

Almar undirstrikar að gagnrýni félagsins sé tilkomin vegna þess að tollkvótarnir eru ekki á dagskrá í frumvarpinu.

„Þetta á að vera á dagskrá ef ráðuneytið, þingið og atvinnuveganefnd eru að taka málaflokkinn til skoðunar. Þá er ekki valkostur að horfa þröngt á málið og setja lítinn plástur á flakandi sár," segir Almar.

haraldur@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR Innflutningur á kjúklingakjöti stóð einungis undir 0,8 prósentum af heildarneyslu árið 2010.



PÚSLAÐU UM HÁTÍÐIRNAR MEÐ ÞÍNUM NÁNUSTU

Verð frá 1.199,-

999,-

999,-

Fyrir 300 til 1.500 púsl og fyrir 1.000 til 3.000 púsl

-60% AFSLÁTTUR AF JÓLAFÖNDUR-PAKKNINGUM

ÞÚ FÆRÐ DISNEY MERKIMIÐANA OG POKANA HJÁ OKKUR

JÓLAPAPPÍR OG PAKKABAND Í MIKLU ÚRVALI Í VERSLUNUM OKKAR

www.a4.is / sími 580 0000

A4 Skeifunni 17 / **A4** Smáratorgi 1 / **A4** Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði

A4 Dalsbraut 1, Akureyri / **A4** Miðvangi 13, Egilsstöðum / **A4** Austurvegi 65, Selfossi

Sjá má hátíðar afgreiðslutíma verslana **A4** á www.a4.is

A4

Birt með fyrirvara um prentvillur og vöruframboð

Gjafakort
8.000 KR.
BORGAR KR. 5.000
ÞÚ FÆRÐ 8.000 KR.
INNEIGNARKORT Á 5.000 KR.

SKEMMTIGARÐURINN HEITIR NÚ

NÝTT 20 NÝTT TÆKI

BETRI STOFAN

SKEMMTIGARÐURINN Í SMÁRALIND ER 2JA ÁRA OG HEITIR NÚ SMÁRATÍVOLÍ

Við þökkum landsmönnum frábærar móttökur í Smáralindinni og bjóðum í afmæli þann 19. des. frá kl. 14:00 til 23:00. Í tilefni af afmælinu og nafnabreytingunni hefur SmáraTÍVOLÍ staðið í miklum framkvæmdum undanfarið; við höfum sett upp nýja og betri afgreiðslu til að þjónusta gestina okkar betur, Bangsasmiðju og keypt 20 ný tæki fyrir fólk á öllum aldri.
Allir afmælisgestir fá glaðning frá Smára TÍVOLÍ í dag fimmtudag*

BANGSASMIÐJA Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI

Glæsileg My Pawfect Bear bangsasmiðja opnar í dag þar sem krakkar á öllum aldri geta sett saman sinn eigin bangsa, valið föt á bangsann sinn og sett kærleikskveðju inn í hann. Bangsinn fær fæðingaskírteini og fer heim í fallegum bangsakassa.
Bangsarnir eru tilvalin afmælis- og jólagjöf.

20 NÝ LEIKTÆKI

Í dag, fimmtudaginn 19. desember, vígjum við 20 ný leiktæki, þar á meðal eru; Trampólín, Doodle jump, Skate Air hockey, Simpson fótbolti, Mistrall, Temple run, Fruit Ninja, Harpoon lagoon & Speed of light.
SmáraTÍVOLÍ mun því áfram vera skemmtilegasti staður landsins fyrir fólk á öllum aldri; fjölskyldur, vinnustaði og vinahópa.

REKSTURINN

Upprunalega félagið stendur að rekstrinum áfram en nýja nafnið lýsir mun betur þeirri starfsemi sem þarna fer fram.

Nánari upplýsingar á www.smarativoli.is

*á meðan birgðis endast

ÁBA TÍVOLÍ

GJAFABRÉF

Hægt er að kaupa falleg TÍVOLÍ gjafabréf með mismunandi tilboðum og inneignum. Tívolíkortin eru því skemmtileg jólagjöf og passa vel í skóinn.

Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI

BANGSASMIÐJAN BANGSASMIÐJAN BANGSASMIÐJAN

My Pawfect Bear

1. VELDU BANGSASKINN
2. VELDU KÆRLEIKSKVEÐJU
3. FYLLTU BANGSANN AF DÚNMJÚKRI ÁST
4. VELDU FÖT OG FYLGIHLUTI
5. SETTU BANGSANN Í BANGSAKASSA

TILVALIÐ Í JÓLAPAKKANN

HLÝJAR JÓLAGJAFIR

SKOGSTAD GLACIER DÚNÚLPA
Græn, dökkblá og ljósblá
Stærðir 80–116
16.990 KR.

SKOGSTAD SNAPP DÚNÚLPA
Bleik og ljósbrún
Stærðir 80–116
16.990 KR.

SKOGSTAD SIVERT DÚNÚLPA
Stærðir 116–164
19.990 KR.

DIDRIKSONS BIGGLES LÚFFUR
Grænar, fjólubláar, bláar, svartar, rauðar og dökkbláar
2.990 KR.

Munið gjafabréfin!

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3
ellingsen.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 133463

PJÓÐLEG SKEMMTUN Hurðaskellir sá um að uppfræða og skemmta börnum og öðrum gestum í Þjóðminjasafninu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Að mörgu er að hyggja í aðdraganda jólahátíðar

Handtökin eru mörg og viðburðir margvíslegir sem sinna þarf í aðdraganda hátíðar ljóss og friðar. Ljósmyndarar Fréttablaðsins drápu niður fæti á stöku stað í gær og fönguðu stemninguna með linsum sínum.

FESTA ÞARF KAUP Á JÓLATRÉNU Þær Kristbjörg Pálsdóttir og Kristveig Sigurðardóttir voru glaðbeittar á jólatrjáasölu Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík þegar ljósmyndara bar að garði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

LEIÐIN LJÓSUM PRÝDD Fastur liður er hjá mörgum fyrir jól að gæta þess að ljós logi hjá ástvinum sem farnir eru annað. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Handsmíðaðir íslenskir skartgripir

ANNA MARÍA DESIGN
GULLSMIÐUR

Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036
www.annamariadesign.is

VIÐKOMUSTAÐUR Í INNKAUPAFERÐ Fáir eru þeir sem ekki kíkja á úrvalið í margumtöluðu jólabókaflóði, líkt og þessir viðskiptavinir í bókabúð Máls og menningar á Laugavegi í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

OPIÐ 10-19 TIL JÓLA

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA FRÁ 10-19

SENDUM FRÍTT ALLAR VÖRUR TIL JÓLA

VERÐ FRÁ 990

satzuma

NÝTT USB GLINGUR

Glæsilegt úrval af stórsniðugu USB glingri frá Satzuma á ótrúlegu jólatilboðsverði!

JÓLATILBOÐ

EITTHVAÐ FYRIR ALLA!

SPJALDTÖLVUR

ÞÚ FÆRÐ NÝJUSTU OG FLOTTUSTU TÖLVURNAR Í TÖLVUTEK

DESEMBER TILBOÐ

OPIÐ FRÁ 10-19 ALLA DAGA TIL JÓLA

0% VEXTIR

NÝ VERSLUN

NÝ SENDING AF USB TÖLVUNGRI FRÁ SATZUMA

FRÍTT

AÐEINS 147gr

10X USB 2 USB 3

Silicon Power

500GB FLAKKARI

Fisléttur, örsmár og hraðvirkur Diamond USB3.0 ferðaflakkari á ótrúlegu tilboðsverði!

7.990

1TB DIAMOND USB3.0 14.990

A3 PRENTAÐU LJÓSMYNDIRNAR Í A3 STÆRÐ

Wi-Fi PRÁÐLAUS

brother at your side

ÞESSI GERIR ALLT NÆSTUM ÞVÍ;)

ALL-IN-ONE-A3

Ótrúlegt þráðlaust undratæki sem skannar, ljósritar og prentar hágæða ljósmyndir í allt að A3

29.900

HINN FULLKOMNI PRENTARI;)

8BLS NÝR BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF ÓTRÚLEGUM TILBOÐUM

SMELLTU Á KÖRFUNA

NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP

OPNUNARTÍMAR

Alla daga til jóla
10:00 - 19:00
Aðfangadag
Lokað

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti ríkisaðstoð vegna Sparisjóðs Norðfjarðar og Sparisjóðs Vestmannaeyja:

Gefa grænt ljós á ríkisaðstoð við sparisjóði

ESA, eftirlitsstofnun EFTA, samþykkti í gær ríkisaðstoð vegna endurreisnar tveggja íslenskra sparisjóða. Um er að ræða Sparisjóð Vestmannaeyja og Sparisjóð Norðfjarðar og aðstoðin var veitt og samþykkt tímabundið í júní 2010 og apríl 2011, sem hluti af aðstoðaráætlun til björgunar fimm smærri sparisjóðum.

„Mér þykir miður að það hafi tekið mun lengri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir að ljúka gerð trúverðugra áætlana um endurskipulagningu sparisjóðanna. Íslensk stjórnvöld verða nú að taka endanlegar ákvarðanir um framtíð hinna sparisjóðanna þriggja, en endurreisn þeirra hefur enn ekki verið samþykkt af ESA," segir Oda Helen Sletnes, forseti ESA, í tilkynningu á vef EFTA.

Heildareignir Sparisjóðs Vestmannaeyja námu 13 milljörðum króna í árslok 2012 og heildareignir Sparisjóðs Norðfjarðar 5,2 milljörðum, en báðir sparisjóðirnir sinna almennri bankaþjónustu, auk þess að sinna annarri tengdri fjármálaþjónustu.

„Efnahagshrunið hafði neikvæð áhrif á afkomu íslenskra sparisjóða sem í kjölfarið áttu í miklum rekstrarvanda. Flestir sparisjóðir áttu hlut í stóru viðskiptabönkunum, þar á meðal Sparisjóðabanka Íslands hf., sem stofnaður var af sparisjóðunum og gegndi lykilþjónustuhlutverki fyrir þá," segir Oda Helen.

- skó

Á NORÐFIRÐI Heildareignir Sparisjóðs Norðfjarðar námu 5,2 milljörðum við lok árs 2012. MYND/AÐSEND

Setja sextíu milljónir króna í Startup Energy Reykjavík

Viðskiptasmiðja fyrir verkefni og fyrirtæki í orkutengdum iðnaði og þjónustu var formlega stofnuð á þriðjudag. Hún mun fjármagna sjö verkefni sem síðan verða kynnt á fjárfestadegi í Háskólanum í Reykjavík í vor.

„Það fara um sextíu milljónir króna í þessa viðskiptasmiðju en sú upphæð fer bæði í rekstur hennar og fjármögnun verkefna," segir Hákon Gunnarsson, framkvæmdastjóri Íslenska jarðvarmaklasans.

Viðskiptasmiðjan Startup Energy Reykjavík (SER) var formlega stofnuð á félagsfundi klasasamstarfsins síðastliðinn þriðjudag. Henni er ætlað að fjármagna og styðja við verkefni og fyrirtæki í orkutengdum iðnaði og þjónustu. Landsvirkjun, Arion Banki, klasasamstarfið GEORG og Nýsköpunarmiðstöð Íslands koma að fjármögnun verkefnisins en framkvæmd þess verður í höndum Íslenska jarðvarmaklasans og Klak Innovit.

„Auglýst verður eftir verkefnum og á endanum fjárfest í sjö þeirra. Eftir það verða haldnar tíu vikna æfingabúðir í Háskólanum í Reykjavík í mars þar sem þátttakendur munu vinna að sínum nýsköpunarverkefnum," segir Hákon.

Að þeim tíma loknum verður að hans sögn haldinn fjárfestadagur

> **Auglýst verður eftir verkefnum og á endanum fjárfest í sjö þeirra.**
>
> *Hákon Gunnarsson, framkvæmdastjóri Íslenska jarðvarmaklasans.*

þar sem fyrirtækin kynna hugmyndir sínar fyrir fjárfestum.

„Þá mun reyna töluvert á það hversu vel hefur gengið. En reynslan með Startup Reykjavík hefur sýnt að fyrirkomulagið hentar vel til þess að efla og undirbúa fyrirtæki sem eru að taka sín fyrstu skref í mótun og framkvæmd viðskiptahugmynda."

Hákon segist binda miklar vonir við að mörg spennandi verkefni verði að veruleika í gegnum smiðjuna og nefnir sérstaklega verkefni í tengslum við nýtingu jarðvarma.

„Þar liggja gríðarlegir möguleikar, annars vegar í að ná betri nýtingu á orkunni og hins vegar í fjölnýtingunni. Margir hafa sýnt

Á FUNDINUM Um hundrað manns mættu á félagsfund Íslenska jarðvarmaklasans þar sem tilkynnt var um stofnun Startup Energy Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

þessu áhuga og orkufyrirtækin eiga til dæmis verkefni á vinnslustigi sem þau hafa verið að vinna að í samvinnu við marga aðila. Þarna er hugsanlega kominn farvegur fyrir slík verkefni. Smiðjan er því tæki til að leysa úr læðingi möguleika sem hafa ekki verið í forgangi en gætu skilað miklum framtíðarverðmætum," segir Hákon og bætir því við að opnað verði fyrir umsóknir á kynningarfundi um SER hinn 16. janúar næstkomandi. haraldur@frettabladid.is

KAUPHÖLLIN Vísitalan er að sögn Gamma sú fyrsta sem nær yfir alla helstu flokka markaðsverðbréfa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

Samsett úr öðrum vísitölum:

Gamma kynnir nýja vísitölu

Fjármálafyrirtækið GAMMA kynnti í gær nýja vísitölu, Markaðsvísitölu GAMMA. Henni er ætlað að veita heildarsýn á þróun íslensks fjármálamarkaðar, að því er fram kemur í tilkynningu.

Vísitalan, sem verður send út við lok hvers viðskiptadags, er samsett úr vísitölum ríkistryggðra skuldabréfa, hlutabréfa og fyrirtækjaskuldabréfa.

„Undirvísitölurnar eru vigtaðar eftir markaðsverðmæti og er þannig ætlað að endurspegla markaðinn á fullnægjandi hátt," segir í tilkynningunni. - hg

TRAFFICO
RAF-SKUTLA
TILBOÐSVERÐ 99.900 KR.
VERÐ ÁÐUR 139.900 KR.

PIPARTBWA • SÍA • 133463

UPPLÝSINGAR
Litur: Svartur, rauður, og blár
Hámarksþyngd: 125 kg
Hleðslutími: 6–8 tímar
Hámarkshraði: 25 km/klst.
Bremsur: Skálabremsur
Gírar: Einn gír, 350W
Fjöðrun: Vökvademparar

Munið gjafabréfin!
Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA
REYKJAVÍK • Fiskislóð 1
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3
ellingsen.is

Jeppadekk
Jeppinn stendur ekki undir nafni nema hann sé vel dekkjaður. Ef þú vilt nýta til fullnustu orku, aksturseiginleika og öryggi jeppans, skiptir sköpum að velja dekk við hæfi í vetur.
TOYO TIRES driven to perform
BFGoodrich Tires TAKE CONTROL
MAXXIS
Reykjavík NESDEKK Reykjanesbæ
Þjónustusími: 561 4210
Reykjavík • Fiskislóð 30
Reykjavík • Grjóthálsi 10
Reykjanesbæ • Njarðarbraut 9
Bílabúð Benna – Sérfræðingar í bílum
Bílabúð Benna dekkjaþjónusta
Tangarhöfða 8 • Sími: 590 2045
Þjónustuborð: 590 2000

HÁTÍÐ Í BÆ

Þú færð jólasteikina í Iceland

2998 KR./KG.

TAÐREYKT HANGILÆRI ÚRBEINAÐ
FRÁ FJALLALAMBI

1698 KR./KG.

HAMBORGARHRYGGUR MEÐ BEINI
FRÁ ESJU

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

ALLT MEÐLÆTIÐ OG MEIRA TIL

158 168

Egils malt og appelsín,
33 cl

158

Ora grænar baunir,
420 g

398

Rauð jólaepli

598

Súkkulaðihjúpuð kirsuber,
24 stk.

1698

Ömmubakstur laufabrauð,
15 stk.

1998

Baileys kaka,
1200 g

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA

Iceland

PIPAR\TBWA • SÍA • 133670

SKOÐUN

Verzlunarfyrirtækin þurfa að líta í eigin barm:

Að ná við-skiptunum heim

Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson kaupmaður skrifaði athyglisverða grein í Fréttablaðið í gær. Hann vísaði þar til viðtals við Andrés Magnússon, framkvæmdastjóra Samtaka verzlunar og þjónustu, í fréttum RÚV þar sem fjallað var um dræma sölu á fatnaði fyrir jólin. Sigurður Pálmi gefur ekki mikið fyrir þær útskýringar Andrésar að háum tollum, verzlunarferðum Íslendinga og aukinni netverzlun sé um að kenna. Hann bendir á að þegar sem bezt gekk hjá fataverzluninni hafi Íslendingar ekki síður verið duglegir að fara í verzlunarferðir og getað keypt inn á mun hagstæðara gengi en nú. Ofan á vörur keyptar á netinu bætist sendingarkostnaður, tollar og virðisaukaskattur, rétt eins og á vörur sem kaupmenn flytji inn. Tollar og virðisaukaskattur hafi lítið breytzt frá því í góðærinu.

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Kaupmaðurinn í Sports Direct segir að verzlunin verði að líta í eigin barm: „Það liggur fyrir að íslensk verslun er óhagkvæm, hún kaupir inn á háu verði vegna smæðar og fjarlægðar við meginlandið og hefur offjárfest gríðarlega í verslunarhúsnæði. Íslensk verslun notar til dæmis tæplega þrisvar sinnum meira verslunarhúsnæði en breskir kollegar. Og fjármagnið til að borga eitt hæsta leiguverð í Evrópu kemur beint úr vasa neytenda."

Það er heilmikið til í þessari gagnrýni – frá kaupmanni sem hefur stuðlað að lækkun vöruverðs í sínum geira. Í skýrslu McKinsey um hvernig mætti efla hagvöxt á Íslandi kom fram að ein leiðin til að efla framleiðni í íslenzkri verzlun væri að lækka tolla, en íslenzk verzlun væri líka langt á eftir nágrannalöndunum hvað varðaði framleiðni bæði vinnuafls og verzlunarrýmis. Með öðrum orðum vinna of margir í búðum á Íslandi og þær eru í of stóru húsnæði. Það getur enginn lagað nema verzlunarfyrirtækin sjálf.

Andrés Magnússon sagði í áðurnefndu sjónvarpsviðtali að stjórnvöld bæru mesta ábyrgð á stöðunni. „Þau hafa í hendi sér að ná þessum viðskiptum heim," sagði hann. En það er ekkert endilega hlutverk stjórnvalda að „ná viðskiptunum heim". Íslenzk verzlun má alveg hafa dálitla útlenda samkeppni til að halda henni á tánum.

SVÞ hafa réttilega lagt mikla áherzlu á að draga úr tollvernd og öðrum hindrunum í vegi innflutnings búvara, til þess að landbúnaðurinn fái aukna samkeppni og neytendur njóti lægra verðs sem af henni hlýzt. En svo kvarta þau þegar nefnd um eflingu póstverzlunar leggur til að sendingar sem kosta minna en 2.000 krónur verði undanþegnar aðflutningsgjöldum. Kaupmenn þiggja með öðrum orðum tollverndina þegar hún er í boði.

Þetta mál er ekki svart og hvítt. Auðvitað þarf íslenzk verzlun að búa við hagstætt tollaumhverfi. En það er rétt hjá Sigurði Pálma að verzlunin þarf að vera sveigjanlegri til að geta brugðizt við nýrri samkeppni á borð við alþjóðlega netverzlun. Það dugir ekki að ákalla bara stjórnvöld sér til hjálpar.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Rökrétt hjá ESB
Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, segir rökrétt hjá ESB að hafa hætt við að greiða Íslendingum IPA-styrki, þetta kom fram í fréttum RÚV í gær. Bjarni sagði að ekki mætti draga of miklar ályktanir af þessari ákvörðun ESB og kvaðst ráðherrann ekki gera neinar sérstakar athugasemdir við ákvörðunina nema þá að fyrirvarinn hefði verið heldur skammur. Þetta eru hófstilltari viðbrögð en hjá Gunnari Braga Sveinssyni utanríkisráðherra. Hann brást ókvæða við þessari ákvörðun ESB og sagði hana koma sér í opna skjöldu og vinnubrögðin forkastanleg. Þrátt fyrir að hann hefði sjálfur tilkynnt ESB í sumar að hlé yrði gert á aðildarviðræðum og hafa á síðasta kjörtímabili kallað styrkina mútur.

Ekki sáttur við desemberuppbót
Karl Garðarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, er ekki ýkja glaður með þá ákvörðun Alþingis að greiða atvinnulausum desemberuppbót. Þingamaðurinn sagði við upphaf þingfundar í gær að allir vildu að atvinnulausir hefðu það gott eins og aðrir landsmenn um jólin. Það hljóti hins vegar að þurfa að setja spurningarmerki við að fara þá leið að greiða desemberuppbót ekki síst vegna eðlis hennar. Desemberuppbót sé hugsuð sem uppbót fyrir unnin störf og því verði að spyrja af hverju hún sé látin ná yfir atvinnuleitendur.

Elín gleðst
„Ríkisstjórnin hefur ákveðið að greiða atvinnuleitendum desemberuppbót. Nú er hægt að halda gleðileg jól. Ég er stolt af mínu fólki," bloggar Elín Hirst, þingkona Sjálfstæðisflokksins. Þá lýsir hún mikilli ánægju með að sérstakt áhugamál hennar og fleiri um að fatlaðir fái endurgreiddan virðisaukaskatt af íþróttatækjum er í höfn. „Þetta eru oftast rándýr tæki sem þarf að hanna sérstaklega til dæmis skíði fyrir lamaða og svo framvegis, en reynast afar vel og gera fólki kleift að njóta gæða lífsins. Það er nú bæði inn í fjáraukalögum fyrir 2013 og fjárlögum 2014 en hafði áður verið fellt út úr fjárlögum líklega í kringum árið 2010, en enginn skilur af hverju," segir Elín. johanna@frettabladid.is

HALLDÓR

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur P. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

„MJÖG FÍN OG ÁHUGAVERÐ BÓK SEM ÉG MÆLI MEÐ FYRIR ALLA."
HARPA MJÖLL REYNISDÓTTIR, DV

VERÖLD

Þeir fiska sem róa

HÖNNUN

Ólafur Mathiesen
formaður stjórnar Hönnunarsjóðs

Í síðustu viku var í fyrsta skipti úthlutað úr nýjum hönnunarsjóði íslenska ríkisins. Fyrir á bæli eru ýmsir aðrir gagnlegir sjóðir t.d. rannsóknarsjóður í sjávarútvegi, framleiðnisjóður landbúnaðarins, byggðasjóður og atvinnuþróunarsjóðir, en þetta er fyrsti hönnunarsjóðurinn.

Hönnunarsjóður veitir styrki til verkefna á sviði hönnunar og arkitektúrs; m.a. þróunar og rannsókna, verkefna og markaðsstarfs auk ferðastyrkja. Sjóðurinn veitir að hámarki 5 milljónir króna til hvers verkefnis og aldrei meira en 50% kostnaðaráætlunar. Styrkþegar fjármagna því verkefnin að stærstum hluta með öðrum hætti. Hæsti styrkur sjóðsins í ár er 3,8 milljónir, en meðalupphæð styrkja er 1-2 milljónir króna.

Þegar umsóknarfrestur rann út höfðu rúmlega 200 umsóknir borist um 400 milljónir króna, eða tífalda þá upphæð sem til skipta var. Þessi mikli áhugi hönnunargeirans er ánægjuleg staðfesting á þörf og mikilvægi sjóðsins. Með þennan fjölda góðra umsókna var sjóðsstjórn vandi á höndum. Ásamt samhentu og metnaðarfullu starfi starfsmanna Hönnunarmiðstöðvar Íslands tókst að þrengja valið. Það segir sig sjálft að mörg verðug verkefni urðu útundan. Þeim til huggunar er einungis sú staðfesta stjórnar að sjóðurinn fái framhaldslíf og eflist síðan með hverju ári sem líður. Von um framsýni þingmanna við fjárlagagerð skaðar ekki heldur.

Meðal verkefna sem hljóta styrki í ár eru nýjar fatalínur eldri og leiðandi, sem og ungra og upprennandi fatahönnuða. Nokkur fatahönnunarfyrirtæki hljóta styrki til markaðssetningar erlendis. Það gera líka vöru- og húsgagnahönnuðir og er um að ræða mikilvæga fjárfestingu í starfsemi fjölmargra fyrirtækja. Einnig hljóta verkefni á sviði grafískrar hönnunar og arkitektúrs styrki ásamt þróunarverkefnum í leirkerahönnun, skartgripahönnun og textílhönnun. Þá hljóta fimm rannsóknar- og söguskráningarverkefni einnig styrki.

Styrkirnir dreifast jafnt til ungra hönnuða, sem eru að stíga sín fyrstu skref, og þeirra reyndari sem hyggja á landvinninga. Hvort tveggja er mikilvægt fyrir fjölbreytni og heilbrigði í íslensku atvinnulífi.

Nú var 42 milljónum dreift á 49 einstaklinga og fyrirtæki. Það er þunnt smurt, en ef framlegð og ávöxtun verður í átt að því sem kom fram á síðum Fréttablaðsins um nýsköpunarsjóði fyrir skömmu gæti uppskera ríkisinss orðið rúmlega 420 milljónir eftir 10 ár.

Það er ágætis viðbit fyrir komandi kynslóðir.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
DÆGURMÁL: Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Á kafi í Evrópusamrunanum

EVRÓPUMÁL

Andrés Pétursson
formaður Evrópusamtakanna

Ríkisstjórnin er komin í nokkra klípu vegna Evrópumála. Stórkarlalegar yfirlýsingar utanríkisráðherra um stöðu aðildarviðræðnanna við Evrópusambandið urðu þess valdandi að Evrópusambandið gat ekki annað en hætt við að greiða íslenskum stofnunum, sveitarfélögum, skólum og fyrirtækjum hátt í 2 milljarða íslenskra króna af hinum svokölluðu IPA-styrkjum. Þessir peningar hefðu einkum nýst á landsbyggðinni til ýmissa uppbyggingarverkefna á sviði mennta-og byggðamála. Ljóst er að þarna hefði margt vel menntað fólk fengið áhugaverð störf en nú sjá margar þessara stofnana fram á að draga saman seglin og jafnvel að segja upp fólki.

Utanríkisráðherrann hefur einnig verið einkar seinheppinn í samskiptum sínum við Alþingi, samstarfsflokk sinn í ríkisstjórninni og almenning út af Evrópumálum. Fyrir kosningarnar fóru framsóknar- og sjálfstæðismenn mikinn í yfirlýsingum um að auka ætti lýðræðið og almenningur ætti að sjálfsögðu að fá að kjósa um áframhald viðræðnanna. Þetta var sett í stjórnarsáttmálann en svo var allt í einu komið allt annað hljóð í strokkinn. Ráðherrann ákvað nánast upp á sitt eindæmi að túlka stjórnarsáttmálann þannig að það ætti alls ekki að kjósa um áframhald viðræðnanna. Þar að auki fékk hann lagaspekúlanta til að semja fyrir sig greinargerð sem mátti túlka þannig að ráðherrann þyrfti ekki einu sinni að fara að vilja Alþingis í þessu máli! Sem betur fer var ráðherrann gerður afturreka með þá túlkun sína enda forkastanlegt að framkvæmdavaldið geti einhliða hunsað lýðræðislega ákvörðun æðstu löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Enn er ekki ljóst hver verður niðurstaða þessa máls en búast má við miklum deilum um það á næstu misserum.

Í sterkari stöðu

Það hefur líka verið sorglegt að fylgjast með tilburðum ýmissa stjórnarliða, bæði innan þings og utan, við að blása upp makríldeilu okkar við ESB sem einhvers konar allsherjarsjálfstæðisstríð smáþjóðar við útlenskt vald. Staðreyndin er sú að deilur um makrílveiðar okkar verður að leysa, hvort sem við erum innan eða utan ESB. Reyndar er það skoðun mín að við hefðum verið í mun sterkari stöðu til að ná fram ásættanlegri lausn í þessu máli ef við hefðum verið aðildarríki Evrópusambandsins. Þá hefðum við getað beitt samningatæknilegum aðferðum með því að afla okkur bandamanna í óskyldum málum og þannig náð ásættanlegri lausn í þeim makrílkvóta sem við ættum rétt á.

Hvað mikið sem Evrópuandstæðingar reyna að mála samstarf okkar við ESB dökkum litum, þá er það staðreynd að við Íslendingar erum á kafi í Evrópusamrunanum. Yfir 80% af utanríkisviðskiptum okkar eru við lönd Evrópusambandsins, við tökum í hverjum mánuði við fjölda laga og reglugerða frá ESB, rannsóknar- og fræðasamfélag landsins á í mjög öflugu samstarfi við helstu rannsóknar- og háskólastofnanir Evrópu, nánast allir leik-, grunn-, framhalds- og háskólar landsins taka af fullum krafti þátt í sameiginlegri menntaáætlun Evrópusambandsins og EES-samningurinn er viðamesti alþjóðasamningur sem Íslendingar hafa undirgengist. Við skulum ekki láta tímabundnar deilur um makríl blinda okkur. Þjóðir Evrópusambandsins eru þær þjóðir sem við munum halda áfram að eiga mest og best samskipti við í náinni framtíð.

➜ Fyrir kosningarnar fóru framsóknar- og sjálfstæðismenn mikinn í yfirlýsingum um að auka ætti lýðræðið og almenningur ætti að sjálfsögðu að fá að kjósa um áframhald viðræðnanna. Þetta var sett í stjórnarsáttmálann en svo var allt í einu komið allt annað hljóð í strokkinn.

Útvarpsstjóri kvaddur

RÍKISÚTVARPIÐ

Sighvatur Björgvinsson
fyrrv. ráðherra

Útvarpsstjóri, Páll Magnússon, brást við með sama hætti og forstöðumenn ríkisstofnana eiga að bregðast við þegar fjárveitingar eru lækkaðar. Hann dró saman seglin, sagði upp starfsmönnum og ákvað að hætta áður áformuðum útgjaldatilefnum. Lengi má deila um hvort réttu fólki eða röngu var sagt upp störfum. Hvort þessi útvarpsdagskrá eða hin var aflögð. Sjálfur er ég ekki ýkja sáttur við val útvarpsstjóra. Hefði gjarna viljað að Evróvisjón – eitt allra dýrasta dagskrárefni RUV – víki. Dagskrárefni þar sem vonir eru einna helst bundnar við að íslenska dagskráin vinni ekki þar sem vinningur yrði þjóðinni allt of kostnaðarsamur. Nú, eða að dýr þáttur um stjórnandann sjálfan – hann að éta stærsta hamborgara sögunnar eða hann að keyra stærsta flutningabíl vestanhafs eða hann undir stýri á risavöxnum vinnuvélum við akuryrkju á sléttum Kanada – væri látinn víkja; ekki síst þar sem önnur aðalpersóna þáttanna, hundur þáttastjórnandans, var ekki lengur „aktívur“. Sjálfsagt eru fjölmargir landsmenn afskaplega hrifnir af því dagskrárefni, þó ég sé það ekki og því gagnrýni ég ekki útvarpsstjórann þó hann láti það ekki víkja.

Slíka ber að reka

Þeir sem gagnrýnt hafa útvarpsstjórann eru oft sömu einstaklingar og gagnrýnt hafa ríkisforstjóra hvað ákafast fyrir að virða að vettugi ákvarðanir fjárveitingavaldsins um niðurskurð í úthlutun rekstrarfjármuna. Þeir hinir sömu krefjast þess á bloggsíðum, að slíkir ríkisforstjórar verði reknir!

➜ Hann á ekkert inni hjá mér. Ekkert – annað en það að segja það, sem mér þykir vera satt. Mér þykir þetta vera satt!

Nú kröfðust sömu einstaklingar í bloggheimum þess, að ríkisforstjóri RUV yrði rekinn fyrir að framfylgja ákvörðunum fjárveitingavaldsins um rekstrarútgjöld þeirrar stofnunar, sem forstjórinn stýrir.

Fjárveitingavaldið – Alþingi Íslendinga – tekur ákvörðun um hvaða fjármunum á að verja til reksturs ríkisstofnana. Forstöðumönnum þeirra er skylt að framfylgja slíkum ákvörðunum. Þeim ber því skylda til þess að segja upp því starfsfólki og leggja af þá útgjaldaliði, sem ekki er fjárveiting fyrir. Deila má um hvort segja eigi upp Jóni eða Pétri eða hvort eigi að hætta við Evróvisjón eða næturfréttatíma, en eftir stendur að ríkisforstjórinn ber ábyrgð á því að fyrirmælum fjárveitingavaldsins sé hlýtt. Geri ríkisforstjóri það ekki er þess nú krafist að hann sé rekinn!

Ég þurfti sem forstöðumaður ríkisstofnunar að draga saman útgjöld minnar stofnunar um 50% milli ára. Því fylgdi að segja þurfti upp u.þ.b. helmingi starfsfólks og ganga gegn fyrirheitum, sem stofnunin hafði gefið fátæku fólki.

Sú var ákvörðun fjárveitingavaldsins. Henni bar mér skylda til þess að hlíta. Sama máli gegnir um útvarpsstjórann, Pál Magnússon. Hann á ekkert inni hjá mér. Ekkert – annað en það að segja það, sem mér þykir vera satt. Mér þykir þetta vera satt!

★★★★★
Iuno
Creative. Versatile. Inspiring.

★★★★★
original-profi collection
High-quality. Versatile. Impeccable.

ÚTSÖLUSTAÐIR:

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Tékk KRISTALL
LAUGAVEGI 178. Sími: 568 9955.

byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid

Líf&List
SMÁRALIND

Heimilistæki ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500
Umboðsmenn um land allt

Mikil kaupmáttarskerðing öryrkja í kreppunni

KJARAMÁL

Björgvin Guðmundsson
formaður kjaranefndar Félags eldri borgara

Öryrkjar hafa orðið fyrir mikilli kaupmáttarskerðingu á krepputímanum samkvæmt athugun sem Talnakönnun gerði fyrir Öryrkjabandalag Íslands. Samkvæmt könnuninni hækkaði launavísitalan um 23,5% á tímabilinu 2009-2013 og neysluverð hækkaði um 20,5% á sama tímabili en meðaltekjur öryrkja (allar tekjur, fjármagnstekjur meðtaldar) hækkuðu aðeins um 4,1% á sama tímabili(tekjur eftir skatta). Verðbólga var á tímabilinu 20,5%. Kaupmáttarskerðing er því mjög mikil.

Talnakönnun athugaði einnig breytingu bóta, verðlags og launa á tímabilinu 2008-2013. Þá kom eftirfarandi í ljós: Lágmarkslaun hækkuðu á þessu tímabili um 54,3% en lífeyrir einhleypra öryrkja hækkaði á sama tímabili aðeins um 29%. Lífeyrir sambúðarfólks hækkaði um 29,7%.

Kjaraskerðing aldraða

Þessar tölur eru mjög í samræmi við þá útreikninga, sem kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík hefur gert. Við höfum að vísu einungis reiknað út breytingar á lágmarkslaunum og breytingu tryggingabóta aldraðra á tímabilinu 2009-2013. En samkvæmt okkar útreikningum hafa lágmarkslaun hækkað um 40% á þessu tímabili en lífeyrir einhleypra eldri borgara, sem eingöngu hafa tekjur frá TR, hefur hækkað um 17% á sama tímabili. Kjaragliðnunin er því mjög mikil hvort sem miðað er við tímabilið 2008-2013 eða tímabilið 2009-2013. Laun hafa hækkað mikið meira en bætur aldraðra og öryrkja á þessum tímabilum. Báðir stjórnarflokkarnir lýstu því yfir fyrir þingkosningar sl. vor, að leiðrétta ætti þessa kjaragliðnun og það ætti að leiðrétta hana strax.

Vildu leiðrétta nú þegar

Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 2013 var eftirfarandi samþykkt: Ellilífeyrir sé leiðréttur strax til samanburðar við þær hækkanir, sem orðið hafa á lægstu launum síðan í ársbyrjun 2009. Hér er engin tæpitunga töluð. Það á að leiðrétta kjaragliðnunina strax.

Nú eru hæg heimatökin hjá Sjálfstæðisflokknum í þessu efni, þar eð flokkurinn er með fjármálaráðherrann, Bjarna Benediktsson, sem jafnframt er formaður Sjálfstæðisflokksins. Hann getur haft forgöngu um það, að staðið verði við samþykkt landsfundar Sjálfstæðisflokksins og kjaragliðnunin leiðrétt strax á haustþinginu. Á flokksþingi Framsóknarflokksins var eftirfarandi samþykkt fyrir kosningar: Lífeyrir aldraða og öryrkja verði hækkaður vegna kjaraskerðingar þeirra (og kjaragliðnunar) á krepputímanum.

Fyrstu skref mátttleysisleg

Því miður voru fyrstu skref ríkisstjórnarinnar í því efni að leiðrétta kjör aldraða og öryrkja ansi mátttleysisleg. Ríkisstjórnin ákvað að leiðrétta aðeins lítillega kjör þeirra lífeyrisþega, sem best voru settir en skildi hina eftir, sem höfðu verst kjörin. Þeir lífeyrisþegar, sem misstu grunnlífeyrinn 2009, fengu hann aftur. Og þeir sem sættu skerðingu á frítekjumarki 2009 vegna atvinnutekna (lækkun úr 110 þús. á mán. í 40 þús) fengu leiðréttingu á frítekjumarkinu. Þessir hópar voru sæmilega vel settir. Þeir, sem misstu grunnlífeyrinn og fengu hann aftur á sumarþinginu, eru með nokkuð góðar lífeyrissjóðstekjur. Og þeir, sem eru á vinnumarkaðnum, fá aukatekjur af atvinnutekjum og eru því betur settir en þeir, sem geta ekki unnið. Kjaranefnd Félags eldri borgara styður það samt, að þessir hópar fái leiðréttingu á sínum kjörum en kjaranefndin vildi að þeir sem eru illa staddir fengju leiðréttingu á sínum kjörum um leið. Þar er um að ræða 28.000 lífeyrisþega, sem sættu kjaraskerðingu 2009 vegna þess að tekjutryggingin var skert; skerðingarhlutfall hækkað úr 38,35% í 45%. Þessi hópur átti að fá leiðréttingu á sumarþinginu um leið og hinir. En það var ekki gert. Væntanlega fær þessi hópur leiðréttingu strax á haustþingi. Það má ekki dragast lengur.

➜ Kjaragliðnunin er því mjög mikil hvort sem miðað er við tímabilið 2008-2013 eða 2009-2013. Laun hafa hækkað mikið meira en bætur aldraðra og öryrkja.

Ferðafrelsi? II. hluti

FERÐAÞJÓNUSTA

Þorvarður Ingi Þorbjörnsson.
fjallabílstjóri og leiðsögumaður

Tómas Guðmundsson skrifaði eitt sinn að landslag yrði lítils virði ef það héti ekki neitt. Gildir kannski það sama ef fólk hefur ekki frelsi til að njóta þess?

Nokkuð hefur verið rætt innan ferðaþjónustunnar og ferðaklúbbsins 4x4, hve markvisst hefur verið unnið að því að skerða ferðafrelsi á Íslandi. Ferðafólk er dregið í dilka eftir ferðamáta, sumt þykir tilhlýðilegt og annað ekki. Hesturinn hefur verið nefndur „þarfasti þjónninn“, og það hefur þótt göfugt í seinni tíð að fara sem mest um á „tveimur jafn fljótum“. Þegar „sjálfrennireiðin“ og önnur vélknúin farartæki komu fyrst til landsins hófust nýir tímar, leitað var nýrra leiða við að komast milli byggðra bóla.

Síðar var farið að gera akhæfa vegi, til að komast á milli staða á fljótlegri máta en ríðandi eða gangandi og Íslendingar hófu að sækja inn á hálendið á jeppum og trukkum. Leitað var leiða sem farartækjum þessum væru færar, og byrjað að gera ófærur færar. Þeir sem stunduðu þessar ferðir voru hetjur hálendisins, og enn í dag förum við þessar leiðir. Sumar hafa verið lagfærðar til muna og eru mikið eknar, aðrar minna. Þessir vegslóðar eru hluti af menningu okkar og sögu og mega ekki glatast.

Gríðarleg þróun

Ferðamennska á vélknúnum farartækjum hefur þróast gríðarlega og á aðra vegu en í öðrum löndum. Ísland er jú strjálbýlt og við eigum gríðarleg víðerni, við höfum þróað og smíðað sérhönnuð farartæki til ferðalaga um landið á öllum árstíðum. Þetta eru svokallaðir „ofurjeppar“, sérbreyttir jeppar til aksturs á stórum dekkjum, þannig að hleypa megi lofti úr – mýkja til aksturs á vondum vegum og vegleysum, og mýkja enn meira í til að aka á snjó. Þetta eru farartækin sem flytja okkur hraðar og öruggar um vegi og vegleysur en þekkist annars staðar, enda eru íslenskar aðstæður einstakar. Ekki hafa aðeins verið þróuð farartæki, heldur hefur orðið til þekking og reynsla til ferðalaga allt árið.

➜ Ferðafólk er dregið í dilka eftir ferðamáta.

Það er svo mikill munur á ferðamennsku Íslendinga og erlendra gesta sem aka um landið án leiðsagnar eða handleiðslu fagmanna, að tímabært er að gera þar greinarmun á. Markvisst er unnið að því að fjölga erlendum ferðamönnum á Íslandi, - ómarkvisst er unnið að því að taka á móti þeim og stýra hegðun þeirra. Víða er Ísland selt sem haftalaust til ferðalaga: leigðu 4x4 bíl og þú mátt aka nánast hvar sem þú vilt. Það sýnir sig að upplýsingagjöf yfirvalda til erlendra ferðamanna er í molum, á meðan t.a.m. ferðaklúbburinn 4x4 hefur haldið uppi þrotlausum áróðri gegn utanvegaakstri og komið að stikun vandfarinna leiða og uppgræðslu rofsvæða. Á sama tíma fara erlendir ferðamenn um landið og hafa litlar sem engar upplýsingar um landið og viðkvæma náttúru þess. Þar er oft hengdur bakari fyrir smið.

Lóður
EKKI SKAFA SKÍTINN
Rain-X verndar bílinn gegn frosti og tjöru
Rain-X sparar tíma við að skafa
Hreinn bíll eyðir allt að 7% minna eldsneyti
Við erum á sex stöðum á höfuðborgarsvæðinu
www.lodur.is - Sími 544 4540

Af skornum skammti

HEILBRIGÐISMÁL

Reynir Arngrímsson
varaformaður Læknafélags Reykjavíkur

Tilfærsla peninga á milli knýjandi verkefna er ekki öfundsvert hlutskipti. Því fylgir oft að vandanum er ekki bara skotið á frest, heldur fluttur hreppaflutningum. Þessi lenska hefur líka tíðkast innan heilbrigðiskerfisins.

Verkefnin og þörfin gufa ekki endilega upp þó þjónustan sé ekki lengur til staðar eða seglin rifuð. Þegar dregið er saman í heilsugæslu, heimilislæknum fækkar eða heil héruð verða læknislaus er leitað annað.

Þetta annað er yfirleitt Landspítali. Þess vegna þarf dýran og óhagkvæman flugvöll í túnfæti hans. Á Landspítala eru allar dyr opnar. Alltaf og fyrir alla.

En nú bregður svo við að færri fást til að standa þar vaktina. Læknar skila sér ekki í lausar stöður og lausum stöðum fjölgar enn ef fram heldur sem horfir.

Þannig bítur einn í annars skott. Læknaskortur á hvorum tveggja vígstöðvum og spírallinn spinnur niður. Þjónustu hrakar og álag á starfsfólk eykst. Heilsuvandi sem auðveldlega mætti leysa heima í héraði og hjá heimilislækni flyst á Landspítala. Í dýrari úrræði. Miklu dýrari. Raunkostnaður þjóðfélagsins eykst. Allir tapa. Mest þeir sem þurfa á þessari þjónustu að halda og veikastir eru. Þetta hafa meira að segja svokallaðir excel-sérfræðingar bent á í skýrslum sem liggja í skúffum á æðstu stöðum.

Það er umhugsunarvert að enn skuli áformað að draga úr fjárveitingum til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Hver verður afleiðing þess að draga saman fjárveitingar sem nemur rekstri einnar heilsugæslustöðvar? Á að loka á Seltjarnarnesi, í Garðabæ eða Mosfellsbæ eða jafnvel í Kópavogi? Verður það kannski í efra Breiðholti?

Þingmenn standi með stefnumótun

Ábyrgð alþingismanna lýkur ekki við debet- og kreditfærslu ríkisreiknings. Þeir verða að velja. Standa með stefnumótun sinni. Líka þeirri sem snýr að heilsugæslunni. Á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Koma með ábyrga langtímastefnu. Spurt er, hvar á að hagræða? Verður það bara fyrirburamóttaka heilsugæslunnar sem víkur eða bætist þar í hóp þjónusta við börn með þroskavanda og hegðunarmisfellur? Dregið úr framlögum til framhaldsnáms lækna næstu kynslóða sem vilja mennta sig hér heima? Hvert leita foreldrar með fyrirburana sína? Hverjir kenna ungum læknum sem vilja mennta sig í heimilis- eða héraðslækningum? Er bara betra að það sé í Svíþjóð og þeir hverfi af íslenskum vinnumarkaði í 4 til 6 ár? Hvernig á heilsugæsla að þróast, breytast og bæta þjónustu á næstu árum?

➜ Það er umhugsunarvert að enn skuli áformað að draga úr fjárveitingum til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Hver verður afleiðing þess að draga saman fjárveitingar sem nemur rekstri einnar heilsugæslustöðvar?

Frumheilsugæsla er viðkvæm þjónusta. Hún er hagkvæm. Vel skipulögð léttir hún á öðrum og dýrari úrræðum. Þetta er þjónusta sem er þjóðhagslega mikilvæg. Hún er öryggisnet fyrir íbúa og hluti af þjónustu sem hvert bæjarfélag ætti að standa vörð um. Líka kjörnir fulltrúar í bæjarstjórnun á höfuðborgarsvæðinu. Hver er afstaða þeirra? Að þetta sé ekki þeirra ársreikningur – ekki þeirra höfuðverkur? Íbúar geti leitað annað?

Tilfærsla fjárveitinga frá heilsugæslu léttir ekki á heldur eykur vanda annars staðar í kerfinu. Bítur þá sem síst skyldi.

Erlendir nemar: Happafengur

MENNTUN

Gunnar Karlsson
prófessor emeritus

Í þriggja dálka aðalfyrirsögn á forsíðu Fréttablaðsins mánudaginn 9. desember var sagt frá því að erlendir háskólanemar á Íslandi kostuðu 500 milljónir. Í fréttinni sjálfri var sagt að 1.152 útlendir nemendur stunduðu nám við Háskóla Íslands í vetur. Þeir lykju 8% af námseiningum við stofnunina, og 8% af „kennslufjárveitingum“ til Háskólans næmu 500 milljónum. Lög heimiluðu aðeins 75.000 króna innritunargjöld af hverjum nemanda svo að reikna má út að eitthvað rúmlega 400 milljónir vanti upp á að útlendu nemendurnir stæðu undir kostnaði.

Góðir og sterkir nemendur

Tveir starfsmenn Háskólans tjá sig um þetta í fréttinni og mæla þessum útgjöldum nokkra bót. Forstöðumaður skrifstofu alþjóðasamskipta við stofnunina segir að við fáum góða og sterka nemendur sem auðgi Háskólann og gott orðspor hans fari víða. Framkvæmdastjóri reksturs og fjármála bendir á að Íslendingar stundi nám víðs vegar um heiminn án þess að greiða kostnað af því. Þetta eru góðar röksemdir, samt er nærtækast að lesa fréttina svo að einhver sé að telja þetta eftir. Því finnst mér ástæða til að fara nánar ofan í málið.

Ástæðum þess að útlendir stúdentar sækjast eftir námi í íslenskum háskóla má skipta í tvennt. Annars vegar gera þeir það af því að þeir vilja afla sér þekkingar á sérkennilegum verðmætum sem Ísland og Íslendingar hafa að bjóða. Ekki svo að skilja að Íslendingar búi yfir eitthvað merkari verðmætum en íbúar annarra landa, allir hafa eitthvað sérstætt að bjóða, og hjá okkur eru það einkum íslenskar fornbókmenntir og íslensk náttúra. Það er beinlínis hlutverk okkar í heiminum að miðla þessum verðmætum til annars fólks, og það er okkar gróði.

Ekki bara tekjurnar

Ég er ekki að tala um tekjur af ferðamönnum, þótt ég þykist vita að sú þekking sem Háskóli Íslands veitir útlendingum á bókmenntum og náttúru landsins skili okkur meira en 500 milljónum á ári. Ég er að tala um lífsnautn okkar sjálfra, heilbrigt stolt og ánægju af að geta lagt eitthvað fram til að gera heiminn auðugri og skemmtilegri en ella.

Hins vegar koma hingað á síðustu árum margir háskólanemar til að nema fræði sem eru öllum menntuðum hluta heimsins sameiginleg, í heilbrigðisvísindum, verkfræði, raunvísindum, félagsvísindum. Ekki veit ég hvers vegna í ósköpunum þeir koma. En ég er sannfærður um að það sé ómetanlegt fyrir okkur, eins smá og við erum í heiminum, að eignast út um allan heim fólk með sérfræðiþekkingu á ólíkum sviðum sem hefur raunveruleg kynni af Íslandi og finnst jafnvel að það eigi því þakkarskuld að gjalda. Við erum að stríða við að halda uppi tæknivæddu menningarsamfélagi, ótrúlega fá og með tungumál sem nánast engir aðrir skilja. Við erum óhjákvæmilega í einangrunarhættu og þurfum því umfram flest annað að eiga tengsl við umheiminn.

➜ Ég er að tala um lífsnautn okkar sjálfra, heilbrigt stolt og ánægju af að geta lagt eitthvað fram til að gera heiminn auðugri og skemmtilegri en ella.

En erum við ekki í fjárþröng, Íslendingar? Alls ekki, hér eru nógir peningar ef við bara leigjum á eðlilegu verði réttinn til að veiða fiskinn í lögsögu okkar.

Í SKÓINN
UNDIR TRÉÐ
EÐA BARA HANDA MÉR

Vildartilboð kr. 7.199
Fullt verð kr. 7.999

Vildartilboð kr. 5.399
Fullt verð kr. 5.999

Vildartilboð kr. 7.999
Fullt verð kr. 8.999

Vildartilboð kr. 3.499
Fullt verð kr. 3.899

HITTU VILLA Í DAG! FIMMTUDAG kl.16 í Kringlunni

2. Metsölulisti Eymundsson

Vildartilboð kr. 3.999
Fullt verð kr. 4.999



Vildartilboð kr. 3.149
Fullt verð kr. 3.499

Vildartilboð kr. 3.599
Fullt verð kr. 3.999



Vildartilboð kr. 4.499
Fullt verð kr. 4.999

Vildartilboð kr. 5.799
Fullt verð kr. 6.499

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboða er frá 19. desember til og með 22.desember eða á meðan birgðir endast.

markhönnun ehf

netto

Í JÓLASKAPI

Jólakjöt frá SS, KEA, Fjallalambi,Kjarnafæði og Kjötsel á frábærum verðum!

Jóakim 3.798 kr

Besta svarið 4.990 kr

Meistarasögur 1.995 kr

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

JÓLAHÚS NETTÓ

AKUREYRI | NJARÐVÍK
BORGARNESI | EGILSSTÖÐUM | SELFOSSI
MJÓDD | GRANDA

OPIÐ 6. - 24. DESEMBER

Fáðu ráðleggingar hjá sérfræðingi okkar varðandi jólasteikina og hangikjötið

MACINTOSH EPLI
1,36 KG

50% afsláttur

294 kr/pk

Verð áður 588 kr/pk

Celebrations - 750g
1.999 kr/pk

Mackintosh 820gr
1.698 kr/pk

Toblerone 400g
989 kr/pk

OPIÐ FRAM AÐ JÓLUM

	AKUREYRI	BORGARNES EGILSSTAÐIR GRINDAVÍK REYKJANESBÆR HÖFN	HVERAFOLD	SALAVEGUR	SELFOSS	MJÓDD GRANDI
19. FIM	10 - 22	10 - 22	10 - 22	10 - 22	10 - 22	DAG&NÓTT
20. FÖS	10 - 22	10 - 22	10 - 22	10 - 22	10 - 22	DAG&NÓTT
21. LAU	10 - 22	10 - 22	10 - 22	10 - 22	10 - 22	DAG&NÓTT
22. SUN	10 - 22	10 - 22	10 - 22	10 - 22	10 - 22	DAG&NÓTT
23. MÁN	10 - 23	10 - 23	10 - 23	10 - 23	10 - 23	DAG&NÓTT
24. ÞRI	**10 - 13**	**10 - 13**	**10 - 13**	**10 - 13**	**10 - 13**	**OPIÐ TIL 13**

Tilboðin gilda 19. - 22. des

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Menntun – skólun: Framhaldsskóli fyrir alla

MENNTUN

Vilhjálmur Einarsson
fv. skólameistari

„Aldrei breyta því sem vel hefur reynst," er haft eftir Sigurði Guðmundssyni, sem var skólameistari Menntaskólans á Akureyri. Þetta mottó hins mikla skólamanns hefur mér oft komið í hug, þegar lærðir sem leikir fara mikinn um það snjallræði að stytta nám til stúdentsprófs.

Aldrei skal breyta því sem vel hefur reynst. Fjögurra ára framhaldsskóli hefur reynst vel að mörgu leyti. Frammistaða Íslendinga í háskólum erlendis er dæmi um það. En skólastarf þarf alltaf að vera í athugun og endurskoðun. Stytting framhaldsskólans er ekki spor í rétta átt.

Mótmæli harðlega

Þessu vil eg mótmæla harðlega og ætla að rökstyðja mína skoðun bæði út frá eigin skólagöngu og af reynslu minni sem skólastjórnandi:

1 Í skólum þar sem kennt er eftir áfangakerfi útskrifast árlega nemendur eftir þrjú ár, bókhneigðir unglingar, sem ráða við að vera í mörgum fögum samtímis. Grunnskólar hafa einnig heimild að hleypa bráðgerum nemendum milli bekkja. Það þarf því enga lagabreytingu. Brottfallið er aftur á móti vandamál, sem mikilvægt er að draga úr eftir föngum. Eg óttast að ef stytting náms verður lögleidd, komi skert námsframboð niður á greinum utan hins svokallaða kjarna (stærðfræði, raungreinar, tungumál) og það auki fremur en minnki brottfallið, þar sem hin svonefndu skemmtilegu „fög" verði ekki lengur í boði.

2 Hinn hefðbundni framhaldsskóli ber enn mikinn keim af „Lærða skólanum", embættismannaskóla eða skóla, sem stefnir að því fyrst og fremst að gera nemandann hæfan til háskólanáms. Vissulega er þetta mikilvægt hlutverk framhaldsskólans en alls ekki það eina, sem keppa ber að. Þróun hin síðari ár í ýmsum framhaldsskólum stefnir í rétta átt: unga fólkið getur nú í mörgum skólum fengið metnar námseiningar í ýmsum skapandi greinum. Þetta þarf að stórauka og koma þannig til móts við áhugasvið unglinganna. Takist það hef eg trú á því að brottfallið minnki.

3 Meðal allra iðnvæddra ríkja er mikið og vaxandi vandamál fólgið í atvinnuleysi ungs fólks. Það á ekki síður við um fólk með háskólagráður en aðra.

Francis páfi í Róm sagði nýlega að við þyrftum að gera okkur grein fyrir því að upp væri að vaxa kynslóð, sem að stórum hluta myndi aldrei eiga kost á launaðri vinnu. Hin sívaxandi sjálfvirkni gerir kleift að framleiða hvaðeina með sífækkandi vinnandi höndum. Þetta tel eg vera eitt alvarlegasta vandamál iðnríkjanna, minna hér á landi en víðast hvar, ennþá sem komið er, en þjóðfélagsmein sem örugglega fer vaxandi. Stytting framhaldsskólans myndi vafalaust auka á þennan vanda.

4 Almennt fjögurra ára nám kostar mikla fjármuni. En það kostar líka mikið að unglingur fái ekki þroskaskilyrði sem vekur hann til góðrar og gagnlegrar iðju, á hvaða sviði sem er. Það er fagnaðarefni að framhaldsskólar hafa fengið aukið svigrúm til að bjóða nám eftir aðstæðum á hverjum stað og vonandi að skólafólk verði fundvíst á leiðir til að koma enn betur til móts við unga fólkið á ýmsum sviðum. Ekki vantar hæfa leiðbeinendur og kennara. Hér tel eg vera um mikilvægt forvarnarstarf að ræða, dýrt að vísu. En hvað getur vanstilltur, iðjulaus og villuráfandi unglingur ekki kostað þjóðfélagið?

Aldrei skal breyta því sem vel hefur reynst. Fjögurra ára framhaldsskóli hefur reynst vel að mörgu leyti. Frammistaða Íslendinga í háskólum erlendis er dæmi um það. En skólastarf þarf alltaf að vera í athugun og endurskoðun. Stytting framhaldsskólans er ekki spor í rétta átt.

Opið bréf til þingmanna: Nýtum kvótakerfi til að auka hagvöxt

FJÁRMÁL

Bergur Þórisson
tölvunarfræðingur

Það virðist ríkja nokkuð gott samkomulag um að kvótakerfi sé góð leið til að nýta takmarkaða auðlind á sjálfbæran hátt. Rökin fyrir gagnsemi kerfisinns komu vel fram í ræðu formanns LÍÚ á aðalfundi sambandsins 2013:

„Sjávarútvegurinn hefur í gegnum tíðina lagt mikið til þjóðarbúsins og við erum í þeirri eftirsóknarverðu stöðu að greinin skilar umtalsverðum tekjum til samfélagsins. Það sama á alls ekki við í öllum löndum þar sem sjávarútvegurinn er ríkisstyrktur til að hann fái þrifist. Ein af meginástæðum þess að sjávarútvegurinn hér á landi er í þessari stöðu er það kerfi sem hér hefur verið við lýði í 30 ár. Þetta kerfi hefur búið þeim fyrirtækjum sem í greininni starfa fyrirsjáanleika í rekstri sínum og þar með möguleika til að skipuleggja sig og hagræða. Með kerfinu hefur einnig komið hvatinn til að auka verðmæti og fjárfesta."

Öndvegisáhaldið

Fyrst kvótakerfi hefur reynst okkur slíkt öndvegisáhald er þá ekki rétt að huga að því að taka upp slíkt fyrirkomulag í öðrum greinum? Ég hef starfað í um þrjátíu ár á sviði sem kallað hefur verið þekkingariðnaður og fæ ekki betur séð en að allar röksemdir sem styðja notkun kvótakerfis í þorskveiðum eigi líka við í þekkingariðnaði. Skoðum það nánar. Flestir eru sammála um að þekking sé auðlind. Ef dæma má af ræðum á tyllidögum þá er það meira að segja okkar verðmætasta auðlind. Menn þurfa svo að vera talsvert hrokafullir til að samþykkja ekki að þekking sé takmörkuð auðlind.

Lögmál kvótakerfis

Þekking er sem sagt takmörkuð auðlind og því ættu lögmál kvótakerfis að virka í þekkingariðnaði. En hvernig skipuleggjum við kvótakerfi í þessari grein? Fyrst þarf að koma kerfinu á. Ef við förum eins að og við upphaflega úthlutun fiskveiðikvótans, þá látum við þá sem eiga atvinnutækin á einhverjum tíma öðlast rétt til kvóta. Þannig myndu hugbúnaðarhús og verkfræðistofur öðlast rétt til að ráða til sín úthlutað hlutfall af því fólki sem útskrifast úr tengdum greinum. Nýliðun í greininni ætti sér síðan stað með því að þeir sem áhuga hefðu leigðu eða keyptu kvóta af þeim sem fyrir eru í greininni.

Með möguleika á framsali og veðsetningu væri fjármögnun fyrirtækja í greininni verulega auðvelduð. Það blasir við að ef menn gætu veðsett óorðna uppfyndni, yrði staða þeirra talsvert sterkari.

Fyrsta skrefið?

Þessar hugmyndir finnst trúlega mörgum nýstárlegar, en hvað mátti ekki segja um upphaflega kvótakerfið á sínum tíma. Hvaða önnur þjóð hefði haft þann dríf-anda og dirfsku sem þurfti til að framkvæma þá hugdettu að flytja helstu auðlind þjóðar með einni lagasetningu úr eigu allra yfir í eigu fárra til hagsbóta fyrir alla.

Hvaða önnur þjóð hefði haft þann dríf-anda og dirfsku sem þurfti til að framkvæma þá hugdettu að flytja helstu auðlind þjóðar með einni lagasetningu úr eigu allra yfir í eigu fárra til hagsbóta fyrir alla.

Það þótti og þykir enn nýstárlegt. Það gefur vissulega von að nú situr eins samsett stjórn og árið 1993 þegar kerfinu var upphaflega komið á, stjórn Framsóknar og Sjáfstæðisflokks undir forsæti Framsóknar. Formaður fjárlaganefndar, Vigdís Hauksdóttir, lagði nýverið fram hugmyndir sem líta má á sem fyrsta skref á þessari vegferð. Hún vill að þeir sem flytja þekkingu sína af landi brott, svo hún gagnast ekki landi og þjóð, greiði til baka þann kostnað sem þekkingarölfluninni fylgdi. Auðlindir ættu jú að vera sameign og því ekki eðlilegt að menn séu frjálsir af því að flytja þær úr landi án þess að eithvað komi fyrir.

Nú gæti einhver lesandi hugsað sem svo að þessi tillaga sé fullkomlega galin og vísast í andstöðu við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Þeim vil ég benda á að:

Menn gjarnan að geðþótta
samtalið beygja
Í samtímans samhengi er
rökrétt að segja:
Viska vor öll virðist auðlind án
hirðis.
Með velreyndum ráðum vex hún
okkur til virðis

Ágæti alþingismaður

KJARAMÁL

Herdís Halldórsdóttir, Maggý Magnúsdóttir og Þórunn Halldórsdóttir
F.h. faghópa innan BHM og FÍH á Reykjalundi

Við viljum vekja athygli þína á því að jafnlaunaátak ríkisstjórnarinnar sem samþykkt var í janúar 2013 nær ekki til Reykjalundar og hefur því frekar aukið á ójöfnuð innan heilbrigðistétta en jöfnuð. Staðan er sú að Landspítali, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Heilbrigðisstofnun Austurlands og Heilbrigðisstofnun Suðurlands hafa fengið fjármagn til að hækka laun starfmanna sinna í skilgreindum kvennastéttum í gegnum stofnanasamninga í þeim tilgangi að jafna launamun karla og kvenna.

Í grein 7.5 í þjónustusamningi Reykjalundar og ríkisins segir:

Fari fram endurmat á launa- og verðlagsforsendum fjárveitinga til sambærilegra ríkisstofnana innan ársins skal endurskoða framlag til verksala með sama hætti.

Samningsbrot

Að okkar mati er það því brot á samningi þessum að Reykjalundur njóti ekki sömu launahækkunar og starfsmenn annarra ríkisstofnana á heilbrigðissviði. Við teljum það óásættanlegt að starfsmenn Reykjalundar dragist aftur úr hvað launakjör varðar í beinum aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Líkt og aðrar heilbrigðisstofnanir er Reykjalundur mannaður af konum í meirihluta. Starfsmenn á Reykjalundi hafa tekið á sig kjaraskerðingar síðustu misseri og því er það réttlætismál að Reykjalundur fái einnig fjármagn skv. jafnlaunaátaki ríkisstjórnarinnar til að jafna hlut sinna starfsmanna í gegnum stofnanasamning.

Að okkar mati er það því brot á samningi þessum að Reykjalundur njóti ekki sömu launahækkunar og starfsmenn annarra ríkisstofnana á heilbrigðissviði.

Fjármálaráðherra og velferðarráðherra hafa borist erindi, bæði frá forstjóra Reykjalundar og fulltrúum stéttarfélaga í BHM, til þess að knýja á um þetta mál en án árangurs. Því biðlum við til þín að taka málið upp og leiða það til lykta. Við bendum á að miðlægur samningur BHM rennur út í lok janúar og því mikilvægt að þessi leiðrétting verði komin til framkvæmda fyrir þann tíma svo starfsmenn Reykjalundar gangi til þeirra samninga á jafnréttisgrundvelli.

Apótekarinn
lyf á lægra verði
Tilboð
á Nicorette QuickMist munnholsúða
1.000 kr. afsláttur af 1 stk. pakkningu
1.600 kr. afsláttur af 2 stk. pakkningu
Tilboðið gildir til 26. jan. 2014
Apótekarinn
Bíldshöfða, Mjódd, Melhaga, Fjarðarkaup, Salavegi, Smiðjuvegi, Glæsibæ, Þverholti Mosfellsbæ og Hafnarstræti Akureyri



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

AF NETINU

Þjóðkjörinn útvarpsstjóri

Það er eðlilegt að við ráðum meiru um það sem er mest okkar. Þess vegna eigum við að kjósa útvarpsstjóra beint og fá þannig í starfið einstakling sem endurspeglar skoðanir flestra á því hvernig útvarpið okkar á að vera. Til dæmis hvort það á að vera meira „Vertu viss" og minna Kastljós. Eða öfugt.

Það er fráleitt að stjórnmálaflokkarnir ráðskist með Ríkisútvarpið. Þeir hafa í rauninni ekkert umboð til þess. Það greiddi enginn atkvæði í síðustu þingkosningum vegna stefnu flokkanna í málefnum Ríkisútvarpsins. Þar að auki þarf ekki að rekja hversu skaðleg pólitísk afskipti af stofnuninni eru, við þekkjum það of vel.

Hvað segirðu nú um þetta, Illugi minn góður? Er það ekki alveg bjútifúl hugmynd — að þú færir valdið frá sjálfum þér og til þjóðarinnar?

Það væri aldeilis bragur á því og kúpp fyrir þig, sem þyrftir þá ekki að sitja lengur undir grunsemdum um að flokkurinn þinn kunni ekki að fara með vald þegar kemur að Ríkisútvarpinu.

Er þetta ekki einboðinn díll?

http://blog.pressan.is/karl
Karl Th. Birgisson

Viðræðum verði slitið

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra, sagði í þinginu fyrir nokkrum dögum, að með ákvörðun um að hætta greiðslu nefndra styrkja hefði Evrópusambandið sjálft slitið viðræðum. Það er athyglisverð túlkun á þeirri ákvörðun en sú túlkun forsætisráðherra Íslands jafngildir hins vegar ekki formlegum viðræðuslitum.

Ákveða þarf að slíta þessum viðræðum formlega.

Það er ekkert sem stendur í vegi fyrir því að það verði gert.

http://www.evropuvaktin.is
Styrmir Gunnarsson

Skrautlegt verð!

Nú færðu jólapappír og fleira utan um gjafirnar og skraut á jólatréð með

50% afslætti

© Inter IKEA Systems B.V. 2013

Verslun opin 11-21 til 22. desember - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®

AF NETINU

Niðurlægjandi samkomulag

Margir fagna mjög samkomulagi um lok þingsins. Samkomulagið hljóðar upp á millifærslu upp á 800 milljónir króna. Með öðrum orðum: peningar eru færðir til á milli liða, m.a. teknir úr starfsendurhæfingarsjóði og fluttir yfir til desemberuppbóta fyrir atvinnuleitendur, til að mæta tekjutapi af gistináttaskatti af sjúklingum og smá viðbætur í sjóði skapandi greina. [...]

Þessar 800 milljónir eru um 1% af EBITDA í sjávarútvegi á síðasta ári. Ríkisstjórnarflokkarnir vilja ekki þá peninga. Þeir vilja heldur skera niður. Án þess að ætla að gera lítið úr samkomulaginu á milli stjórnar og stjórnarandstöðu, þá myndi ég hvetja fólk til stillingar í fangaðarlátunum. Fjárlagafrumvarpið er eftir sem áður niðurlægjandi fyrir okkur öll.

http://www.bvg.is

Björn Valur Gíslason

HORNAFJÖRÐUR

Auglýsing um tillögu að Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þ. 12. des. 2013 að auglýsa tillögu að nýju aðalskipulagi 2012-2030 skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ásamt umhverfisskýrslu sbr. 7. gr. laga nr.105/2006 um umhverfismat áætlana.
Nýtt aðalskipulag sem tekur til tímabilsins 2012-2030 er endurskoðun á aðalskipulagi 1998-2018. Endurskoðun hefur staðið yfir undanfarin ár og felur í sér margvíslega greiningarvinnu, samráð hefur verið haft við íbúa og hagsmunaðila með kynningafundum og auglýsingum. Aðalskipulagstillagan ásamt fylgigögnum liggur frammi í anddyri Ráðhúss Hafnarbraut 27, Höfn virka daga á opnunartíma frá 19. des. til og með 10. feb. 2014. Sömu gögn eru einnig til sýnis hjá Skipulagstofnun, Laugarvegi 166, 3. hæð. Athugasemdir Skipulagsstofnunar dags. 29. okt. 2013 eru lagðar fram með aðalskipulagstillögunni ásamt viðbrögðum sveitarfélagsins sem samþykkt voru 12. des. 2013. Tillöguna og önnur kynningargögn má nálgast á vef sveitarfélagsins **http://www.hornafjordur.is/stjornsysla.** Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að kynna sér wtillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa Hafnarbraut 27 eða á netfangið **skipulag@hornafjordur.is** eigi síðar en **10. febrúar 2014.**

Ásgerður K. Gylfadóttir bæjarstjóri

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Grillað með Jóa Fel

Jólagjöfin handa grillmeistaranum!

Í bókinni er fjöldi uppskrifta af frábærum grillmat.
Bókin er í stóru broti, ríkulega myndskreytt,
á fjórðahundrað blaðsíður og á frábæru verði.

Sölustaðir:
Bónus, Eymundsson, Fjarðarkaup,
Garðheimar, Hagkaup og bakarí Jóa Fel.

Til varnar íslenskri tungu

MENNING

Jón Axel Egilsson
kvikmyndagerðarmaður

Í tilefni þess að ný ríkisstjórn ætlar að efla íslenska menningu (svo) og einnig að RÚV fór af stað með þátt um íslenskt mál, Orðbragð, í haust, vil ég leggja mitt af mörkum með þessari stuttu grein. Vinsamlega klippið hana út úr blaðinu, plastið og setjið upp á vegg og lesið daglega.

Ekki segja „hérna“

Hugsaðu áður en þú talar. Ef þú hugsar ekki hraðar en þú talar, skaltu varast að segja „hérna“ í öðru hverju orði, eins og fjórir af hverjum fimm Íslendingum, því fátt sker jafnilla í eyru. Ef þú hefur ekki tekið eftir þessu, skaltu hlusta á viðtalsþætti í útvarpi og sjónvarpi, t.d. Í vikulokin, Sunnudagsmorgun, Kastljósið eða Kiljuna og fréttaviðtöl.

Forðastu að hefja mál þitt eða svar með „Ammmmm...“ sem smeygði sér inn í íslenskuna með amerískum sjónvarpsþáttum. Ekki segja: „Aaaaa...“ eða einhvern annan sérhljóða og allra síst með kokhljóði, ef þú þarft að hugsa þig um. Aldrei segja „sko“ í lok setningar.

Hvorki segja né skrifa „sem sagt“...

... nema þú hafir útskýrt eitthvað ítarlega í löngu máli, þá dregur þú mál þitt saman og segir: „Sem sagt, þannig er farið að því ... “ Fjöldi Íslendinga ofnotar „sem sagt“ í daglegu tali, t.d. fréttamenn, viðmælendur þeirra og stjórnendur sjónvarpsþátta – að ógleymdum þýðendum norrænna sakamálasagna sem nota það allt að þrisvar til sjö sinnum á sömu blaðsíðunni.

Ég benti síðastnefnda hópnum á þetta í grein í Fréttablaðinu 10. apríl 2012, „Er sem sagt, sko?“, (bls. 19) og útskýrði aðferð til að forðast það. Aðferðin felst í því að láta Word-forritið finna „sem sagt“ og lýsa það upp með gulu – fylla skjáinn af blaðsíðum og þá er eins og einhver hafi pissað yfir textann. Þetta er mjög sálræn upplifun og fær þann sem reynt hefur, að forðast „sem sagt“ eða annað sem hann/hún vill forðast að ofnota.

Aðeins einn „sem sagt“ þýðandi hafði samband við mig með tölvupósti. Hann taldi sig bundinn af Bernarsáttmálanum frá 1887 (tók gildi á Íslandi 1947) sem HKL hefði bent sér á og að hann yrði að vera trúr upphaflega handritinu. Ekki hefur HKL fylgt eigin ráðum er hann þýddi „Vopnin kvödd“ 1941 (Farwell to Arms) eftir Ernest Miller Hemingway né við endurútgáfuna 1977. Fyrsta þýðing hans á titlinum var „Kveðja til vopnanna“, sem er afleit þýðing. HKL átti síðan í miklu stríði við þýðinguna; fékk ákúrur frá Kennarafélagi Suður-Þingeyinga fyrir aðför að íslensku ritmáli og alnafni hans, skólastjóri í Vestmannaeyjum, taldi um fjögur þúsund ritvillur áður en hann skrifaði ádeilugrein í Tímann.

En Sigfús Daðason, skáld, ritaði í varnargrein: „... var þýðing Halldórs mér einnig fyrsta lexía í þýðingarfræði, og mér lærðist þá þegar að frumtexti og þýðing er sitt hvað.“

Ekki tala í nafnhætti

Íþróttafréttamenn eru verstu nafnháttanotendurnir, en nýbúar eiga líka erfitt með beygingu íslenskra sagna, svo þeir nota nafnhátt í staðinn.

Þeir segja: „Ég er ekki að skilja þetta“ í stað: „Ég skil þetta ekki“. Og Íslendingar taka undir þetta og segja: „Herjólfur er ekki að sigla ...“ í stað: „Herjólfur siglir ekki.“ Í lífsstílsþætti var sagt: „Hvað ertu að nota á húðina ... í stað: „Hvað notarðu á húðina?“ Í Útsvari var spurt: „Eruð þið ekki að finna fyrir því ... “ í stað: „Finnið þið ekki fyrir því?“ Stórlax í viðskiptaheiminum sagði: „Hefur ekki verið að skila sama árangri ...“ í stað: „Hefur ekki skilað sama árangri ...“ Í tilefni ofangreinds þáttar um íslenskt mál á RÚV hófst grein í Fréttablaðinu á setningunni: „Við erum að fara að vaða í tökur á þessu.“ ... og dæmi nú hver fyrir sig.

Það versta við svona greinar er að þeir sem þyrftu að lesa þær gera það ekki, því bið ég þig, lesandi góður, að benda þeim á greinina sem þér finnst að ættu að lesa hana. Besta ráðið gaf ég í upphafi: Klippið greinina út, plastið, hengið upp á vegg og lesið daglega.

➜ Hugsaðu áður en þú talar. Ef þú hugsar ekki hraðar en þú talar, skaltu varast að segja „hérna“ í öðru hverju orði, eins og fjórir af hverjum fimm Íslendingum, því fátt sker jafnilla í eyru. Ef þú hefur ekki tekið eftir þessu, skaltu hlusta á viðtalsþætti í útvarpi og sjónvarpi, t.d. Í vikulokin, Sunnudagsmorgun, Kastljósið eða Kiljuna og fréttaviðtöl.

Hvernig kemst ég heim?

UMFERÐAR-ÖRYGGI

Einar Guðmundsson
formaður Brautarinnar

Nú í jólamánuðinum eru margir sem gera sér glaðan dag, hitta vini og kunningja, fara út að borða eða gera sér dagamun með öðrum hætti. Oft fylgir að lyfta glösum í góðra vina hópi.

Þegar heim skal halda getur verið freistandi að fara bara á bílnum. Þetta voru bara 1-2 glös eða bjórar, eða mesta lagi 3-5. Eða hvað? Er ekki örugglega í lagi að aka eftir svo litla áfengisneyslu?

Lögin eru skýr

Umferðarlögin eru skýr hvað þetta varðar. Ekki má aka eftir að hafa neytt áfengis eða vímuefna. Þó refsiraminn sé miðaður við 0,5 prómill eins og er, þá er það lögbrot engu að síður að aka með 0,3 prómill í blóði. Ekki er ólíklegt að þegar ný umferðarlög taka gildi verði þessi mörk 0,2 prómill. Það er nefnilega meira vitað í dag um áhrif áfengis á akstur en var um miðja síðustu öld þegar 0,5 prómillmörkin voru sett. Þá er akstur undir áhrifum fíkniefna alltaf bannaður.

Óásættanlegt

Það er óásættanlegt að aka undir áhrifum áfengis og vímuefna og því er mikilvægt að hafa í huga áður en menn gera sér glaðan dag að gera ráðstafanir til að komast heim aftur án þess að aka hafi þeir neytt áfengis. Fá einhvern annan sem ekki er undir áhrifum til að taka bílinn, taka leigubíl eða finna aðrar leiðir til að komast heim. Eitt af því sem gerist við neyslu áfengra drykkja er að dómgreindin minnkar og því verður erfiðara fyrir okkur að meta hvort við erum hæf til að aka heim að loknum gleðskapnum eða ekki. Við þær aðstæður er best að bíllinn eða bíllyklarnir séu ekki nálægt til að freista síður til aksturs.

Yfir 70 teknir ölvaðir í hverjum mánuði

Milli 8-900 ökumenn gerast brotlegir árlega vegna ölvunaraksturs eða yfir 70 manns í mánuði. Sem betur fer er að verða viðhorfsbreyting til batnaðar því árið 2007 voru tæplega 110 manns brotlegir á mánuði. Þetta gerir um 34% minnkun. En þó er langt í land enn að koma þessu í lag, því þetta eru tölur lögreglu og þá vantar alveg þá sem lögreglan nær ekki til.

Áhyggjur í dag eru ekki síður vegna þeirra sem aka undir áhrifum vímuefna en þeim sem lögreglan hefur stöðvað hefur fjölgað ár frá ári frá því að vera 344 árið 2007 og upp í 702 árið 2012 eða um 104 %.

Rétturinn til þess að komast heilu og höldnu milli staða

Við sem notum umferðina daglega til að komast milli staða eigum rétt á því að komast heilu og höldnu milli staða án þess að eiga á hættu að ölvaður ökumaður eða undir áhrifum vímuefna skapi okkur hættu.

Um leið og Brautin – bindindisfélag ökumanna óskar öllum gleðilegra jóla hvetjum við ökumenn til að vera búnir að skipuleggja heimferðina í byrjun og tryggja að enginn aki ölvaður heim.

➜ Fjöldi skráðra brota hjá lögreglu



➜ Það er óásættanlegt að aka undir áhrifum áfengis og vímuefna og því er mikilvægt að hafa í huga áður en menn gera sér glaðan dag að gera ráðstafanir til að komast heim aftur án þess að aka hafi þeir neytt áfengis. Fá einhvern annan sem ekki er undir áhrifum til að taka bílinn, taka leigubíl eða finna aðrar leiðir til að komast heim.

ALLT Í PAKKANN
LEKI
GÖNGUSTAFIR
TRAUSTIR OG VANDAÐIR
9.990 KR.
NORTH FACE
NORTH FACE ÚLPUR Í MIKLU ÚRVALI
FRÁ 39.990 KR.
HELLY HANSEN
ULLARNÆRFÖT - VELDU HLÝJU Í JÓLAPAKKANN
FRÁ 10.990 KR.
20%
JÓLAAFSLÁTTUR
AF JAMIS HJÓLUM FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
VICTORYNOX
CLASSIC VASAHNÍFAR
FRÁ 3.790 KR.
BAKPOKAR
DEUTER FUTURA
DAGPOKAR
FRÁ 18.990 KR.
20%
JÓLAAFSLÁTTUR
AF ÖLLUM MEINDL GÖNGUSKÓM
20%
PAKKAAFSLÁTTUR
EF KEYPT ERU SKÍÐI, BINDINGAR OG SKÓR
SNOWLINE
HÁLKU OG GÖNGUBRODDAR
FRÁ 8.990 KR.
SCARPA
MOJITO LITAGLÖÐU GÖNGUSKÓRNIR
(MARGIR LITIR)
23.990 KR.
Fáðu aðstoð við valið á réttu jólagjöfunum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
Fatnaður á mynd: Didriksons

Rafbílar – stefna óskast

ORKUMÁL

Magnús Jónsson
veðurfræðingur og áhugamaður um rafbílavæðingu

Norðmenn hafa tekið afgerandi forystu meðal þjóða heims í rafvæðingu bílaflota síns. Í nóvember voru rafbílar um 14% af öllum seldum bílum í Noregi og Nissan Leaf var mest selda einstaka bílategundin í þessum sama mánuði. Nú eru yfir 17 þúsund rafbílar á vegum Noregs og hefur sala þeirra milli ára meira en tvöfaldast. Allt bendir því til þess að opinbert markmið Norðmanna um 200 þúsund rafbíla í landinu árið 2020 náist og meira en það.

Skýr stefna í Noregi

Þessi árangur hefur fyrst og fremst náðst vegna þess að norsk stjórnvöld, bæði ríkisstjórn, þjóðþing og sveitarstjórnir hafa mótað og stutt þá stefnu að rafvæða bifreiðaflotann. Um áratugur er síðan slík stefna var fyrst sett fram. Þar á bæ voru menn því vel undir það búnir að taka á móti „alvöru"-rafbílum sem hafa verið að koma á markaðinn á síðustu 2-3 árum svo sem Nissan Leaf, Tesla o.fl. Með opinberum stuðningi hafa verið settar upp í landinu yfir 200 hraðhleðslustöðvar og fjörutíu bætast við á næstunni. Sveitarfélög hafa haft frumkvæði að uppbyggingu meira en 4.000 minni hleðslustöðva, sem flestar eru í eigu þeirra. Þau hafa einnig veitt rafbílum margs konar forréttindi í akstri svo og fríðindi í bílastæðum.

Horft í allar áttir á Íslandi

Þrátt fyrir að hvergi í heiminum séu jafn hagstæðar aðstæður fyrir rafbíla og á Íslandi eru aðeins nokkrir tugir rafbíla á vegum Íslands. Meginástæða þess að ekki hefur orðið hliðstæð þróun hérlendis og í Noregi er,að mati undirritaðs, skortur á opinberri stefnu. Hér á landi hefur verið sett fram almenn opinber stefna um orkuskipti í samgöngum sem formlega var gefin út í nóvember 2012. Þar segir í einum stefnuliða skjalsins: „Gerð verði hagkvæmnisathugun á uppbyggingu innviða fyrir ALLA kosti orkuskipta, þ.e.a.s. mismunandi orkugjafa og orkubera." Hér er beinlínis sagt að stjórnvöld ætli ekki að hafa neina skoðun á því hvers konar orkuskipti eigi að fara fram í samgöngum.

Fróðlegt er að bera þetta stefnuleysi í orkumálum bifreiða saman við þá stefnu sem stjórnvöld hér á landi mótuðu í orkuskiptum til húshitunar á 8. áratug síðustu aldar. Óruggt má telja að hitaveituvæðingin hér á landi hefði ekki átt sér stað með jafnafgerandi árangri ef engin opinber stefna hefði þá verið mótuð né henni fylgt eftir með margs konar frumkvæði og stuðningi. Þjóðin nýtur þess í dag því talið er að uppbygging hitaveitna um allt land spari árlega um 70 milljarða króna og það að mestu í erlendum gjaldeyri.

Ódýrir innviðir

Á Íslandi er til staðar ónýtt umframraforka sem duga myndi til að knýja allan bílaflota landsmanna væri honum skipt í rafbíla. Rafmagn er aðgengilegt um mest allt land og því eru allir grunninnviðir til staðar, þótt sums staðar þurfi að efla flutningsgetu raflína. Reikna má með að hver hraðhleðslustöð kosti að jafnaði um fimm milljónir króna og fyrir nokkur hundruð milljónir og á nokkrum mánuðum mætti koma upp öflugu neti slíkra stöðva á öllu landinu. Ekki þarf að hafa mörg orð um yfirburði raforkunnar. Hún hefur a.m.k. þrefalt hærri nýtnistuðul en allt brennsluefni og kostar aðeins 5-10% af því sem jarðefnaeldsneytið kostar.

➜ Þrátt fyrir að hvergi í heiminum séu jafn hagstæðar aðstæður fyrir rafbíla og á Íslandi eru aðeins nokkrir tugir rafbíla á vegum Íslands. Meginástæða þess að ekki hefur orðið hliðstæð þróun hérlendis og í Noregi er, að mati undirritaðs, skortur á opinberri stefnu.

Framtíðin er komin

Tímabært er að endurskoða þá „allra kosta"-stefnu sem opinberlega er til staðar um orkuskipti í samgöngum. Að láta markaðinn ráða för í þessu máli er að mínu mati álíka heppilegt og ef olíufélögin og raforkufyrirtækin hefðu mótað húshitunarstefnuna fyrir 30-40 árum. Þá hafa einstök fyrirtæki í umferðargeiranum lítinn ávinning af því að rafbílar nái hratt fótfestu hér á landi. „Rafbílavæðing er ekki lengur framtíðin, hún er nútíminn" svo vitnað sé í orð formanns orku- og umhverfisnefndar norska stórþingsins fyrir nokkrum dögum.

Makríll - úthlutun og uppboð veiðiheimilda

Úthlutun heimilda til veiða á makríl hefur verið til umræðu. Útgerðamenn leggja til og telja eðlilegt að veiðiheimildum makríls verði úthlutað varanlega líkt og gert er með aðrar veiðiheimildir. Aðrir benda á að selja ætti veiðirétt á uppboði sem myndað gæti öflugan tekjustofn fyrir ríkissjóð.

SJÁVARÚTVEGUR

Darri Gunnarsson
framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri LÍÚ, Kolbeinn Árnason og fréttamaðurinn Þorbjörn Þórðarson ræddu þetta í Klinkinu á visir.is fyrir stuttu. Þorbjörn sótti fast að framkvæmdastjóranum með hugmyndir um uppboð makrílkvóta. Hann benti á að makrílævintýrið væri til komið vegna breytinga á göngumynstri makríls en ekki áralangrar veiðireynslu útgerða. Útflutningsverðmæti makrílafurða væri um 25 milljarðar á ári og afkoma í greininni góð. Kolbeinn Árnason tiltók rök fyrir varanlegri úthlutun. Tilkostnaður við veiðarnar væri mikill, ekki væri réttlátt að skattleggja sjávarútveg umfram aðrar greinar og að afkoma makrílveiða væri ofmetin. Fyrirtækin þurfi að skipuleggja starfsemi sína á grundvelli veiðiheimilda. Útgerðarmenn telja eðlilegt að makríllin verði felldur inn útfærslu á samningaleiðinni eins og aðrar veiðiheimildir. Heimildum verði þá úthlutað til langs tíma og afgjald ákveðið í samræmi við hagnað.

Hvalrekinn

Makrílgengd á Íslandsmiðum er hvalreki. Afkoma veiða og vinnslu er sú besta sem þekkist í greininni, ævintýralega góð. Þó tilkostnaður við veiðar sé mikill hefur makríllinn aukið verulega nýtingu á skipum og búnaði sem notuð eru við veiðar og vinnslu á síld og loðnu. Veiðitími skarast lítið við aðrar veiðar. Veiðar á makríl hafa því aukið nýtingu fjárfestinga í veiðum og vinnslu uppsjávarfiska.

Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa ekki fjárfest í aflaheimildum á makríl. Slíkar fjárfestingar hafa verið sterkustu rökin fyrir langtímasamningum um afnot. Þau eiga ekki við hér. Makríllinn er sérstakur, og verðskuldar sérstaka aðferð við úthlutun. Það er rangt að fella veiðiheimildir í makríl að kerfi sem sett var á til hagræðingar og sniðið að öðrum forsendum en hér um ræðir. Þetta á ekki síst við nú í ljósi þröngrar stöðu ríkissjóðs.

➜ Staða ríkissjóðs er slík að ekki leyfist að horfa fram hjá möguleikum til aukinnar tekjuöflunar.

Varað er við því að stjórnvöld útdeili heimildum til lengri tíma. Uppboð veiðiheimilda eru sanngjörn og skynsamleg leið þar sem sjávarútvegsfyrirtækin ákvarða verðið í samkeppni hvert við annað.

Ólíklegt er að sátt náist um að bjóða út allar veiðiheimildir í makríl. Hér er því lagt til að fara bil beggja. Hluta veiðiheimilda í makríl verði úthlutað til útgerða gegn föstu gjaldi. Hinn hluti þeirra verði seldur á uppboðum.

Varfærið en árangursríkt

Kostir við þetta fyrirkomulag eru margir. Samningsbundin úthlutun gæti skapað útgerðar- og vinnslufyrirtækjum grunn til að skipuleggja starfsemi sína. Ríkið hefði tekjur af uppboðum sem gætu verið fleiri en eitt. Að líkindum yrði verð á uppboðum mun hærra en gjald fyrir úthlutaðar heimildir vegna jaðaráhrifa. T.d. mætti úthluta helmingi veiðiheimilda og selja hinn helminginn á nokkrum skipulögðum uppboðum. Hér er því ekki lagt til að gjörbreyta úthlutun í einu vetfangi heldur að fara varfærna en áhrifaríka leið til þess að nota uppboðsmarkað til úthlutunar heimilda.

Staða ríkissjóðs er slík að ekki leyfist að horfa fram hjá möguleikum til aukinnar tekjuöflunar. Það tímabært að innleiða samkeppni og virkan markað við úthlutun veiðiheimilda. Makríllinn er kjörinn til þessa. Tekjur og verð af uppboðssölu heimilda mundu ákvarðast af getu þeirra sem best standa sig. Þeir fengju mest í sinn hlut. Reynslan af uppboðum væri þjóðinni og útgerðunum dýrmæt reynsla.

Úthlutum og bjóðum upp veiðiheimildir. Náum við sátt um það?

Nefnifallsfárið

ÍSLENSKT MÁL

Þorsteinn Sæmundsson
stjörnufræðingur

Örn Bárður Jónsson, sóknarprestur og „áhugamaður um ástkæra, ylhýra málið", ritar grein í Fréttablaðið 29. nóvember um það sem hann kallar nefnifallsfár. Beinir hann spjótum sínum sérstaklega að póstþjónustunni, sem á sínum tíma ákvað að nöfn póststöðva skyldi rita í nefnifalli. Séra Örn er ekki sá fyrsti sem kvartar yfir þessu. Ágæt grein um þetta efni birtist í Morgunblaðinu 28. ágúst 1985 undir fyrirsögninni „Er Stafholt í Borgarnesi?"

Höfundurinn, dr. Björn S. Stefánsson, benti á þann möguleika að sleppa nafni póststöðvar þegar svo bæri undir, en rita einungis póstnúmerið, ef til vill með stafnum P á undan (t.d. P-101). Síðan eru liðnir tæpir þrír áratugir, og flestir virðast hafa sætt sig við nefnifallið í póstáritunum.

Nafni póststöðvar ofaukið

Sjálfur hef ég alla tíð verið ósáttur við þessa reglu. Ég nefni sem dæmi, að þegar ég þurfti að rita bréf til frænda míns sem býr að Núpstúni í Hrunamannahreppi, átti utanáskriftin að enda á 801 Selfoss. Burtséð frá nefnifallinu eru fullir 40 kílómetrar frá Núpstúni að Selfossi. Þetta skánaði að vísu þegar pósthús var opnað að Flúðum, sem er töluvert nær Núpstúni. Í stað 801 Selfoss kom þá 845 Flúðir, og gildir það enn þó að pósthúsið að Flúðum hafi reyndar verið lagt niður.

➜ Íslandspóstur hlýtur að teljast fullfær um að ráða í eigin póstnúmer, og því ætti að vera óþarfi að tilgreina nafn póststöðvar.

Þótt ég skilji röksemdir póstyfirvalda fyrir nefnifallinu hef ég verið sammála Birni Stefánssyni um það að nafni póststöðvar í utanáskrift sé ofaukið. Ég hef því haft þann háttinn á að rita einungis póstnúmerið, en með IS framan við, líkt og útlendingum er ætlað að gera. Utanáskriftin til frænda míns verður þá sem hér segir:

Hr. Brynjólfur Guðmundsson
Núpstúni
Hrunamannahreppi
Árnessýslu
IS-845

Íslandspóstur hlýtur að teljast fullfær um að ráða í eigin póstnúmer, og því ætti að vera óþarfi að tilgreina nafn póststöðvar (sem jafnvel er á vergangi, hafi pósthúsið verið lagt niður). Aðferð mín gæti gagnast öðrum sem þykir ankannalegt að rita póststöðvarnöfn í nefnifalli.

markhönnun ehf

PARTÍRÉTTIR

2.599 KR

NÝJIR HEILSURÉTTIR FJÖLSKYLDUNNAR

3.244 KR



LEIÐIN TIL SIGURS
GUNNLAUGUR GUÐMUNDSSON

2.594 KR

Þú færð jólabækurnar í Nettó

FLOTTAR NEGLUR

1.965 KR



AMMA GLÆPON
DAVID WILLIAMS

2.793 KR

HEILSUBAKSTUR
AUÐUR I. KONRÁÐSDÓTTIR

2.583 KR



DÚKKULÝSUTASKAN MÍN

1.973 KR

ÍSLENSKU DÝRIN MÍN

1.979 KR

ONE DIRECTION

1.393 KR

DAGBÓKIN MÍN

1.973 KR

ÓVÆNT VINÁTTA
JENNIFER S. HOLLAND

1.973 KR

netto bækur

Kræsingar & kostakjör

www.netto.is

Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

1.
Metsölulisti Eymundsson

Verð kr. 4.999

3.
Metsölulisti Eymundsson

Vildartilboð **kr. 5.499**
Fullt verð kr. 6.499



Vildartilboð **kr. 5.399**
Fullt verð kr. 6.299

Vildartilboð **kr. 3.599**
Fullt verð kr. 3.999

Vildartilboð **kr. 4.899**
Fullt verð kr. 5.499

EKKI GLEYMA GJAFAKORTI EYMUNDSSON!

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

40%

VILDARAFSLÁTTUR AF

ÖLLU

JÓLASKRAUTI

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

PENNINN

Eymundsson
Bókaverslun frá 1872

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboða er frá 19. desember til og með 22.desember eða á meðan birgðir endast.

Sólstöðumínútan 17:11, 21. 12. 2013

NÁTTÚRA

Þór Jakobsson
veðurfræðingur

➜ Nú á vetrarsólstöðum skulum við staldra við andartak og njóta þess að furða okkur á eigin tilveru. Það borgar sig. Sjáumst svo í næstu sumarsólstöðugöngu.

Laugardaginn 21. desember 2013 verða vetrarsólstöður, nánar tiltekið í Reykjavík samkvæmt Almanaki þjóðvinafélagsins kl. 17:11. Frá þeirri stundu fer hádegissól að hækka dag frá degi. Enn mun þó vetur ríkja því að sinn tíma tekur það sólina að verma lofthjúpinn svo að fari að vora. Veðurfar á hverjum stað mótast af úthöfum og lofthjúpi sem vinna í sífellu að því að fleyta ofgnótt sólarorkunnar frá miðbaug í átt til pólanna.

Fyrirrennari jólahátíðar

Mörg þúsund ár, sennilega tugir þúsunda ára, eru síðan menn byrjuðu að fagna þessum tímamótum í náttúrunnar ríki og halda hátíðir á sumar- og vetrarsólstöðum. Er skemmst frá að segja að jólin tóku á sínum tíma við af hátíð sem upprunalega var haldin í tilefni vetrarsólstaða. Inntakið breyttist en auk þess hafa hátíðahöld nútímans orðið viðskila við sjálfar vetrarsólstöðurnar, daginn sem þær eru.

Nú eru bráðum þrír áratugir síðan fyrsta árlega sumarsólstöðugangan í Reykjavík og nágrenni var farin. Lítill hópur samherja hefur skipulagt gönguna og reynt að koma á nýrri hefð sem við vonum að haldist og eflist með tímanum. Leiðin var lengi framan af breytileg frá einu ári til annars en síðasta áratuginn var gengin sama leiðin nokkur ár í röð, m.a. hringleið um Öskjuhlíð nokkrum sinnum og þrjú undanfarin ár um Viðey. Tilgangur sólstöðugöngunnar er í senn jarðbundinn og háfleygur.

Annars vegar er auðvitað heilsusamlegt og upplífgandi þegar sól er hæst á lofti að taka þátt í rólegri hópgöngu fólks á öllum aldri, njóta samveru skyldmenna eða kynna við ókunnuga – og þar við bætist fróðleikur leiðsögumanna um það sem fyrir augu ber á göngunni, fróðleikur um náttúru og sögu. En hins vegar er sólstöðugöngunni ætlað að vera dálítil stund til að leiða hugann að ráðgátum tilverunnar og gleðjast yfir lífinu þrátt fyrir strit og erfiðleika, gleðjast yfir því að hafa fengið tækifæri til að taka þátt í hinu mikla leikriti tilverunnar nokkur ár. Fyrir hundrað árum voru við ekki til og eftir önnur hundrað verðum við ekki til, altént ekki hér!

Íhugað á sólstöðumínútu

Meginatriði hinnar árlegu sólstöðuhátíðar er sólstöðumínútan sem sólstöðugönguhópurinn hefur nefnt svo, tímamótin tvenn á fer jarðar um sólu. Við stöldrum við, sólstöðumínútuna, og íhugum í þögn. Það er eitt sem er magnað við sólstöðumínútuna ef svo mætti segja: hún er á sama tíma um alla jörð! Þetta finnst mörgum augljóst en það er draumur sólstöðuhópsins að fólk víðs vegar um lönd komi sér saman um að fagna sólstöðumínútunni, þá samtímis um alla jörð í „meðmælagöngu með lífinu og menningunni“.

Nú á vetrarsólstöðum skulum við staldra við andartak og njóta þess að furða okkur á eigin tilveru. Það borgar sig. Sjáumst svo í næstu sumarsólstöðugöngu.

Íslendingaheilkennið

SAMFÉLAGSMÁL

Árni Richard Árnason
stærðfræðingur

➜ Sá sem er haldinn Íslendingaheilkenninu er með eindæmum skammsýnn.

Kaupmáttur meðaltímakaups á Íslandi er lægri en á Spáni, þrátt fyrir að Íslendingar séu ríkir af auðlindum og fái fleiri ferðamenn miðað við höfðatölu. Því veldur óhagkvæmni einangraðs íslensks hagkerfis þar sem störf eru varin og mynduð með íhlutun stjórnmálamanna.

Íslenskt hagkerfi einkennist af stjórnlyndi og ríkissósíalisma, og almenningur virðist halda að hlutverk stjórnmálamanna sé að skapa störf og hagvöxt. Hér eru einkenni að verki sem ég kalla Íslendingaheilkennið, en mætti líka nefna Þettareddast-heilkennið eða frekar Reddið-þessu-heilkennið. Ég ætla að reyna að gera þessu heilkenni skil með þessum pistli.

Einkennin

Sá sem er haldinn Íslendingaheilkenninu er með eindæmum skammsýnn. Hann aðhyllist ekki langtímalausnir, heldur töfralausnir. Hann hugsar oft stórt, en ekki mjög djúpt, og mest í eigin þágu. Hann virðist frjálslyndur gagnvart því hvernig annað fólk lifir sínu lífi, sem er stundum mistúlkað sem umburðarlyndi eða virðing, en í rauninni er honum sama um annað fólk á meðan það skaðar hann ekki. Hann óttast útlendinga sem geta svipt hann lífsviðurværi sínu og jafnvel stolið auðlindum þjóðar hans. Hann vill auka ríkidæmi sitt hratt, til dæmis með því að láta virkja fallvötn og byggja álver sem skapar gervihagvöxt.

Fylgifiskur gervihagvaxtar er þó að hann gengur til baka, með tilheyrandi samdrætti, en það stöðvar ekki þann sem er haldinn Íslendingaheilkenninu því hann hugsar ekki svo langt. Hann þolir illa viðvaranir eða svartsýnisböl, sérstaklega ef slíkt kemur frá útlendingum. Hann lætur sér ekki segjast, enda væri það „aðför að sjálfstæðinu“ að fylgja ráðgjöf útlendinga. „Allt sem er íslenskt er gott, sérstaklega hin blessaða króna sem kemur hagkerfinu til bjargar með sveigjanleika sínum.“ Þó er krónan í hlekkjum og blóðsýgur íslenskt hagkerfi, þar sem blóðið er í formi vaxtagreiðslna til erlendra lánardrottna og kröfuhafa.

En sá sem er haldinn Íslendingaheilkenninu er eindæma þrjóskur þegar kemur að því sem íslenskt er, enda er hann íslenskari en páfinn. Ef lausnir bjóðast sem fela í sér langtímasamstarf við útlendinga þá er þeim hafnað á þeim forsendum að lausnirnar séu ekki töfralausnir, nema með þeirri undantekningu að um styrki sé að ræða. „Þetta er líka allt saman útlendingum að kenna. Íslendingar eru svo sjálfstæð þjóð. Þetta reddast.“

Áhrif á samfélagið

Íslendinga sem eru veikir af Íslendingaheilkenninu er að finna í öllum starfsstéttum á Íslandi, og þeir gegnsýra allt íslenskt samfélag, svo að tala má um faraldur í þessu samhengi. Birtingarmynd þessa er einkum skýrust í fjármálaheiminum, fjölmiðlum og stjórnmálum.

Um það fyrstnefnda þarf ég ekki að fara mörgum orðum, enda þekkja allir þann skaða sem hefur hlotist af Íslendingaheilkenninu á þeim vettvangi, þó að fæstir kunni góð skil á heilkenninu sjálfu. Íslenskir fjölmiðlar eru að mestu leyti slúðurfréttamiðlar með það meginmarkmið að endursegja hvað fólk sagði í stað þess að greina og skýra hvað gerðist eða mun gerast.

Eitt vinsælasta viðfangsefni fjölmiðlastéttarinnar er fjölmiðlastéttin sjálf. Hvar annars staðar í heiminum birtast reglulega fréttatilkynningar um óléttu fjölmiðlakvenna? Hvar annars staðar í heiminum getur fólk orðið „frægt“ fyrir ekki merkilegri afrek en að vera fyllibyttur eða dópistar? Lágkúrulegar slúðurfréttir eru vinsælasta efni veffjölmiðlanna og framboðið mætir eftirspurn.

Íslendingaheilkennið og grunnhyggnin ráða ríkjum. Ástandið minnir óþægilega mikið á gamlar zombí-kvikmyndir, með þeirri undantekningu að zombí-áhrifin eru aðeins innvortis, smitast sennilega ekki við bit, og gætu verið meðfædd.

Kjósendur vilja skammtímalausnir

Alþingi er helsta vígi Íslendingaheilkennisins. Þar ræða hugsjónalausir stjórnmálamenn skammtímalausnir sem eru best fallnar til þess að kaupa atkvæði auðkeyptra kjósenda. Sem betur fer fyrir stjórnmálamenn þá muna kjósendur ekki langt aftur, og hugsa ekki langt fram í tímann, enda flestir haldnir Íslendingaheilkenninu. En stjórnmálamönnum er refsað fljótt ef þeir finna ekki skammtímalausnir hið fyrsta sem gefa fólki aura í vasann, og því eiga stjórnmálamenn með framtíðarsýn ekki upp á pallborðið hjá kjósendum.

Til allrar hamingju fyrir ráðandi stjórnmálamenn þá hafa þeir þjálfað hæfni sína í að finna fjármuni og þeir geta jafnvel tekið þá af framtíðarskattgreiðslum, jafnvel þó að óvíst sé að þær muni nokkurn tímann eiga sér stað. Kjósendur hafa engar áhyggjur af því, enda er það þeim ofviða að hugsa svo langt fram í tímann. „Þetta reddast.“

Að svo komnu er Íslendingaheilkennið einangrað við Ísland sökum legu landsins. Ef þú býrð utan Íslands, þá hef ég þetta að segja: Don't panic.

Vertu með!
FERÐAFJÖR NOTAÐRA BÍLA
Kauptu notaðan bíl af Brimborg og þú átt möguleika á að vinna
400.000 KR.
GJAFABRÉF FRÁ WOWair*
DRÖGUM Á ÞORLÁKSMESSU!
FERÐAFJÖRINU ER AÐ LJÚKA!
ERUM Í SAMNINGSSTUÐI
GERÐU GÓÐ KAUP
NOTAÐIR BÍLAR
Í MIKLU ÚRVALI
TÖKUM ALLAR
GERÐIR BÍLA UPPÍ!
FINNDU BÍLINN ÞINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS
MIKIÐ AF BÍLUM Á TILBOÐI!
Skoðaðu úrvalið á
NOTADIR.BRIMBORG.IS
Notaðir bílar - Brimborg
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050
brimborg
Öruggur staður til að vera á
*Allir sem kaupa notaðan bíl af Brimborg á tímabilinu 7. nóvember 2013 til og með 20. desember 2013 fara í pott. Einn heppinn vinningshafi verður svo dreginn út 23. desember 2013 og fær hann 400.000 kr. gjafabréf frá WOW air (athugið á ekki við um umboðssölubíla).

KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr og snjöll

JÓLAMATUR FYRIR ALLA!

1398 kr. kg

Krónu hamborgarhryggur

2998 kr. kg

Sambands hangilæri, úrbeinað

23% afsláttur

998 kr. kg

Verð áður ~~1298~~ kr. kg

Grísahryggur með pöru

Lengri opnunartími!

opið 10-22

Í Krónunni Akranesi, Bíldshöfða, Granda, Lindum, Mosfellsbæ og á Selfossi

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar yfir jól og áramót á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

†

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

HANNES ÞORKELSSON
hjúkrunar- og dvalarheimilinu Gund,

andaðist að kvöldi mánudagsins
16. desember. Útför verður auglýst síðar.

Ástríður Ingibjörg Hannesdóttir
Helga Hannesdóttir
Bjarndís Hannesdóttir — **Henry Olaniyi Ojofeitimi**
Gunnlaug Hannesdóttir — **Hlynur Bergvin Gunnarsson**
Anna Kristín Hannesdóttir — **Helgi Helgason**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför elskulegrar dóttur okkar, móður og systur,

BERGLINDAR HEIÐU GUÐMUNDSDÓTTUR.

Sérstakar þakkir til allra hinna yndislegu vina fyrir veittan stuðning og hlýju.
Guð blessi ykkur öll og gefi ykkur gleðileg jól.

Bjarnheiður Einarsdóttir
Guðmundur Sigursteinsson
Bjarnheiður Ninja Sigmundsdóttir
Sæunn Árný Sigmundsdóttir
Kristján Már Hilmarsson — **Helga Nanna Guðmundsdóttir**

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

STEFANÍU ÞÓRÐARDÓTTUR.

Eiríkur Runólfsson
Rúnar Eiríksson — **Auður Hjálmarsdóttir**
Jón S. Eiríksson — **Þórdís Þórðardóttir**
Emma G. Eiríksdóttir — **Hafþór Gestsson**
Þórður Eiríksson — **Erla Karlsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Okkar kæri,

EINAR ERLENDUR HELGASON
kennari og myndlistarmaður,
Einilundi 4b, Akureyri,

lést 15. desember. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju á þorláksmessudag, mánudaginn 23. desember kl. 10.30.
Blóm og kransar afþakkaðir, þeim sem vilja minnast hans er bent á Parkinsonsfélagið á Akureyri.

Ásdís Karlsdóttir
Anton Einarsson
María Hrefna Einarsdóttir
Halla Einarsdóttir — **Jón Halldórs Bjarnason**
Hrönn Einarsdóttir — **Halldór Ómar Áskelsson**
Logi Már Einarsson — **Arnbjörg Sigurðardóttir**
Arna Einarsdóttir — **Samúel Björnsson**
Gauti Einarsson — **Hafdís Bjarnadóttir**
afa- og langafabörn.

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýju vegna andláts og útfarar ástkærrar systur minnar,

VALGERÐAR GUÐRÚNAR GUÐMUNDSDÓTTUR
frá Lundi, Grindavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á dvalarheimilinu Víðihlíð í Grindavík fyrir einstaklega góða umönnun og hlýtt viðmót.

Fyrir hönd aðstandenda,
Jón Valgeir Guðmundsson
frá Ísólfsskála.

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

JÓHANNA GUÐNÝ SIGURÐARDÓTTIR
Sóleyjarima 5,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir, sunnudaginn 15. desember. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju, föstudaginn 20. desember kl. 13.00.

Gunnar Jón Árnason
Katla Gunnarsdóttir — **Haukur Erlingsson**
Hreiðar Gunnarsson — **Halla Magnúsdóttir**
Sverrir Óskar Stefánsson — **Þórhildur Anna Jónsdóttir**
barnabörn og langömmubarn.

ÞETTA GERÐIST: 19. DESEMBER 1901

Tólf stórhýsi brunnu á Akureyri

„Bærinn er að brenna.“ Með þessum fréttum voru Akureyrarbúar vaktir um klukkan fjögur að morgni 19. desember árið 1901. Þeir sem fyrst litu út sáu loga slá upp um þakið á geymsluhúsi sem áfast var við Hótel Akureyri í miðjum bænum þar sem hann er þéttbyggðastur. Þar voru timburhús hvert við annað báðum megin strætisins sem er örmjótt.

Brunnu þarna tólf stór hús og urðu 52 heimilislausir. Ekkert slökkvilið var á Akureyri og engin slökkvidæla en bæjarbúar gengu svo rösklega fram við slökkvistarfið að þeim tókst að hefta útbreiðslu eldsins frekar. Annars hefði miðbærinn allur líklega brunnið.

GÓÐ GJÖF María Einisdóttir framkvæmdastjóri geðsviðs og Sigurdís Harpa Arnarsdóttir við afhendingu gjafarinnar.

Vill gleðja þá sem eiga um sárt að binda

Sigurdís Harpa Arnarsdóttir myndlistarkona vildi lífga upp á umhverfið á geðdeild Landspítalans og færði deildinni málverk eftir sig að gjöf í tilefni jólanna. Hún segir þó enga ástæðu til að binda gjafmildina við jólin, þeir sem geti eigi að deila með öðrum.

Mér finnst gott að láta gott af mér leiða og fannst vanta myndlist á veggi geðdeildarinnar þannig að ég ákvað að bæta úr því,“ segir Sigurdís Harpa Arnarsdóttir myndlistarmaður sem á dögunum færði geðdeild Landspítalans olíumálverk að gjöf. Málverkið heiti Sigur og var sérstaklega málað með Geðdeildina í huga. „Manneskjan á myndinni er að vakna og það er það sem gerist á geðdeildinni; fólk vaknar til lífsins á ný,“ segir Sigurdís.

Sigurdís útskrifaðist sem myndlistarmaður árið 1994 og hefur síðan haldið rúmlega fjörutíu sýningar. Hún segir erfitt að lifa af listinni en það sé þó hægt. Geðdeildin er ekki eina stofnunin sem hún hefur styrkt með myndlist því síðustu ár hefur hún farið í Kvennaathvarfið á aðfangadag og gefið þeim konum sem þar dveljast myndir eftir sig. „Ég á ekki mikið af peningum en gef það sem ég á, því mér finnst mikilvægt að gleðja þá sem eiga um sárt að binda og hvet aðra myndlistarmenn til að gera það sama,“ segir hún. „Það þurfa ekkert að vera jól til þess að maður gleðji aðra. Ef maður er aflögufær á einhvern hátt á maður að gefa með sér.“

fridrikab@frettabladid.is

†

Ástkæra dóttir okkar,
systir, mágkona og barnabarn,

ANIKA HELGADÓTTIR
Mýrarási 6, Reykjavík,

lést á Barnaspítalanum 13. desember sl.
Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 20. desember kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Umhyggju, félag langveikra barna, og Einstök börn.

Helgi Harðarson — **Guðrún Sóley Guðnadóttir**
Inga Sigurrós Guðnadóttir
Berglind Ósk Guðnadóttir — **Stefan Johannes Van Nierop**
Hörður Helgason
Hörður Sigmundsson — **Guðrún Þórðardóttir**

†

Elsku sonur okkar, bróðir og barnabarn,

SVEINN ZOËGA

lést á heimili sínu mánudaginn 16 desember.
Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju laugardaginn 21. desember kl. 14.00.
Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Gjafasjóð Rjóðursins, reikningsnúmer 513-26-22241, kt. 640394-4479.

Gunnar Zoëga — **Valdís Guðlaugsdóttir**
Jenný Zoëga
Guðlaugur Jónsson — **Sigríður Þorsteinsdóttir**
Jón Gunnar Zoëga — **Guðrún Björnsdóttir**

FRÉTTABLAÐIÐ

Vegna stærðar blaðsins á morgun, föstudag, verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.

Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í föstudagsblaðið færist því fram til kl. 13.30.

†

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

ÓLÖF ÓSK SIGURÐARDÓTTIR

lést að heimili sínu sunnudaginn 15. desember. Jarðarförin fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 20. desember klukkan 15.00.

Sigrún Björg Bragadóttir Barba — **Thomas Michael Barba**
Garðar Bragason — **Prapha Bragason**
Sigurður Axelsson — **Marcia Dias**
Jóhanna Elsa Axelsdóttir — **Gísli Vigfús Sigurðsson**
Björn Sigurðsson — **Bryndís Magnúsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

STELLA JÓNSDÓTTIR
Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,

lést mánudaginn 16. desember á dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri. Útförin fer fram frá Glerárkirkju mánudaginn 30. desember kl 13.:30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á dvalarheimilið Hlíð á Akureyri.

Ingibjörg Kjartansdóttir — **Gestur Björnsson**
Kjartan F. Kjartansson — **Dýrleif Ingvarsdóttir**
Sumarliði M. Kjartansson — **Björg Hjörleifsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

REGÍNA Í LINDAKIRKJU

Regína Ósk verður með sína árlegu fjölskyldujóla-tónleika í Lindakirkju í Kópavogi annað kvöld kl. 20. Flutt verða lög af jólaplötu hennar ásamt klassísk-um jólaperlum. Margir landsþekktir tónlistar-menn koma fram ásamt Regínu, þeirra á meðal er hinn eini sanni Raggi Bjarna.

TÆKIFÆRISGJAFIR

Margar gerðir Tiittala Mikið af flottum tilboðum

Tékk KRISTALL www.tk.is

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

Ný sending!

EST. 1998
BENEDIKTE UTZON

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

JÓLAGJÖF DÖMUNNAR
FRANK LYMAN /GLÆSIKJÓLAR

Skoðið laxdal.is

BERNHARÐ LAXDAL

Vertu vinur á Facebook

GILBERT Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari nýtir áralanga þekkingu og reynslu af úrsmíði til að tryggja strög-ustu kröfur.

EINSTÖK OG FÁGÆT

JS WATCH KYNNIR *Í einni af minnstu verslunum Laugavegs eru smíðuð há-gæðaúr sem vakið hafa heimsathygli og þeim skarta heimsþekktir einstaklingar.*

Fágæti úranna er það sem gerir þau eftirsóknarverð og einnig það að á skífu þeirra stendur Reykjavík. Þetta, ásamt vönduðu verki, framleiðslu og sígildu útliti, gerir úrin okkar einstök," segir Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíða-meistari um úr JS Watch co. Reykjavík sem vakið hafa athygli um víða ver-öld og nú gæta tímans fyrir heimsfræga einstak-linga sem lagt hafa leið sína til Gilberts á Louga-veginum til að eignast íslenskt úr.

Gilbert segir armandsúr vera sígilda jólagjöf sem alltaf hitti í mark.

„Úr er í senn skart og nytjahlutur. Úrin okkar eru íslensk frá grunni, þau eru hönnuð á teikniborði JS hér heima og allir íhlutir sérframleiddir eftir okkar hönnun í sérhæfðum verk-smiðjum í Þýskalandi og Sviss. Þá eru úrin sett saman hérlendis undir afar ströngu gæðaeftirliti," segir Gilbert sem nýtir ára-langa þekkingu og reynslu sína af úrsmíði til að tryggja að hvert og eitt úr standist ströngustu kröfur.

Vörulína JS Watch co. Reykjavík fer ört stækkandi og úrval úra hefur aldrei verið meira. Nánari upplýsingar um úr og hönnun má finna á www.gilbert.is

FRISLAND CLASSIC Þetta nýja úr skartar antík silfurskífu með rómversku og arabísku letri, handblámuðum vísum, handsaumaðri strútsól og kassa úr ryðfríu 316L-eðalstáli með safír-kristal gleri að framan og aftan svo sjá má gangverk úrsins, sem er sjálftrekkjandi með 25 rúbínsteinum, í gegnum bakhlið úrsins.

101 32MM Glæný úr-smíðin skartar vínrauðri, slípaðri skífu með róm-versku letri, stálól, kassa úr ryðfríu 316L-eðal-stáli og safír-kristalgleri að framan og aftan. Því má sjá gangverk úrsins, sem er sjálftrekkjandi með 25 rúbínsteinum, í gegnum bakhlið úrsins.

Jólagjafirnar í ár...

20% afsl.
IQ - CARE - Heilsukoddinn
Verð nú kr. 11.920.-

Saga / Freyja heilsudýnur á frábæru verði

Rafdrifnir hægindasófar
Verð kr. 219.900.-
Rafdrifnir hægindastóllar
Verð kr. 119.900.-

20% afsl.
Vinsæli viðhaldskoddinn
Verð nú kr. 15.920.-

20% afsl.
Hágæða sængurverasett
Mikið úrval

Vandaðir sloppar dömu/herra



Crabtree & Evelyn

Mikið úrval
Sængur, koddar, lök og hlífðardýnur

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Reverie®

RECOGNIZED FOR EXCELLENCE WOMEN CERTIFIED

REVERIE 3E Essential með IQ heilsudýnum
90x200cm x 2 rúm
Verð aðeins kr. 399.900.-
REVERIE 7S með IQ-Care heilsudýnum
90x200cm x 2 rúm
Verð aðeins kr. 499.900.-

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
www.svefn.is
Opið alla daga til jóla

Gerðu gæða- og verðsamanburð





Hér notaði Selma 527 lady red frá Maybelline og bar glært gloss yfir.



FJÓLUBLÁR Vínrauðir og dökkfjólubláir varalitir hafa notið vinsælda undanfarið. Hér notaði Selma 338 Midnight Plum frá Maybelline.

FÖRÐUNAR-FRÆÐINGUR Selma Karlsdóttir er kennari við förðunarskóla Snyrtiakademíunnar.
MYNDIR/STEFÁN

RAUTT FYRIR JÓLIN

VARALITUR *Selma Karlsdóttir, förðunarfræðingur og kennari við Snyrtiakademíuna, sýnir nokkra jólalega varaliti.*

Rauður litur er alltaf klassískur fyrir jólin en dökkvínrauður og jafnvel dökkfjólublár hefur verið mjög vinsæll í vetur, bæði hér á landi og erlendis," segir Selma, sem hefur komið víða við í snyrtifræðiheiminum. Hún hefur unnið nokkrum sinnum fyrir breska Vogue og farðaði til að mynda Russel Crowe þegar hann var á landinu í fyrrasumar. Þá hefur hún unnið við fjöldann allan af auglýsingum og sjónvarpsþáttum bæði sem framleiðandi og förðunarfræðingur.

Hún tók vel í að sýna lesendum Fólks hvernig best sé að bera sig að við varalitun yfir hátíðirnar. Hún fékk nokkra nemendur sína við Snyrtiakademíuna til liðs við sig og sýnir hér afraksturinn.

„Ég byrja á að móta varirnar með varablýanti og dreg litinn svo inn á með pensli. Mér þykir alltaf gott að skilja miðju varanna eftir ljósar, jafnvel dúmpa á þær með smá hyljara. Áður en ég set varalitinn á ber ég meikið á andlitið. Ég ber það alltaf yfir varirnar líka til að koma í veg fyrir skil," lýsir Selma og mælir með því að nota glært gloss yfir varalitinn enda geri það varirnar flottar.





Hér notaðir Selma varalitinn 530 fatal red frá Maybelline.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal |** Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

TRI SUÐURLANDSBRAUT 32

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND

CUBE
4.990kr

CUBE
4.990kr

CUBE
3.990kr

CUBE
3.990kr

CRAFT THERMAL GLOVE
3.990kr

CRAFT FACEPROTECTOR
4.990kr

CRAFT GRIP GLOVE
4.990kr

CRAFT THERMAL HAT
3.990kr

CRAFT SPLIT FINGERS GLOVE
9.990kr

CRAFT THERMAL HAT
3.990kr

CRAFT ALPINE SOCKS
4.990kr

BIKE RAIN BOOTIE
7.990kr

CRAFT
STORM TIGHTS
15.990KR

CRAFT
PERFORMANCE
21.990KR

CUBE
BLACKLINE
26.990KR

SWISSEYE
FRÁ 12.990KR

GIRO AMBIENT 2
7.990kr

CUBE SOCKS
2.490kr

CUBE SOCKS
2.490kr

ZOOT RUN GLOVE
4.990kr

SMART POLARIS
5.990kr

SMART TAIL LIGHT
1.990kr

SMART BLINKING LIGHT
2.490kr

SMART SUPERFLASH
4.990kr

CRAFT
PXC HIGH FUNCTION
13.990KR

CRAFT
PXC HIGH FUNCTION
22.990KR

ZOOT
RUN
15.990KR

CRAFT
ACTIVE
16.990KR

WWW.TRI.IS | INSTAGRAM: TRIVERSLUN | FACEBOOK/TRIVERSLUN

SKVÍSAÐU ÞIG UPP
FYRIR JÓLIN

FLOTT ÚRVAL AF FATNAÐI
Í STÆRÐUM 14-28

JÓLA OPNUN

Fimmtudag19.des.....11:00 til 20:00
Föstudag 20. des.....11:00 til 20:00
Laugadag 21.des.....11:00 til 20:00
Sunnudag 22. des.....12:00 til 18:00
Mánudag 23.des.....11:00 til 21:00
Aðfangadag 24.des.....11:00 til 13:00

Úrvalið er á www.curvy.is
SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER

Curvy.is
Sími 581-1552
Nóatún 17 , 105 RVK
www.curvy.is

GLÆNÝ TEPPI Teppin má ýmist nota sem gólf- eða sófateppi.

HLÝTT OG SKRAUTLEGT UM HÁLSINN

Volki framleiðir skrautlega trefla og fleira úr 100 prósent íslenskri ull. Öll framleiðslan fer fram á Íslandi.

Þær Elísabet Jónsdóttir og Olga Hrafnsdóttir hjá Volka leggja metnað sinn í að hanna og framleiða allar sínar vörur á Íslandi. Margar hverjar eru úr 100 prósent íslenskri ull og prjónaðar í þýskri prjónavél sem þær fluttu til landsins fyrir rúmu ári. Hún er frá árinu 2003 og er nýjasta iðnaðarprjónavél landsins.

Framleiðslunni tilheyra meðal annars vægast sagt skrautlegir treflar sem fást meðal annars í nýja menningarhúsinu Mengi sem var opnað á Óðinsgötu fyrir viku. Treflarnir fást í þremur mismunandi útgáfum. Einn er með gulum aðallit, annar með bleikum og þriðji með grænum. „Upphaflega voru treflarnir prjónaðir í heilu lagi í prjónavélinni en eru nú framleiddir hjá fyrirtækinu Kidka á Hvammstanga," segir Elísabet.

Nýjasta afurð Volka eru hnausþykk teppi með tvöfalt notagildi. Þau má bæði nota sem gólfteppi og sófateppi. „Við prjónum þau í vélinni og þæfum í kjölfarið," útskýrir Elísabet.



TILVLIÐ Í JÓLAPAKKANN Treflarnir fást í þremur mismunandi gerðum.

Öll framleiðsla Volka fæst í Mengi en þar er líka að finna málverk og ýmiss konar listaverk. Teppin og treflarnir fást auk þess í Hrím og Aurum.

VINSÆLASTA VERSLUNIN Á NETINU

Vinsælasta verslunin í Bandaríkjunum á netinu fyrir árið 2013 samkvæmt google.com er stórverslunin Kohl's ef marka má hversu oft nafni hennar var slegið upp í leitarvélinni. Google hefur birt lista yfir tíu verslanir sem oftast er leitað að. Margir hefði haldið að það væri H&M og Forever 21 en sú fyrrnefnda komst ekki á þennan lista. Flestum að óvörum var það Kohl's sem sló metið og sérstaklega í kringum þakkargjörðardaginn en verslanir bjóða mikinn afslátt daginn eftir hann. Kohl's er þekkt fyrir lágt vöruverð og hafa vinsældir verslunarinnar aukist mikið undanfarið.

Önnur verslun á listanum kom hins vegar ekki á óvart, stórverslunin JCPenney en hún selur fatnað á góðu verði fyrir alla fjölskylduna og sendir um allan heim.

En þannig hljómar listi Google-leitarvélarinnar fyrir árið 2013.

1. **Kohl's**
2. **JCPenney**
3. **Nordstrom**
4. **Forever 21**
5. **Victoria's Secret**
6. **Old Navy**
7. **Macy's**
8. **American Eagle**
9. **Nike**
10. **Dillard's**

Til gamans má geta að Google birtir einnig vinsælasta fólkið sem leitað var eftir á netinu og kemur engum á óvart að þar er Nelson Mandela efstur á lista. Næstur er Paul Walker, Malala Yousafzai, James Gandolfini, Miley Cyrus og Oscar Pistorius.

Þeir sem vilja skoða fleiri þætti sem Google nefnir geta farið inn á google.com/trends/topcharts

Jólagjafir hestamannsins fást í Líflandi

Óðinn hnakkur unga hestamannsins
nú á jólatilboði með ístöðum,
ístaðsólum og gjörð á aðeins **79.900.-**

Völdum hjálmum fylgja
My Style endurskinslitarendur
að eigin vali.

Verð frá **17.990.-**

Með hverju pari af
Hlýjan í vináttunni

Stína stórasæng er tilnefnd til Fjöruverðlauna í flokki barnabóka. Sagan fjallar um kuldaskræfuna Stínu og hvernig hún tekst á við óttann við kulda og snjó.

Sagan af Stínu stórusæng er þroskasaga íslenskrar kuldaskræfu sem lærir að yfirstíga eigin ótta og horfast í augu við hann. Höfundur bókarinnar er Lani Yamamoto, en hún flutti hingað til lands frá Bandaríkjunum fyrir 18 árum. Sagan er innblásin af hennar eigin reynslu af Íslandi, og er að einhverju leyti byggð á dóttur Lani og vinum hennar, sjálfstæði þeirra og uppátækjasemi.

Stína er mjög ráðagóð stelpa og hún tekur upp á ýmsu til þess að forðast kuldann. Það sem Stína kemst hins vegar að í lok sögunnar er að eina leiðin til að takast á við hann er alger andstæða þess sem hún hafði sjálf reynt. Í staðinn fyrir að reyna að forðast kuldann þá lærir hún að horfast í augu við hann. Sagan fjallar því í raun um mikilvægi þess að takast á við erfiðleikana með því að mæta þeim.

Stína kynnist vináttunni þegar tvö börn fjúka skyndilega inn til hennar úr snjónum og hafa mjög örlagarík áhrif á líf hennar.

Stína áttar sig á því að jafnvel þó börnin hafi verið úti í kuldanum stafar frá þeim mikilli hlýju. Stína lærir að kuldi er ekki bara líkamlegur heldur fylgir hann einsemdinni líka. Hún uppgötvar nýja tegund af hlýju með börnunum tveimur, hlýjuna sem fólgin er í vináttu og kærleika.

Sagan af Stínu er skrifuð með það í huga að hún sé bæði hentug til upplestrar fyrir börn, en líka það einföld og aðgengileg að börn geti lesið hana sjálf sér til ánægju og yndisauka.

„Mér finnst líka mikilvægt að barnabækur séu ekki þess eðlis að bara börnin geti notið sögunnar en að fullorðna manneskjan sem les hana sé að bilast úr leiðindum, sagan á að geta vakið ánægju og áhuga hjá bæði börnum og fullorðnum. Það er sagt að ef lesið er fyrir börnin muni þau koma til með að lesa mikið sjálf í framtíðinni, sem er alveg ábyggilega rétt en fyrir mér er það ekki það eina sem skiptir máli. Lesturinn snýst líka um tenginguna, samverustundir barna og foreldra."

Lani hefur sent frá sér nokkrar barnabækur um heimspekistrákinn Albert, en þær hafa verið þýddar og gefnar út á íslensku og ellefu öðrum tungumálum.

Stína stórasæng er tilnefnd til Fjöruverðlauna í flokki barna- og unglingabóka.

Júlía Margrét Einarsdóttir

LANI YAMAMOTO Barnabókahöfundurinn hefur verið búsettur á Íslandi um árabil.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Létt spjall um listina

Harpa Árnadóttir verður með leiðsögn um sýningu sína, Staði, í Hverfisgalleríi á sunnudag klukkan 15 og tekur líka móti gestum á Þorláksmessu.

„Þetta verður svona létt spjall á milli mín og Dagnýjar Heiðdal listfræðings," segir listakonan Harpa Árnadóttir um leiðsögnina, sem hún verður með á sunnudag klukkan 15 í Hverfisgalleríi á Hverfisgötu 4, þar sem sýning hennar Staðir er að renna sitt skeið.

Harpa segir Dagnýju hafa skrifað lokaritgerð um hvíta litinn í verkum hennar svo hún þekki þau vel. „Þetta eru svokölluð sprunguverk," segir hún og rekur upphaf tækninnar sem þar er beitt til tilviljunar á vinnustofunni hennar árið 1994 þegar efnið sem hún var með tók að springa á striganum. „Það er svolítið gott þegar maður heldur að maður sé á leið til einhvers fullkomleika og svo bregður lífið fyrir mann fæti og sýnir fram á að fegurðin felst kannski einmitt í því sem er ófullkomið," segir hún.

Síðasti sýningardagur Stafa er Þorláksmessa. Þá verður opið í Hverfisgalleríi fram til klukkan tíu, eins og í bænum og Harpa ætlar að bjóða upp á léttar veitingar. „Ég hugsa að við verðum með sænska jólaglögg ef fólk vill líta inn og hlýja sér og fá smá frið frá jólaerlinum." - gun

AF SÝNINGUNNI Sprunguverk eftir Hörpu.

→ Síðasti sýningardagur Stafa er Þorláksmessa. Þá verður opið í Hverfisgalleríi fram til klukkan tíu.

LISTAKONAN

Svo bregður lífið fyrir mann fæti.

Harpa Árnadóttir listakona

NÝTT

FYRIR GLEÐILEG JÓL

ALLIR FYLLTU MOLARNIR SAMAN Í KASSA

Það elska allir Nóa Konfekt en sumir elska Fylltu molana meira en aðra mola. Nú fá þeir konfektkassa sem eru fullir af gómsætum Fylltum molum... og engu öðru.

GOTT AÐ GEFA, HIMNESKT AÐ ÞIGGJA

NÓA Konfekt

KRAFT
PHILADELPHIA
PHILADE
H:N Markaðssamskipti / SÍA
Beygla með laxi og lárperum
f. 4 manns

INNIHALD
4 beyglur
300 g reyktur lax, skorinn í teninga
4 lárperur
100 g Philadelphia-ostur
Ólífuolía
½ tsk. wasabi-duft
1 sítróna
sesamfræ
1 msk Blue Dragon sesamolía

AÐFERÐ
Maukið lárperur og blandið saman við Philadelphia, wasabi-duft, sítrónusafa og sesamolíu. Smyrjið beygluna (báða hlutana) með lárperumaukinu og bætið laxateningum ofan á. Penslið með ólífuolíu og stráið sesamfræjum yfir.

FRAMREIÐSLA
Berið fram með 1 msk. af lárperumauki með laxateningum. Stráið sesamfræjum og wasabi yfir.

HOLLUSTA OG HIMNESKT BRAGÐ

LITSKRÚÐUG SÝNING Verk þeirra Þórs, Camillu og Sergio eru hvert öðru litskrúðugra þótt nálgun listamannanna sé gerólík.

Litir og form í fyrirrúmi á sýningu í i8

i8 sýnir verk fjögurra listamanna af ólíkum kynslóðum sem allir sækja í brunn konstrúktívisma og naumhyggju en hafa hver um sig sína nálgun á þá hefð. Listamennirnir eru Hörður Ágústsson, Camilla Løw, Sergio Sister og Þór Vigfússson.

Sýning á verkum fjögurra listamanna, þeirra Harðar Ágústssonar, Camillu Løw, Sergio Sister og Þórs Vigfússonar verður opnuð í i8 í dag. Listamennirnir, sem eru af fjórum kynslóðum, fást allir við liti og form í verkum sínum og sækja myndmál sitt í stefnur allt frá konstrúktívisma til naumhyggju. Verkin á sýningunni, unnin á tímabilinu 1960 og fram til dagsins í dag, eiga öll rætur sínar að rekja til strangflatarhefðarinnar og búa yfir sams konar formfræðilegri fagurfræði.

„Þór Vigfússon er einn af okkar listamönnum og við höfum líka sýnt Hörð áður, enda mjög hrifin af verkum hans," segir Anna Júlía Friðbjörnsdóttir, sýningarstjóri í i8. „Smám saman kom fram sú hugmynd að setja saman sýningu með verkum listamanna af ólíkum kynslóðum sem væru að sækja í sama brunn, módernismann og konstrúktívismann, en hafa allir mismunandi nálgun á þá hefð."

Elstur listamannanna sem verk eiga á sýningunni er Hörður Ágústsson, sem fæddur var 1922 og lést árið 2005. Verk hans á sýningunni eru skissur og teikningar, gerðar á tímabilinu 1955-1975, sem gefa hugmynd um hvernig abstraktlist Harðar þróaðist. Yngsti listamaðurinn er Camilla Løw frá Noregi, fædd 1976. Hún sýnir hangandi skúlptúra úr plexígleri og viði, lökkuðum í háglans litum. Þór Vigfússon, fæddur 1954, sýnir Þrjú veggverk, hvert þeirra samsett úr sex mismunandi lituðum glerplötum sem saman mynda þverröndótt tígullaga form og hanga lóðrétt. Fjórði listamaðurinn er Sergio Sister frá Brasilíu, fæddur 1948, sem sýnir verk sem unnin eru úr viðarfjölum sem hann raðar saman svo úr verða lágmyndir sem líkjast vörukössum eða gluggapóstum.

„Sýningin er mjög litrík, enda snúast verk allra listamannanna mikið um liti og form," segir Anna Júlía og hvetur listunnendur til að koma við í i8 í jólastressinu og njóta litadýrðar og listar.

fridrikab@frettabladid.is

Síðasti upplesturinn á aðventu

Síðasti upplesturinn á Gljúfrasteini í bili verður á sunnudaginn, enda fer senn að líða að jólum. Dagskráin er glæsileg og þótt þetta sé síðasti sunnudagurinn verður hann ekki sá síðasti. Upplesturinn hefst klukkan 16 og er aðgangur ókeypis.

Skáldin sem lesa á sunnudaginn eru: Vigdís Grímsdóttir sem les úr Dísusögu, Halldór Armand Ásgeirsson les úr Vince Vaughn í skýjunum, Eva Rún Snorradóttir les úr ljóðabók sinni Heimsendir fylgir okkur alla ævi og Gerður Sif Ingvarsdóttir les úr þýðingu sinni á Drakúla eftir Bram Stoker.

- fb

SKÁLD Eva Rún Snorradóttir er ein skáldanna sem lesa í Gljúfrasteini á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SÖNGKONAN Hulda Björk Garðarsdóttir syngur verk eftir Mozart, Corelli, Bach og Strauss.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tríó Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum

Tríó Reykjavíkur verður með hádegistónleika á Kjarvalsstöðum á morgun. Par syngur Hulda Björk Garðarsdóttir með tríóinu.

Listasafn Reykjavíkur og Tríó Reykjavíkur hafa verið í samstarfi um ókeypis hádegistónleikaröð á Kjarvalsstöðum síðan 2008 við afar góðar undirtektir. Í hádeginu á morgun kemur Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari fram ásamt Peter Maté píanóleikara og Huldu Björk Garðarsdóttur söngkonu. Á efnisskránni verða verk eftir Mozart, Corelli, Bach og Strauss. Hamingjan kemur fram í hinum glaðlega Mozart, hátíðleikinn hljómar í Corelli og Bach og hin ægifögru lög Strauss kalla fram hugarró. Tónleikarnir hefjast kl. 12.15. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

Hulda Björk Garðarsdóttir hefur starfað sem söngkona hér á landi og erlendis frá því hún lauk námi árið 1998 frá The Royal Academy of Music í London. Hún hefur komið fram ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands, sungið aðalhlutverk við Norsku óperuna, Malmöóperuna í Svíþjóð og við Íslensku óperuna þar sem hún var fastráðin um tíma. Af helstu óperuhlutverkum hennar má nefna Mimi í La Bohème, Leonoru í IL Trovatore og Violettu í La Traviata. Hún hefur hlotið Grímu-tilnefningar og hlaut nýverið Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngkona ársins fyrir hlutverk sín sem Mimi og Leonora.

Guðný Guðmundsdóttir og Peter Maté eru meðlimir Tríós Reykjavíkur, en tríóið var stofnað árið 1988. Þau starfa bæði við Listaháskóla Íslands og Tónlistarskólann í Reykjavík og halda reglulega tónleika hér heima og erlendis.

Allt fyrir Jólin

Taktu þátt í **skemmtilegum** leik þar sem heppinn viðskiptavinur getur unnið glæsilegann vinning

Fylltu út þátttökuseðilinn og skilaðu honum í kassann. Vinningar eru dregnir út í beinni útsendingu á Rás 2 alla laugardaga fram að jólum.
Fjöldi frábærra vinninga.

50" Panasonic
FHD-LED sjónvarp
frá Heimilistækjum

Panasonic 3D Blu-Ray 5.1 heimabíókerfi
frá Heimilistækjum

Nicon D3100 D-SLR
myndavél frá
Heimilistækjum

Monster inspiration
heyrnartól frá
Heimilistækjum



Nescafé Dolce Gusto
kaffivélar frá Ölgerðinni

ÓB
ódýrt bensín

Bensínútekt

FK
FJARÐARKAUP

Matarkörfur

Afgreiðslutímar desember

19. des.	**9:00 - 18:30**	22. des.	**10:00 - 22:00**	25. des.	**LOKAÐ**	28. des.	**10:00 - 16:00**	31. des.	**9:00 - 13:00**
20. des.	**9:00 - 20:00**	23. des.	**9:00 - 22:00**	26. des.	**LOKAÐ**	29. des.	**12:00 - 17:00**	1. janúar	**LOKAÐ**
21. des.	**10:00 - 22:00**	24. des.	**9:00 - 12:30**	27. des.	**10:00 - 19:00**	30. des.	**9:00 - 21:00**		

FK
FJARÐARKAUP

HALLGRÍMSKIRKJA Tónleikarnir eru á vegum Listvinafélags kirkjunnar.

Þýskur djass í Hallgrímskirkju

Þýskir djasstónlistarmenn flytja kirkjusálma og jólalög til styrktar Rauða krossinum og Landsbjörg í Hallgrímskirkju annað kvöld á vegum þýska sendiráðsins.

Hallgrímskirkja mun fyllast af hlýlegum djasstónum annað kvöld en þá verða haldnir þar jólatónleikar á vegum Listvinafélags Hallgrímskirkju og þýska sendiráðsins. Þeir Markus Burger og Jan von Klewist munu flytja þekkta kirkjusálma eftir tónskáldin Johann Sebastian Bach, Marthin Luther og Friedrich Händel í bland við hefðbundin þýsk jólalög, en flutningurinn verður listrænn díalógur á milli píanós og saxófóns.

Með tónleikunum vill þýska sendiráðið sýna Rauða krossinum og Slysavarnafélaginu Landsbjörg sérstakt þakklæti fyrir aðstoð við þýska ferðamenn á Íslandi í gegnum tíðina. Enginn aðgangseyrir verður á tónleikana en gestum verður boðið að leggja fram frjáls framlög til styrktar hjálparsamtökunum.

Félagarnir Markus og Jan gáfu út sína fyrstu plötu árið 1990 en síðan þá hafa þeir gefið út þrjár aðrar plötur. Á plötum sínum spila þeir einkum barokktónlist með því að beita hefðbundinni spunalist, en þeir munu einnig beita spunalistinni við flutninginn á jólatónleikunum. Markus og Jan eru um þessar mundir á ferðalagi um heiminn í tilefni af 500 ára afmæli siðaskiptanna. Tónleikarnir hefjast klukkan 19.30 og er aðgangur ókeypis.

je

Sorglegustu atburðirnir tóku á

Í bók sinni Háski í hafi reifar Illugi Jökulsson sögu sjóslysa á Íslandi.

Upphaflega hafði Illugi í hyggju að rannsaka slysin og skrifa um þau grein en eftir að hafa grúskað í þessum málum áttaði hann sig á því að grein myndi ekki gera þeim nægilega góð skil, svo úr varð þessi bók.

Bókin skiptist í frásagnir bæði um hörmuleg banaslys og einnig aðrar sem enda betur þar sem hluta af áhöfn eða jafnvel allri er bjargað á hetjulegan hátt. Viðtökurnar við bókinni hafa verið góðar, og vonast Illugi til að hún nái að kveikja áhuga á þessum málum, því sagan sé merkileg og mikilvægt að hún gleymist ekki.

„Ég fann heimildirnar fyrir bókina í bókum og blöðum. Það er enginn enn á lífi sem lifði þessa atburði svo ég þurfti að reiða mig á ritaðar heimildir. Höfundar á borð við mig munu aldrei ná að þakka vefsíðunni timarit.is nógsamlega fyrir allar heimildirnar sem hún hefur gert aðgengilegar.“

Illugi segir að þetta heimildagrúsk hafi verið erfitt á tímabili vegna þess hve átakanlegar frásagnirnar eru sem hann þurfti að kafa í.

„Það sem mér fannst erfiðast var að horfast í augu við glannaskapinn sem fólk sýndi bæði eigin örlögum og annarra. Útgerðarmennirnir sýndu lífi sjómanna oft á tíðum átakanlegt skeytingarleysi, en sægreifarnir í þá daga voru engin lömb að leika sér við, ekki frekar en núna.

Eitt dæmið í bókinni segir frá því þegar skipshöfn er bjargað frá bana af öðrum báti en skipstjóri björgunarbátsins er skammaður fyrir vikið.

„Þessi tiltekni skipstjóri fékk skömm í hattinn frá útgerðinni fyrir að eyða tíma í björgunarstarf þegar hann átti að vera að sinna sinni vinnu. Munurinn frá því á þessum tíma og núna er hins vegar sá að í dag eru bæði sjómenn og útgerðarmenn til stakrar fyrirmyndar hvað öryggismálin varðar en það var allt annað uppi á teningnum á þessum tíma. Þessir sjómenn, forfeður okkar, voru að takast á við fárviðri í opnum bátum við hörmulegar aðstæður. Einhvern veginn var ætlast til þess að menn þyldu það og litu á það sem eðlilegan hlut hve tvísýnt væri þegar á sjóinn væri farið, hvort þeir myndu eiga þaðan afturkvæmt. Þeir voru syrgðir sem drukknuðu, en ekkert sérstaklega hugað að líðan aðstandenda, engin áfallahjálp eða sálusorgarar eins og í dag.“

ILLUGI JÖKULSSON reifar sögu sjómanna sem störfuðu við erfiðar aðstæður.

Á þessum tíma fórust allt að því hundruð manna í óveðrum á ári hverju, og dæmi voru um að 20 manna áhöfn hyrfi sporlaust á hafi og aldrei hafi spurst til þeirra.

„Sjómennskan var sá atvinnuvegur sem blasti við mönnum, hún hjálpaði þeim að sjá fyrir sér og sínum. Sjávarútvegurinn var mjög arðbær þá eins og nú, en það var sorglega lítið gert í öryggismálum. Þessar sögur segi ég og skrifa í læsilegum stíl svo bókin sé aðgengileg sem flestum sem hafa áhuga á að kynna sér þessi mál. Það gnísti þó stundum í tönnum að skrifa um allra sorglegustu atburðina.“

Júlía Margrét Einarsdóttir



Fullt af glæsimennsku

TÓNLIST ★★★★☆

Kristinn Árnason: Transfiguratio

Geisladiskur

ÚTG. 12 TÓNAR

Ég þekki nokkra íslenska gítarleikara og þeir eru allir frekar ljúfir náungar. Tala lágt, fara jafnvel með veggjum. Gítarinn er líka lágstemmt hljóðfæri þegar hann er órafmagnaður. Tónleikar með klassískri gítartónlist eru ekki fyrir fólk með skerta heyrn. Áheyrendur þurfa nánast að liggja á hleri allan tímann.

Þessi hógværð verður stundum að skapleysi. Sumir geisladiskar með klassískri gítartónlist eru óttaleg ládeyða. Það verður ekki sagt um nýjan geisladisk Kristins Árnasonar. Persóna hans sjálfs virkar vissulega dálítið til baka þegar hann er uppi á sviði á tónleikum. Það hef ég oft upplifað. En spilamennskan er það síður en svo. Hún er litrík, snörp og tilfinningaþrungin.

Þetta er auðheyrt á nýja diskinum. Tónlistin er úr ýmsum áttum, hún er ekki bara spænsk eins og oft vill verða með svona diska. Jú, þarna er tónlist eftir Mudarra, Albeniz, Pujol og Granados. En líka eftir þýska lútumeistarann Silvius Leopoldus Weiss og ungverska gítarsnillinginn Johann Kaspar Mertz. Svo er verkið Haustljóð eftir Áskel Másson á diskinum.

Túlkun Kristins er ávallt sannfærandi. Spænska tónlistin er skemmtilega dillandi, sú ungverska full af glæsimennsku, hin þýska heillandi alvörugefin. Tæknilega séð er leikurinn afar fagmannlegur. Hann er skýr og óheftur. Hver tónn er mótaður af einstakri nostursemi.

Verk Áskels er frábært, mögu-leikar gítarsins eru nýttir mun betur en í mörgum öðrum íslenskum gítartónsmíðum. Tónmálið er íhugult en skapmikið, framvinda tónlistarinnar frjálsleg. Það er líkt og Kristinn leiki hana af fingrum fram. Hún fæðist á akkúrat ÞESSU augnabliki – þannig er tilfinningin.

Kápa geisladisksins er snilld. Hún var hönnuð af Jóni Einari Hjartarsyni. Kápan sýnir mismunandi hluta gítarsins í fallegum litaandstæðum. Það er svo girnilegt að mann langar mest til að borða geisladiskinn.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Lífleg tónlist flutt af aðdáunarverðri fagmennsku.

FISKARNIR HAFA ENGA FÆTUR EFTIR JÓN KALMAN STEFÁNSSON

„FLOTT BÓK“

– KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, KILJAN



★★★★★

„Þetta er bók sem hrífur og getur gert harðgerustu lesendur klökka á köflum, en hún er aldrei yfirdrifin eða væmin“. – JÓN YNGVI, FRÉTTABLAÐIÐ

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning 2013



BJARTUR

„Hér má finna allt það sem lesendur þekkja frá hendi höfundarins, magnaðan stíl og sterkar tilfinningar...“.
JÓN YNGVI, FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★★
„Hér sýnir Jón Kalman alla sína bestu takta.“
INGVELDUR GEIRSDÓTTIR, MORGUNBLAÐIÐ

DYNAMO REYKJAVÍK

„Einn af öndvegishöfundum þjóðarinnar.“
– EGILL HELGASON, KILJAN

Ágætis uppskera þessa dagana

Gunnar Andreas Kristinsson er meðal þeirra sjö sem hljóta Kraumsverðlaunin fyrir bestu íslensku diska ársins 2013. Hann er og tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem tónhöfundur ársins fyrir verkið Gangverk englanna sem er líka tilnefnt sem tónverk ársins.

Gunnari Andreas Kristinssyni hlotnast margvísleg upphefð um þessar mundir. Í fyrsta lagi var diskurinn hans, Patterns, valinn einn af sjö bestu íslensku diskum ársins 2013 af Kraumi, tónlistarsjóði. Á Patterns er sólóverk fyrir píanó og annað fyrir orgel. Einnig er eitt stórt verk fyrir orgel og víólu og þessi verk eiga það sameiginlegt að hafa verið flutt oft, bæði hérlendis og erlendis, að sögn Gunnars Andreasar. „Elsta verkið er frá 2000 þannig að þetta er úrvalið á einum áratug frá mér," segir hann. Aðspurður segir hann verkin flokkast undir klassíska nútímatónlist en aðgengileg að því leyti að mörg þeirra séu byggð á íslenskum þjóðlögum og nefnir sem dæmi Liljulagið og Fagurt er í fjörðum. „Ég nota eigin hugmyndaflug og spinn út frá lögunum en þau eru vel falin," tekur hann fram.

Flytjendur á diskinum eru norski píanóleikari Joachim Kwetzinsky, danski orgelvirtúósinn Christian Præstholm og víóluleikarinn Guðrún Hrund Harðardóttir, eiginkona tónskáldsins.

Þetta er ekki allt því hljómsveitarverk Gunnar Andreasar, Gangverk englanna, sem flutt var á Myrkum músíkdögum á fyrstu mánuðum ársins, er tilnefnt til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem tónverk ársins og hann er líka tilnefndur sem tónhöfundur ársins fyrir það verk. „Þetta í fyrsta skipti sem ég fæ tilnefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna þannig að það kom skemmtilega á óvart," segir hann ánægður með uppskeru erfiðis síns.

Gunnar Andreas er einn þeirra sem hefur vinnustofu í Reykjavíkurakademíunni og inntur eftir hvað hann sé að fást við núna svarar hann: „Ég er að semja klarinettukonsert fyrir Kammersveit Reykjavíkur og Ingólf Vilhjálmsson á klarinett. Hann verður fluttur á Myrkum músíkdögum á næsta ári. Svo er ég líka að gera saxófónkvartett fyrir Stokkhólm saxofónkvartett sem verður líka frumfluttur á Myrkum."

En að lokum: hvaðan er Andreasar nafnið? „Andreas er í ættinni minni sem kemur frá Bakkafirði. Langafi minn hét Gunnlaugur Andreas og tveir frændur bera þetta sem annað nafn. Ég tel mig þó vera Reykvíking í húð og hár þó ég eigi ættir að rekja út á land eins og flestir."

gun@frettabladid.is

➜ Kraumur

Kraumur er sjálfstæður sjóður og starfsemi á vegum Auroru velgerðasjóðs. Hann hefur það hlutverk að efla íslenskt tónlistarlíf, fyrst og fremst með stuðningi við unga listamenn, auðvelda þeim að vinna að listsköpun sinni og koma verkum sínum á framfæri innanlands sem utan. Markmiðið er að styrkja stöðu ungra tónlistarmanna á Íslandi með beinum styrkjum, faglegri aðstoð og samstarfi af ýmsu tagi.

GUNNAR ANDREAS Er einn þeirra sem hljóta Kraumsverðlaunin fyrir bestu íslensku diska ársins, fyrir diskinn Patterns sem inniheldur úrval verka hans á einum áratug.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SMÁVEGIS UM FERILINN

Gunnar Andreas Kristinsson stundaði grunnnám í tónsmíðum við Tónlistarskólann í Reykjavík á árunum 1997 til 2001 undir leiðsögn Kjartans Ólafssonar og Atla Heimis Sveinssonar og sótti tíma hjá Krzysztof Meyer sem skiptinemi við Tónlistarháskólann í Köln. Þá var hann við meistaranám við Konunglega tónlistarháskólann í Haag frá 2001 til 2004.

Eftir útskrift starfaði Gunnar við tónsmíðar í Hollandi og sótti samhliða því ýmis starfstengd námskeið. Hann flutti til Íslands 2009 og var stundakennari í tónsmíðum og tónfræði við LHÍ á árunum 2010 til 2012. Á ferli sínum hefur hann samið verk af ýmsum toga. Þau hafa ratað inn á tónlistarhátíðir víðs vegar um Evrópu eins og Listahátíð í Reykjavík, Myrka músíkdaga, Norræna músíkdaga, Ung Nordisk Musik, Gaudeamus Festival, Nederlandse Muziekdagen, Ultima Festival, Suså Festival og Darmstadt Summer Course.

tl.is

TÖLVU LISTINN

OPIÐ TIL 22:00 Á SUÐURLANDSBRAUT !

OFURTÖLVA Í LEIKINA !

Hönnuð fyrir þá sem gera kröfur um alvöru grafík í leikina og mikla vinnslugetu. Kemur í CoolerMaster Silencio 550 leikjaturni sem er með sérsaklega öflugri hljóðeinangrun og ótal tengimöguleikum. Kraftmikill Intel i5 Haswell örgjörvi og 2GB MSI Nvidia GeForce 660GTX leikjaskjákort. 120GB Samsung SSD og 2TB Seagate harður diskur. 8GB Corsair vinnsluminni með hitadreifara. Kemur með Windows 8.1 stýrikerfinu.

199.990

PHS-242G5DJEB

54.990

144Hz LEIKJASKJÁR

24" sérhannaður leikjaskjár sem uppfærir sig 144 sinnum á sekúndu í stað 60 sinnum. Aðeins 1ms svartími (GtG). Full HD og hátt birtustig. Stillanlegur skjáfótur til að hækka, lækka, snúa og halla skjánum.

LEIKJAFARTÖLVA MEÐ GTX 760M

ASU-G750JWT4030H

299.990

RAZER SPHEX MÚSARMOTTA

RAZ-SPHEX

2.990

MEKANÍSKT QUICK FIRE TK RED

CM-SGK4020GKCR1ND

19.990

STEELSERIES KINZU LEIKJAMÚS

STE-KINZUV2RUB

5.990

NÝJA RAZER NAGA 2014

RAZ-NAGA2014

19.990

EVE COLLECTORS EDITION

PC-EVEONLINECE

21.990

STEELSERIES LEIKJAHEYRNARTÓL

STE-3HVR

6.990

HD7850 LEIKJASKJÁKORT

MSI-R7850PE2GD5OC

24.990

KRAFTMIKIÐ 5.1 HÁTALARAKERFI

LOG-Z506BK

26.990

RAZER KRAKEN PRO LEIKJAHEYRNARTÓL

RAZ-KRAKENPRO

23.990

HLJÓÐLÁTUR TURNKASSI

CM-RCK350KWN2EN

9.990

STEELSERIES APEX MEÐ LED

STE-APEX

18.990

STEELSERIES MÚSARMOTTA

STE-9HD

5.990

RAZER BLACKWIDOW 2013

RAZ-BLACKWIDOW2013

19.990

RAZER MAMBA 4G DUAL SENSOR

RAZ-MAMBA2012

26.990

OPNUNARTÍMI Í VERSLUNUM OKKAR UM ALLT LAND Í DAG

REYKJAVÍK	AKUREYRI	KEFLAVÍK	EGILSSTAÐIR	SELFOSS	HAFNAFJÖRÐUR	HÚSAVÍK
10-22	10-20	10-20	10-20	10-20	10-18	9-22

Í HÁSKA Ólafur Darri leikur aðalhlutverkið í Djúpinu.

Ógnvænlegt atriði

Atriði úr Djúpinu kemst á lista á erlendri vefsíðu.

Atriði úr myndinni Djúpinu eftir Baltasar Kormák komst á lista yfir 50 ógnvænlegustu atriðin í bíómyndum árið 2013 á heimasíðu Total Film: The Modern Guide to Movies. Myndin lenti í 42. sæti á listanum fyrir atriðið þegar skipinu hvolfir úti á rúmsjó og Gulli lifir einn af í margra kílómetra fjarlægð frá landi.

Fólki er ráðlagt að líta undan á meðan aðalpersónan syndir og syndir þannig að það virðist engan endi ætla að taka. - ue

Vildi vita hver pjakkurinn væri

Söngvararnir Jón Jónsson og Steinar halda saman tónleika í Austurbæ í kvöld.

„Þegar ég heyrði í honum vildi ég bara vita hvaða pjakkur væri að gera þetta stöff, mér finnst hann alveg frábær," segir tónlistarmaðurinn Jón Ragnar Jónsson um hinn unga söngvara Steinar Baldursson, en félagarnir halda tvenna tónleika saman í Austurbæ í kvöld.

Steinar hefur átt vinsælasta lag landsins undanfarnar vikur sem heitir Up. Jón er ánægður með að fá hann í lið með sér í kvöld.

„Ég er voðalega glaður að hann ætli að koma fram í kvöld. Hann er svakalega efnilegur söngvari," segir Jón. Mikil eftirspurn var eftir miðum á tónleikana og seldust þeir upp á fáeinum dögum. Því ákváðu félagarnir að bæta við aukatónleikum. Fyrri tónleikarnir fara fram klukkan 20 og þeir seinni 22.30. Jón ætlar að taka blöndu af eldri lögum og nýrri. „Ég verð minna í jólalögunum, en jólaandinn og kærleikurinn mun svífa þarna yfir öllu." - kak

FINNST STEINAR GÓÐUR Jón Ragnar er mjög hrifinn af tónlist Steinars Baldurssonar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

VILD

STÓRLÆKKAÐ VERÐ

Vildaráskrifendur fá stórlækkað verð
á þessum hágæða Samsung sjónvarpstækjum

Samsung Sjónvarp 46" LED
UE46F5005AK

- 46 tommur
- LED
- Clear Motion Rate: 100 Hz
- Upplausn: 1920 x 1080p Full HD

SPARAÐU 45.000 KR.

199.900 kr.
Vildarverð
154.900 kr.

Samsung Sjónvarp 46" LED 3D
UE46F8005ST

- 46 tommur
- LED 3D Smart TV
- Clear Motion Rate: 1000 Hz
- Upplausn: 1920 x 1080p Full HD
- Baklýsing
- Hreyfiskynjari

SPARAÐU 150.000 KR.

499.900 kr.
Vildarverð
349.900 kr.

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is

Vildaráskrifendur geta hæglega sparað sér sem nemur áskrift að t.d. Skemmtipakkanum með því að nýta sér afslættina sem bjóðast hjá samstarfsfyrirtækjum okkar í Stöð 2 Vild.

Hægt er að ganga frá kaupum í Samsung Setrinu Síðumúla 9 og hjá 365 í Skaftahlíð 24

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FIMMTUDAGUR 19. DESEMBER 2013

Gjörningar

18.00 Brother Grass, Adda og Bellstop halda tónleika í Lucky Records. Aðgangur ókeypis.

Tónleikar

18.00 Tónleikaröðin **Jólin allt um kring** fer til Grindavíkur. Tónleikarnir verða í Grindavíkurkirkju.

20.00 Jón Jónsson og Steinar halda tónleika í Austurbæ.

20.00 Stefán Hilmarsson heldur jólatónleika í Salnum í Kópavogi. Þetta eru aukatónleikar, vegna einstaklegra góðrar miðasölu á tónleika hans.

20.30 Porláksmessutónleikar **Bubba Morthens** fara fram í Bíóhöllinni á Akranesi.

21.00 Kvartett Kristjönu Stefánsdóttur heldur jóladjasstónleika í Tryggvaskála. Á tónleikunum mun kvartettinn leika jólalög í djössuðum útsetningum. Kvartettinn skipa, auk Kristjönu, Gunnar Jónsson á trommur, Smári Kristjánsson á bassa og Vignir Þór Stefánsson á píanó.

21.00 Kammerhópurinn Camerarctica heldur sína árlegu kertaljósatónleika í kirkjum nú rétt fyrir jólin en hópurinn hefur leikið ljúfa tónlist eftir Mozart við kertaljós í tuttugu ár og þykir mörgum ómissandi að koma úr miðri jólaösinni inn í kyrrðina og kertaljósin í rökkrinu.

22.00 Gunnar Þórðarson leikur og syngur á tónleikum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8.

Leiklist

20.00 Nóttin var sú ágæt ein verður sýnd í Tjarnarbíói.

20.00 Jeppi á Fjalli verður sýnt á Nýja sviðinu í Borgarleikhúsinu.

Sýningar

17.00 Týsgallerí opnar einkasýninguna Bara barrtré með Söru Riel. Sýningin er opin til 20:00.

20.00 Breska sýningin **STOMP** verður í Eldborgarsal Hörpu.

Hönnun og tíska

16.00 Sameiginleg vinnustofa **Tíru og Reykjavík Trading Co.** verður opin til 21. Vinnustofan er á horni Lækjargötu og Brekkugötu í Hafnarfirði.

Uppistand

20.00 Listamaðurinn, uppistandarinn og þáttagerðarmaðurinn **Hugleikur Dagsson** mun fara með uppistandið Djókaín í Hofi á Akureyri. Þetta er í annað sinn sem Hugleikur kemur til Akureyrar með þessa sýningu en síðast var uppselt.

21.30 Jessica Delfino heldur uppistand á Bar 11. Jessica spilar bæði á gítar, ukulele og ýmis óvenjuleg hljóðfæri á sviði. Grínið hennar er blanda af uppistandi en þó aðallega tónlistargríni. Textarnir hennar eru snjallir og skömmustulausir en hún hefur unnið til fjölda verðlauna.

Sjö metnaðarfullar plötur skipa Kraumslista ársins 2013

Á listanum í ár er að finna sjö plötur frá metnaðarfullu, íslensku tónlistarfólki.

Kraumslistinn 2013 var kynntur í sjötta sinn í gær. Á Kraumslistanum í ár er að finna sjö framúrskarandi plötur frá metnaðarfullu tónlistarfólki.

„Það var ekki auðvelt verkefni að gera upp á milli allra þeirra góðu platna sem skipuðu Úrvalslistann og komu út á árinu enda enginn vafi á því að tónlistarárið 2013 var gott og mikill kraftur í íslensku tónlistarfólki," segir Jóhann Ágúst Jóhannsson, framkvæmdastjóri Kraums tónlistarsjóðs.

Tuttugu manns áttu sæti í dómnefnd Kraumslistans 2013 en það voru þau Andrea Jónsdóttir, Anna Andersen, Arnar Eggert Thoroddsen, Árni Matthíasson, formaður dómnefndar, Benedikt Reynisson, Bob Cluness, Egill Harðarson, Elísabet Indra Ragnarsdóttir, Guðni Tómasson, Haukur Viðar Alfreðsson, Helena Þrastardóttir, Helga Vala Helgadóttir, Helga Þórey Jónsdóttir, Höskuldur Daði Magnússon, María Lilja Þrastardóttir, Ólafur Halldór Ólafsson, Ragnheiður Eiríksdóttir, Trausti Júlíusson, Valdís Thor og Þórunn Edda Magnúsdóttir.

Plöturnar sjö sem sköruðu fram úr og skipa Kraumslistann eiga það sameiginlegt að vera frumlegar, spennandi og fjölbreyttar en Kraumur mun leggja sitt af mörkum á komandi ári við að kynna þessi verk fyrir erlendum fjölmiðlum og fólki sem starfar innan tónlistargeirans.

Sjóðurinn mun styðja við Kraumslistaplöturnar og jafnframt auka við möguleika listamannanna á bak við þær til að koma verkum sínum á framfæri erlendis með því að kaupa ákveðinn fjölda af plötunum og dreifa þeim til ýmissa starfsmanna tónlistarbransans erlendis. - glp

KYNNINGIN Mynd frá því á kynningu á Kraumslistanum í fyrra.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

→ Kraumslistinn 2013
Verðlaunaplötur
(listinn er birtur í stafrófsröð)

- **Cell7** – Cellf
- **Dj. flugvél og geimskip** - Glamúr í geimnum
- **Grísalappalísa** - Ali
- **Gunnar Andreas Kristinsson** – Patterns
- **Just Another Snake Cult** - Cupid Makes a Fool of Me
- **Mammút** - Komdu til mín svarta systir
- **Sin Fang** - Flowers

EITT PAÐ VERSTA True Blood er fjórði versti þáttur ársins.

Óskarinn meðal verstu

Vefsíðan Rolling Stone er búin að taka saman lista yfir fimm verstu sjónvarpsþætti ársins og nær Óskarsverðlaunahátíðin með kynninum Seth MacFarlane næstum því að hreppa sigursætið vafasama.

1. The Goldbergs (ABC)
„Gamaldags fjölskyldugamanþáttur frá gamaldags sjónvarpsstöð. Hvað gæti klikkað? Hver elskar ekki grín frá níunda áratugnum? Og fólk öskrandi hvað á annað? Kveikið á kerti fyrir það sem er eftir af bandarískum gamanþáttum," er skrifað á vefsíðunni.

2. Óskarinn með gaurnum sem samdi Ted (ABC)
„Nei, í alvörunni, þetta gerðist. Þeir leyfðu lúðanum sem skrifaði kvikmyndina Ted að kynna Óskarinn. „Seth MacFarlane" er nafn hans. Hann truflaði kvikmyndastjörnur í ræðum þeirra því hann þurfti meiri tíma til að syngja lög og segja skrýtlur. George Clooney vann Óskarinn fyrir að framleiða Argo en hann fékk ekki að segja orð því það var ekki nægur tími þar sem kynnirinn vildi syngja einn dúettinn enn með Kristin Chenoweth. Þetta gerðist í alvöru," er skrifað á Rolling Stone.

3. Community (NBC)
„Flestir þættirnir voru svo slæmir að ég gat ekki klárað þá og Community geymdi það versta þar til síðast – síðustu tveir þættirnir voru svo hræðilegir að allir virtust vera að öskra: Hjálpið mér úr þessum helvítis þætti!"

4. True Blood (HBO)
„Eru þeir komnir að nöktum búálfum? Veit það einhver?" skrifar pistlahöfundur síðunnar.

5. Ironside (NBC)
„Þetta var þess virði að reyna það. Nei, annars, örugglega ekki." - lkg

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NORÐANFISKUR
ÍSLENSKUR LAX REYKTUR / GRAFINN

FISKBÚÐIN OKKAR **SÖLTUÐ OG KÆST STAKA**

KIPPU TILBOÐ
GILDIR 18-19 DES.

Kippa af 4 x 2 ltr. Pepsi fylgir með kippu af 6 x 2 ltr. appelsíni

HEIMA **RAUÐKÁL** *680g*

HEIMA **RAUÐRÓFUR**

NORÐANFISKUR **ÚTVATNAÐUR FROSINN SALTFISKUR**

ÍSLANDSGRÍS
HAMBORGARHRYGGUR *M.BEINI*

Hamborgarhryggur
MEÐ BEINI

BÓNUS **RÚGBRAUÐSKUBBUR** *500gr*

ÍSLANDSLAMB **TAÐREYKT HANGIKJÖT**
ÚRBEINAÐ HANGILÆRI

NÓA **KONFEKTKASSAR** *940g*

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÍSLANDSNAUT **FERSK PIPARSTEIK**

ÍSLANDSNAUT **FERSKT NAUTA RIBEY**

ÍSLANDSLAMB **FERSKT LAMBAFILLET**

ALI **FERKSKAR GRÍSALUNDIR**

FROSIN **ÞÝSK ÚRBEINUÐ KALKÚNABRINGA**

ÍSLANDSNAUT
FERSKT NAUTAFILLET

ÞÝSK FROSIN
HEIL PEKINGÖND

BÓNUS **FERKSKAR GRÍSALUNDIR**

BÓNUS **HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR**

BÓNUS **FERSKUR GRÍSABÓGUR**

HEIMA
ASPAS Í BITUM *283g*

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA **FROSIÐ LAMBALÆRI**

BÓNUS *FERSKUR ÚRBEINAÐUR*
GRÍSAHRYGGUR MEÐ PURU

AFGREIÐSLUTÍMI *TIL JÓLA* Í VERSLUNUM BÓNUS

Föstudagur 20.des	10.00-20.00
Laugardagur 21.des	10.00-21.00
Sunnudagur 22.des	10.00-22.00
Mánudagur 23.des	10.00-22.00
Aðfangadagur 24.des	10.00-14.00
Föstudagur 27.des	10.00-19.00

HOLTA *FROSINN* **REYKTUR HÁTÍÐAR KJÚKLINGUR**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

TÓNNINN GEFINN
Gunnar Leó Pálsson

Tónleikar vs. hljómplata

Tónleikar eru eitthvað sem flestir hafa gaman af, um er að ræða afþreyingu, athöfn og skemmtun, þar sem áhorfandinn sér listamanninn skapa tónlistina frá grunni. Oft er um að ræða tónlist sem áhorfandinn hefur hlustað á heima hjá sér, í bílnum eða í tölvunni og gjörþekkir.

Hins vegar er oft munur á lifandi flutningi tónlistar og tónlistar sem fólk heyrir á plötum en það er einmitt það sem mér finnst svo skemmtilegt. Mér þykir ákaflega indælt að hlusta á góða plötu en þykir eiginlega enn indælla og skemmtilegra að hlusta á listamenn og hljómsveitir sem breyta út af vananum á tónleikum.

Mér þykir oftast erfitt að gagnrýna listamenn og hljómsveitir nema ég hafi séð og heyrt viðkomandi á tónleikum, hvort sem ég er viðstaddur tónleikana eða á hljóð- eða myndbandsupptöku. Ástæðan er sú að ég hef gaman af því að sjá og heyra muninn á hljóðversútgáfunni og tónleikaútgáfunni. Oft er hægt að „feika“ ýmislegt í hljóðverunum en það getur verið erfiðara þegar um lifandi flutning er að ræða.

Þá eru tónleikar yfirleitt ekki eingöngu sælgæti fyrir eyru, heldur líka fyrir augu, þegar öll framkoma listamannsins er útspekúleruð. Ef dæmi eru tekin um listamenn úti í heimi sem leggja mjög mikið í tónleika sína í dag, er auðvelt að nefna nöfn eins og Justin Timberlake, Beyonce og U2, en listinn gæti verið talsvert lengri.

Áður greindir listamenn leggja mikið upp úr tónleikum sínum og er upplifunina af tónleikum ekki eingöngu tónlistin, heldur er um að ræða útspekúlerða upplifun sem gerir áhorfandann að jafnaði agndofa. Þetta geta líklega margir tekið undir því ekki alls fyrir löngu fóru fjölmargir Íslendingar á tónleika með tónlistagyðjunni Beyoncé, þegar hún kom fram á Norðurlöndunum og Evrópu fyrr á árinu. Hins vegar er Justin Timberlake í miklu uppáhaldi hjá undirrituðum og að sjá frammistöðu hans og þeirrar frábæru hljómsveitar sem er á bak við hann er gjörsamlega magnað. Með poppstjörnunum leika þvílíkir snilldarhljóðfæraleikarar og er tónlistin að jafnaði útsett þannig, að meira að segja erfiðustu tónlistarspekingar verða hrifnir, þó þeir hafi ekki orðið jafn hrifnir af hljóðversútgáfu efnisins.

Við Íslendingar skulum njóta þess að eiga okkar frábæra tónlistarhús, okkar frábæra tónlistarfólk og alla þá grósku sem er í íslensku tónlistarlífi. Förum á tónleika og njótum þessa að upplifa sanna list.

Trentemöller ekki einn að þessu sinni

Danski raftónlistarmaðurinn Trentemöller kemur fram á Sónar-hátíðinni í febrúar.

„Ég elska Ísland en verð því miður bara á landinu í einn sólarhring,“ segir danski raftónlistarmaðurinn og Íslandsvinurinn Anders Trentemöller. Hann kemur fram á Sónar-hátíðinni í Reykjavík sem fram fer í febrúar.

Trentemöller kom fram á Sónar-hátíðinni í fyrra en hann hefur heldur betur skipt um gír síðan þá. „Ég verð með heila hljómsveit með mér núna. Ég er með tvo gítarleikara, trommara, söngkonu og einn þúsundþjalasmið sem spilar meðal annars á bassa,“ útskýrir Trentemöller. Hann semur tónlistina þó einn og æfir svo efnið með hljómsveitinni.

Hann hefur komið hingað til lands nokkrum sinnum og er heillaður af landi og þjóð. „Mér þykir mjög leiðinlegt að geta ekki stoppað lengur hérna, ég hefði viljað sýna hljómsveitinni minni landið,“ og einnig fór hann fögrum orðum um sinn uppáhaldsskemmtistað á fróni, sem ku vera Kaffibarinn. „Kaffibarinn er frábær, ég á góðar minningar þaðan.“

Sá danski er sjálflærður í tónlistinni og spilar á ýmis hljóðfæri. „Ég fór aldrei í tónlistarskóla og það er kannski gott því þá upplifir maður hljóðfærið líklega öðru vísi. Ég er mjög hrifinn af gítarnum og eiginleikum hans en ég spila samt mest á hljómborð,“ segir Trentemöller spurður út í hljóðfærakunnáttuna.

Nú þegar jólin nálgast óðfluga ákvað blaðamaður Fréttablaðsins að forvitnast um viðhorf Trentemöllers til jólanna. „Ég er mjög mikið jólabarn og elska þennan árstíma.“

Þá segir hann að A Christmas Gift for You from Phil Spector sé uppáhaldsjólaplata sín. „Ég elska Phil Spector. Hann nær að galdra fram einstakan hljóm og ég er mjög hrifinn af upptökum hans og tækni.“

Trentemöller sendi frá sér plötuna Lost á árinu og fékk til liðs við sig listamenn á borð við Mimi Parker úr hljómsveitinni Low og Kazu Makino úr hljómsveitinni Blonde Redhead.

gunnarleo@frettabladid.is

EKKI EINN Á BÁTI Anders Trentemöller kemur fram á Sónar-hátíðinni í febrúar, ásamt hljómsveit. NORDICPHOTOS/GETTY

Skemmtilegar staðreyndir

Trentemöller hefur á ferli sínum endurhljóðblandað lög fyrir Moby, Pet Shop Boys og The Knife með góðum árangri. Hann hefur gefið út þrjár breiðskífur. Trentemöller hefur nokkrum sinnum áður sótt Ísland heim og meðal annars spilað á Airwaves-hátíðinni.

Frá því Trentemöller kom fram á fyrstu Sónar Reykjavík-hátíðinni fyrr í ár hefur hann gefið út sína þriðju breiðskífu, Lost, og tónleikaskífuna Live in Copenhagen sem geymir mikið af hans bestu verkum. Einnig hitaði hann upp fyrir Depeche Mode á Delta Machine-tónleikaferð sveitarinnar í Evrópu.

12.12.2013 → 18.12.2013

LAGALISTINN

1	▲	**Of Monsters And Men**	**Silhouettes**
2	▲	Avicii	*Hey Brother*
3	▲	Kaleo	*Automobile*
4	▼	Baggalútur og Jóhanna Guðrún	*Mamma þarf að djamma*
5	▶	Jón Jónsson	*Feel For You*
6	▲	Ellie Goulding	*How Long Will I Love You*
7	▼	Steinar	*Up*
8	▲	Pharrell	*Happy*
9	▼	One Republic	*Counting Stars*
10	▲	Björgvin Halldórsson / Ragnheiður Gröndal	*Ást er æði*

TÓNLISTINN

1	▶	Baggalútur	*Mamma þarf að djamma*
2	▶	Kaleo	*Kaleo*
3	▲	Ýmsir	*Gömlu dagana gefðu mér*
4	▼	Sigríður Thorlacius	*Jólakveðja*
5	▲	Friðrik Ómar	*Kveðja*
6	▶	Helgi Björnsson	*Helgi syngur Hauk*
7	▼	Drangar	*Drangar*
8	▼	Björgvin Halldórsson	*Duet III*
9	▲	Steinar	*Beginning*
10	▲	Strumparnir	*Strumpastuð*

Skýringar ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista
Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

Pátttakendur í Lagalistanum Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

netto

Coca-Cola

Yfir **50** heppnir vinningshafar geta fengið jólainnkaupin endurgreidd

Að auki verða 20 heppnir sem vinna jólapakka frá Coke.

Jólaleikur Nettó

Vinnur þú ævintýraferð fyrir fjölskylduna til Disney World í Flórída?

Þú kaupir kippu af 4x2ltr Coke*, skrifar nafn, símanúmer og netfang aftan á kassakvittun og setur í Coke kassann í næstu Nettó verslun. Á Þorláksmessu vinnur einn heppinn viðskiptavinur ferð fyrir fjóra í Disney World Flórída. Þar að auki fá yfir 50 heppnir gjafabréf í Nettó fyrir sömu upphæð og er á kassakvittun.

DREGIÐ 23. DESEMBER 2013.

*Gildir um 4x2L Coke, Coke light eða Coke Zero á meðan birgðir endast. ** Flug og gisting fyrir fjóra.

Coca-Cola and the Contour bottle are registered trademarks of The Coca-Cola Company. © 2013, The Coca-Cola company.

www.netto.is Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

AFMÆLISBARN DAGSINS

Leikarinn Jake Gyllenhaal er 33ja ára í dag.

Helstu myndir: Donnie Darko, Brokeback Mountain, Zodiac og Prisoners.

BÍÓFRÉTTIR

Ný mynd eftir meistara Almodóvar

Grínmyndin I'm so excited! fjallar um tvíkynhneigðu flugmennina Benito og Alex.

Grínmyndin I'm so excited!, sem heitir á frummálinu Los amantes pasajeros, verður frumsýnd á föstudag í Bíó Paradís en leikstjóri og handritshöfundur er Pedro Almodóvar.

Myndin gerist á borð um flugvél sem er á leið til Mexíkó og við fylgjumst með tvíkynhneigðu flugmönnunum Benito og Alex og samkynhneigðu flugþjónunum Ulloa, Fajardo og Joserra.

Flugvélin er full af sérkennilegum karakterum sem eru svo sannarlega í ferð sem gæti endað með ósköpum.

Myndin er sýnd með enskum texta og hefur Almodóvar lýst henni sem gleðilegri. Flestir kvikmyndaáhugamenn ættu að kannast við Almodóvar. Hann hefur leikstýrt myndum á borð við Kika, Carne Trémula, Todo Sobre Mi Madre, Hable Con Ella, La Mala Educación, Volver og La Piel que Habito. **- lkg**

➜ Verðlaunamyndir Almodóvar

Hable Con Ella *(2002)* vann Óskarinn fyrir besta handrit. Hún vann BAFTA-verðlaun sem besta mynd ekki á ensku og fyrir besta handrit.

La piel que habito *(2011)* vann BAFTA sem besta mynd ekki á ensku.

Todo sobre mi madre *(1999)* vann BAFTA sem besta mynd ekki á ensku.

GRÍÐARLEGA VINSÆLL Pedro Almodóvar á framleiðslufyrirtækið El Deseo sem framleiðir myndina.

FRUMSÝNINGAR

Nóg að gerast í bíó í dag og á morgun

Prívíddar risaeðlur og hryllingsjól

Prjár jólahryllingsmyndir

Bíó Paradís ætlar að sýna þrjár jólahryllingsmyndir, þrjá fimmtudaga í röð, 19. og 26. desember og 2. janúar.

Um er að ræða klassískar og hræðilegar hrollvekjur og hefjast sýningar því klukkan 22.00 öll kvöldin. Myndirnar sem sýndar verða eru, Saint frá árinu 2010 sem fjallar um morðingjann St. Nicholas sem rænir og drepur börn á fullu tungli 5. desember. Black Christmas frá árinu 1974 sem fjallar um morðóðan mann sem drepur ungmenni. Priðja og síðasta myndin er Silent Night, Deadly Night frá árinu 1984 þar sem morðóður jólasveinn gengur berserksgang. **- glp**

Risaeðlurnar 3D teiknimynd

Teiknimyndin Risaeðlurnar 3D er frumsýnd á morgun en í henni ferðast áhorfendur tugi milljóna ára aftur í tímann og verða hluti af stórkostlegri sögu.

Myndin segir frá ungum risaeðlustrák sem er sonur forystueðlunnar. Peim litla er ætlað það hlutverk að taka við leiðtogahlutverkinu þegar fram líða stundir. Hann þarf bæði að læra af eldri risaeðlunum og takast á við ýmsar hættur þar sem grimmir og miskunnarlausir óvinir eru ávallt nærri. **- lkg**

Myndin sem breytir markaðssetningu

Anchorman 2: The Legend Continues verður frumsýnd á Íslandi á föstudag.

Kvikmyndin Anchorman 2: The Legend Continues verður frumsýnd hér á landi á föstudag en hún er framhald myndarinnar Anchorman: The Legend of Ron Burgundy sem gerði allt vitlaust þegar hún var frumsýnd sumarið 2004.

Will Ferrell leikur fréttahaukinn Ron Burgundy eins og í fyrri myndinni og hefur karakterinn verið mjög áberandi á hinum ýmsu miðlum í aðdraganda frumsýningarinnar. Ron hefur leikið í auglýsingum fyrir bíla hjá Dodge og lesið fréttir á alvöru fréttastofu svo fá dæmi séu tekin. Markaðsgúrúar vestanhafs halda því fram að kynningarherferð fyrir Anchorman 2 muni líklega breyta því hvernig kvikmyndir verða markaðssettar í framtíðinni. Will Ferrell er ekki sammála eins og kemur fram í viðtali við hann í Hollywood Reporter.

„Þetta var blanda af því að þeir hjá Paramount voru spenntir fyrir því að gera alls konar nýja hluti á Internetinu og við fengum frábært tækifæri hjá Dodge. Ég var viljugur til að gera ýmislegt í karakter. Ég elska fréttirnar sem segja að þessi herferð breyti því hvernig kvikmyndir eru markaðssettar en ég held að leikarar verði ekki jafn viljugir og ég til að vera í karakter. Ég held að þeim líði ekki vel með það."

Paramount einbeitti sér líka að markaðssetningu erlendis því þó fyrsta myndin um Ron hafi skilað 85 milljónum dollara, tæplega tíu milljörðum króna, í kassann þá þénaði hún aðeins fimm milljónir dollara, tæplega sex hundruð milljónir króna, utan Bandaríkjanna.

GENGIÐ SNÝR AFTUR Margir bíða spenntir eftir nýju Anchorman-myndinni.

➜ Ég elska fréttirnar sem segja að þessi herferð breyti því hvernig kvikmyndir eru markaðssettar en ég held að leikarar verði ekki jafn viljugir og ég til að vera í karakter.

Í nýju myndinni er Ron boðið að gerast fréttaþulur á glænýrri sjónvarpsstöð, GNN, sem er jafnframt fyrsta fréttastöðin sem sendir út 24 klukkutíma á sólarhring. Ron ákveður að þekkjast boðið og heldur til New York með veðurfræðingnum einfalda Brick, söguskoðaranum Brian og íþróttafréttamanninum Champ Kid. Eiginkona Rons, Veronica Corningstone, er að sjálfsögðu ekki langt undan.

Með aðalhlutverk sem fyrr fara Will Ferrell, Steve Carell, David Koechner, Paul Rudd og Christina Applegate.

liljakatrin@frettabladid.is

Einkunnir:

IMDB: 6,7/10

Rotten Tomatoes: 89/100

Metacritic: 64/100

Bestu frasarnir úr Anchorman I

„I don't know what we're yelling about."

Brick Tamland.

„And I'm Ron Burgundy. Go fuck yourself, San Diego."

Ron Burgundy.

„They've done studies, you know. 60% of the time, it works every time."

Brian Fantana.

„You're so wise. You're like a miniature Buddha, covered in hair."

Ron Burgundy.

„For just one night let's not be Co-workers. Let's be Co-people."

Ron Burgundy.

„I'm in a glass case of emotion."

Ron Burgundy.

„I would like to extend to you an invitation to the pants party."

Brick Tamland.

„Where'd you get your clothes ... from the ... toilet store?"

Brick Tamland.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Vínartónleikar 2014

Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu

Fim. 9. jan. » 19:30

Peter Guth *hljómsveitarstjóri*
Hanna Dóra Sturludóttir *og*
Gissur Páll Gissurarson *einsöngvarar*

Fös. 10. jan. » 19:30

Árlegir Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar. Tónleikarnir eru fyrir mörgum ómissandi upphaf á nýju ári enda einkenna glæsileiki og gleði Vínartónlistina.

Lau. 11. jan. » 16:00

Einsöngvarar eru þau Hanna Dóra og Gissur Páll sem eru landsmönnum að góðu kunn. Hljómsveitarstjóri er Peter Guth, einn fremsti túlkandi heims á tónlist Strauss feðga.

Tryggðu þér miða og taktu vel á móti nýju ári.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Miðasala » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Miðasala í anddyri Hörpu » Sími: 528 5050 » Opið 10-18 virka daga og 12-18 um helgar

04/05
Leikkonan **Keira Knightley** giftist hljómborðsleikaranum **James Righton** í Provence í Frakklandi. Keira var klædd í Chanel frá toppi til táar og var fimmtíu gestum boðið í gleðina.

26/05
Breaking Bad-stjarnan **Aaron Paul** gekk að eiga sína heittelskuðu, kvikmyndagerðarkonuna **Lauren Parsekian,** í Malibu í Kaliforníu. Þemað var einfaldlega París enda trúlofuðu þau sig þar árið 2011.

08/06
Athafnakonan **Kristin Cavallari** giftist leikstjórnandanum **Jay Cutler** í Nashville. Sonur þeirra Camden fékk að taka þátt í fjörinu og nú á parið von á barni númer tvö.

BRÚÐKAUPSBOMBA ÁRSINS 2013

Mikið var um brúðkaup á árinu í stjörnuheimum en athygli vekur að 8. júní var vinsælasta dagsetningin fyrir þennan stóra dag hjá fræga fólkinu. Brúðkaupin voru jafn misjöfn og þau voru mörg – allt frá ævintýrabrúðkaupi i Disneylandi til afslappaðrar veislu með hlaðborði af djúpsteiktum kjúklingi og vöfflum. Fréttablaðið leit yfir árið og fékk að skyggnast inn í nokkur myndaalbúm stjarnanna.

08/06
Madeleine Svíaprinsessa fann ástina í örmum bankamannsins **Christopher O'Neill** en þau giftu sig í Stokkhólmi. Um 470 gestir voru viðstaddir en prinsessan klæddist sérsaumuðum kjól frá Valentino.

08/06
Stjörnukokkurinn **Curtis Stone** kvæntist **Lindsay Price** á Mallorca á Spáni. Meðal gesta var leikkonan Tiffani Thiessen sem lék með Lindsay í Beverly Hills 90210 og auðvitað var sonur Curtis og Lindsay, Hudson, með í gleðinni.

01/07
Söngkonan **Avril Lavigne** klæddist svörtum kjól frá Monique Lhuillier þegar hún gekk að eiga Nickelback-goðið **Chad Kroeger** í frönskum kastala. Dagsetningin var engin tilviljun því 1. júlí 2013 var eitt ár liðið frá þeirra fyrsta stefnumóti.

31/08
Leikkonan **Kate Bosworth** gekk að eiga leikstjórann **Michael Polish** á búgarði í Montana. Kate klæddist tveimur kjólum frá Oscar de la Renta, öðrum í sjálfri athöfninni og hinni í veislunni.

07/09
Stórleikarinn **Patrick Stewart,** 73ja ára, kvæntist söngkonunni **Sunny Ozell,** 35 ára, en það var leikarinn Sir Ian McKellan sem gaf þau saman. Sunny klæddist frönskum blúndukjól frá Temperley London og birti Patrick mynd af þeim á Twitter þegar þau voru búin að segja já.

10/09
Glamúrfyrirsætan **Holly Madison** gekk í það heilaga með **Pasquale Rotella** í Disneylandi. 150 vinir og ættingjar glöddust með parinu og var dóttir þeirra, Rainbow Aurora, heiðursgestur.

14/09
Tónlist spilaði stórt hlutverk í brúðkaupi tónlistarmannsins **John Legend** og **Chrissy Teigen.** Meðal gesta voru Stevie Wonder og Kanye West en brúðguminn kom ástinni sinni á óvart með frumsamdri ballöðu. Chrissy klæddist þremur mismunandi kjólum frá Veru Wang.

12/10
Leikkonan **Rose McGowan** sagði já við listamanninn **Davey Detail** í Los Angeles og klæddist unaðslegum kjól frá Monique Lhuillier. Sextíu gestir fögnuðu með hjónunum og boðið var upp á Suðurríkjahlaðborð, meðal annars djúpsteiktan kjúkling og vöfflur.

21/10
Idol-stjarnan **Kelly Clarkson** giftist **Brandon Blackstock** í Tennessee og var svo mikil leynd yfir brúðkaupinu að fjölmiðlar fengu ekki veður af því fyrr en daginn eftir. Tæplega mánuði seinna tilkynnti Kelly að skötuhjúin ættu von á sínu fyrsta barni.

02/11
NSYNC-sjarmörinn **Chris Kirkpatrick** sagði já við sína heittelskuðu **Karly Skladany** í Orlando í Flórída. Allir hljómsveitarmeðlimir NSYNC mættu á svæðið og var ítalskt þema í brúðkaupinu.

H&H

RISA JÓLA SKÓSPRENGJA Í FULLUM GANGI

50-90% afsláttur

Nýtt korta-tímabil

MasterCard

VISA

Opið til 22.00 í Smáratorgi alla daga til jóla

Toppskórinn Outlet

Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 •
Laugardaga: 11-16 Sunnudaga: 13-17

Toppskórinn Markaður

Smáratorgi, Kópavogi
Opið alla daga frá 11-22
nema sunnudaga 12 - 22

Árið 2013 á Lífinu

Þessar sex fréttir vöktu mikla athygli á Lífinu á Vísi á árinu. Tanja Ýr var krýnd Ungfrú Ísland, Ágústa Eva gagnrýndi AA-samtökin, Darri Ingólfsson kom sér á kortið í Hollywood, Jórunn Guðrún Hólm fékk krabbamein og hefur lent í níu bílslysum, Sigurður Steinþórsson heyr hetjulega baráttu við þunglyndi og Margrét Bjarnadóttir talaði opinskátt um kosningaslag föður síns, Bjarna Ben.

TANJA ÝR UNGFRÚ ÍSLAND Tanja Ýr Ástþórsdóttir var kosin Ungfrú Ísland 2013 í fegurðarsamkeppni Íslands sem fram fór á veitingahúsinu Broadway í kvöld. Hún var einnig valin ljósmyndafyrirsæta ársins. Hildur Karen Jóhannsdóttir varð í öðru sæti, Karítas Maren Sveinsdóttir í því þriðja og Hildur María Leifsdóttir landaði fjórða sætinu. Þá var Bryndís Hera Gísladóttir í fimmta sæti en hún var einnig valin púkastelpa keppninnar.

VARÐ UNDIR FIMMTÁN TONNA VÖRUBÍL Jórunn Guðrún Hólm, 27 ára, er sterk kona sem hefur tekist á við erfiða reynslu þrátt fyrir ungan aldur. Hún fékk krabbamein og hefur lent í hvorki meira né minna en níu bílslysum.

ÉG ÞORI EKKI AÐ VERA MEÐ BARNIÐ MITT NÁLÆGT MÉR – HUGLEIÐING FRÁ SIGURÐI STEINÞÓRSSYNI „Ég heiti Sigurður Steinþórsson og langar að segja frá minni sögu. Núna hef ég verið að glíma við þunglyndi í um það bil tvö ár. Ég hef verið í sjálfsvígshugsunum í langan tíma og fengið lækni heim til mín, hef verið sóttur og snúinn niður og keyrður á geðdeild á Akureyri í desember rétt fyrir jól og þar átti að vinna í mínum málum.“

ÁGÚSTA EVA GAGNRÝNIR AA-SAMTÖKIN Leikkonan Ágústa Eva Erlendsdóttir efast um ágæti AA-samtakanna og telur gloppu í heilbrigðiskerfinu að ætla ædri mætti að sjá um fíklana.



ÞÓTT HANN SÉ FORMAÐUR – ER HANN SAMT ALLTAF PABBI MINN „Það er mjög mikið að gera hjá pabba. Varla ein mínúta sem er óskipulögð hjá honum. Það að fara í pólitík af fullum krafti er gríðarlega stór ákvörðun. Þetta engin hefðbundin vinna og álagið ekki fyrir alla. Maður fer ekki í vinnuna klukkan átta og tekur síðan bindið af klukkan fjögur. Áreitið varir allan sólarhringinn, alla daga ársins,“ segir Margrét.

ÍSLENDINGUR SLÆR Í GEGN Í DEXTER Darri Ingólfsson kom sér á kortið í Hollywood. Hlutverk hans í nýjustu seríunni af Dexter er ansi veigamikið og opnar honum vafalaust margar dyr. Darri hefur verið búsettur í Los Angeles síðastliðin fjögur ár.

3
Úrslitin í beinni í nótt klukkan 01.00
Gakktu frá áskriftinni og fáðu allar nánari upplýsingar á www.stod3.is
Hver verður næsta stórstjarna Bandaríkjanna?
Stöð 3 + Krakka Stöðin + ♪ = 2.990 kr. á mánuði

Kjóll 2490

Buxur 2990

Kjóll 2490

Gallabuxur 6990

Bolur 2490

Jólatilboð á völdum leggings
1 stk. 1590
2 stk. 1990

Full búð af nýjum vörum!

FYLGSTU MEÐ: NAME IT ICELAND

Kringlunni og Smáralind

PEYSA
5500

BOLUR
3490

GALLABUXUR
10900

FULL BÚÐ AF GLÆSILEGUM JÓLAGJÖFUM FYRIR UNGLINGINN

PEYSA
5990

SAMFESTINGUR
7500

BOLUR
3490

LEGGINGS
7990

OUTFITTERS NATION

Í KRINGLUNNI

FYLGSTU MEÐ: OUTFITTERS NATION ICELAND

8 TOMMU
MYNDARAMMI

800x600 PUNKTA UPPLAUSN

INTENSO

Intenso Photopromoter 8
Stafrænn 8" myndarammi með 800x600 upplausn. Spilar myndir beint af minnislyklum eða kortum. Skyggnusýningar. Fjarstýring, standur ofl.

VERÐ 14.990

7 TOMMU
MYNDARAMMI

800x600 PUNKTA UPPLAUSN

INTENSO

Intenso Photomodel 7
Stafrænn 7" myndarammi með 800x600 punkta upplausn. Spilar myndir beint af minnislyklum eða kortum. Skyggnusýningar.

VERÐ 12.990

WIDE ANGLE
BREIÐLINSA

tasco

Tasco 2023BRZ
Sjónauki með 10x stækkun, 50mm glerjum og Wide angle breiðlinsu. Taska fylgir.

VERÐ 9.990

Bluetooth

JBL

JBL J46BT
Nett Bluetooth heyrnartól með innbyggðum hljóðnema og Playback stýringu. USB hleðsla 4,5 klst. 6mm driver. Fást bæði svört og hvít.

VERÐ 14.990

LÍTIÐ OG NETT
ÚTVARP

SCANSONIC

Scansonic PA680
Lítil og nett FM/AM útvarp með leðuráferð. 2W RMS magnari. Góður hljómur. AUX In fyrir iPod og Mp3 spilara. Fæst í þremur litum.

VERÐ 4.990

OLYMPUS

Olympus VG170
Myndavél með 14 milljónir punkta upplausn. 5x Optical og 4x Digital Zoom. 4.7 - 23,5mm linsa. 3" LCD skjár. Face Detection. iESP Auto, Spot AF, Face Detection AF, AF Tracking. Auto Exposure og 3D myndataka. HD vídeó upptaka. Sendir myndir þráðlaust í tölvu/síma. SD kortarauf. 49 MB minni. Hleðslurafhlaða.

VERÐ 19.990

Panasonic

Panasonic KXTG1611/12
Þráðlaus DECT sími með einnar línu LCD skjár með bakljósi, 50 nafna símaskrá, númerabirtir fyrir síðustu 50 númer og endurval í síðustu 10. 6 Pólyphonic melodíur og 6 tónar.

MEÐ 1 SÍMTÓLI

VERÐ 4.490

MEÐ 2 SÍMTÓLUM KR. 6.990

BLURAY
SPILARI

PHILIPS Blu-ray Disc

BDP2100
Full HD Bluray spilari sem spilar líka DVD myndir með 1080p uppskölun. 1080p@24FPS fyrir kvikmyndahúss upplifun. Dolby True HD, Dolby Digital Plus, DTS, Dolby Digital hljóð o.fl. USB, Ethernet, Digital Coaxial og HDMI út.

VERÐ 19.990

Panasonic

Panasonic SCPMX5
2x60W RMS Full Digital samstæða með Digital iPod/iPhone vöggu. Pure Brilliant Sound. Bass & Treble Control. Útvarp. Klukka með vekjara og svefnrofa. USB og AUX tengi. 3 Way Bamboo Carcoal PP Cone hátalarar.

VERÐ 74.990

Bluetooth

Panasonic

Hannað fyrir iPod iPhone iPad

Panasonic SCHC38
Ofurþunn 40W RMS samstæða með iPod vöggu og Bluetooth Re-Master. Pure Direct Sound. Direct-Vocal Surround. D.Bass.FM útvarp með RDS. MASH geislaspilari. Klukka með vekjara og svefn-rofa. Nanosized Bamboo Cone hátalarar. Má festa á vegg.

VERÐ 69.990

SOUNDBAR
HEIMABÍÓKERFI

JBL by HARMAN

Bluetooth

JBL SB200
Glæsilegt SoundBar heimabíókerfi með 120w magnara. Dolby Digital. Bluetooth. HARMAN Display Surround tækni. Bass Boost. Getur lært á fjarstýringu sjónvarpsins. Hægt að festa á vegg. RCA og Optical tengi. Fjarstýring, RCA og Optical tengi.

VERÐ 59.990

JBL SB400
Glæsilegt SoundBar heimabíókerfi með 120w magnara og þráðlausum 200W bassahátalara. Dolby Digital. Bluetooth. HARMAN Display Surround. Bass Boost. Dolby Digital. Getur lært á fjarstýringu sjónvarpsins. Hægt að festa á vegg. 3 x HDMI, RCA og Optical tengi.

JBL by HARMAN

Bluetooth

SOUNDBAR
HEIMABÍÓKERFI

VERÐ 99.990

harman/kardon

VAR AÐ LENDA

Harman Kardon SB35
Glæsilegt 8.1 SoundBar heimabíókerfi með þráðlausum 100w bassa. Ultra-thin 28mm. Bluetooth. Steríó og 8.1 heimabíóhljómur. 4x20W + 4x15W. IR repeater. 3 x MicroHDMI, 1 HDMI, RCA, Digital Coax og Optical tengi. Getur lært á fjarstýringu sjónvarpsins. BASSINN MÁ LIGGJA UNDIR SÓFA (2,8sm).

Bluetooth

SOUNDBAR
HEIMABÍÓKERFI

VERÐ 159.990

Thomson 46FU5554C
46" LED Full HD Smart sjónvarp með 1920x1080 punkta upplausn. Stafrænn móttakari DVB-T/2. Pure Image. 100Hz Clear Motion Index. SmartTV. Innbyggt WIFI. 3x USB Tengi með Upptökumöguleika. 3x HDMI, Scart , Component, VGA, CVBS, Optical og heyrnatólstengi. CI+ Rauf.

VERÐ 169.990

Opið til 22 alla daga til jóla!

iPhone fylgir ekki.

JBL **FYRIR iPHONE**

JBL ONBEATMICRO
Hátalalari með iPod/iPhone vöggu. Lightroom tengi fyrir iPhone5. Tveir Odyssey Neodymium hátalarar. Snertitakkar fyrir hljóðstyrk. Fást svört og hvít.

VERÐ 9.990

noontec Bluetooth

NOONTEC ZOROWIRELESS
Frábær samanbrjótanleg heyrnartól með Bluetooth. Spila má tónlist þráðlaust úr síma eða tala í hann með snúru sem fylgir. Stýrihnappar á heyrnartólum og innbyggður hljóðnemi til að nota sem handfrjálsan búnað fyrir síma. Lágmark 20 tímar spilun og 1.000 í bið.

VERÐ 19.990

Bluetooth

JBL

JBL FLIP
Tveir öflugir 2 x 5W hátalarar með þráðlausri Bluetooth tengingu. Innbyggður hljóðnemi. 3.5mm jack tengi AUX. Li-ion hleðslurafhlaða. Straumbreytir og taska fylgja.

VERÐ 19.990

PARTÍVÉLIN



JBL Bluetooth

JBL PULSEBLACK
Þráðlaus Bluetooth hátalalari með 2x6w magnara sem gefur ótrúlega flottan hljóm. Innbyggðar 64 LED perur með 5 forstillingum sem breyta hátalaranum í diskókúlu. Hleðslurafhlaða og USB tengi.

VERÐ 39.990

HEIMABÍÓKERFI

YAMAHA

Yamaha YHT298BL
Öflugt 5x100w heimabíókerfi með 2 framhátölurum, miðjuhátalara, 2 bakhátölurum og bassaboxi. Magnarinn er vel útbúinn með, DTS-HD, Dolby Digital Plus, 4K pass-through, 5 HDMI (4 inn og 1 út), USB tengi og YPAO sound optimisation.

VERÐ 79.990

Sky-Watcher

Skywatcher ASTROLUX70MM
Frábær Newton spegilsjónauki fyrir byrjendur 76mm ljósop. 700mm (f/9,2) brennivídd. 28x, 56x, 70x og 140x stækkun. 10mm og 25mm augngler. 2x Barlow linsa. 6x24 leitarsjónauki. Lóðstillt stæði. Þrífótur úr áli.

VERÐ 19.990

STJÖRNU SJÓNAUKI

Sky-Watcher

Skywatcer SWHERITAGE76
Dobson stjörnusjónauki með 5x24 leitarsjón-auka, 76mm (3") ljósopi, 300mm brennivídd, f/3,95 brennihlutfalli. Sjónauki með 25mm gleri (12x), 10mm augngleri (30x) og tunglsíu.

FULLT VERÐ 11.990

TILBOÐ 9.990

Nikon
At the heart of the image



23,1 Megapixla C-MOS myndflaga

Nikon D3100KIT1855VR
SLR myndavél með 14.2 milljón punkta upplausn, 23,1× 15,4 mm CMOS flögu, EXPEED 2, ISO 100-3200 (fer í 12800), 3" LCD skjá, Active D-Lighting, D-Movie FHD hreyfimynd, ítarlegri lag-færingavalmynd, hraðri raðmyndatöku, tvöföldu rykhreinsikerfi, HDMI C út ofl.

Nikon School námskeið fylgir!

VERÐ 89.990

EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF SJÓNVÖRPUM AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

Kraftaverkastund í rafmagnslausri kirkju

Söngkonan Hallveig Rúnarsdóttir var stödd á sviði í Þórshöfn í Færeyjum þegar rafmagnið fór af. Tónleikagestir lýstu kirkjuna upp með símum og kertaljósi.

„Þetta var hálfgerð kraftaverkastund, þetta var virkilega hátíðlegt," segir söngkonan Hallveig Rúnarsdóttir, sem stóð á sviði í miðju tónleikahaldi í Vesturkirkjunni í Þórshöfn í Færeyjum, þegar rafmagnið fór af. Tónleikagestir tóku þá upp snjallsíma sína og kerti og lýstu upp kirkjuna svo hægt væri að halda tónleikunum áfram.

„Ég held að enginn sem var viðstaddur þessa tónleika muni gleyma þessu. Ég mun muna þetta alla ævi. Þetta er eitt það magnaðasta sem ég man eftir á mínum ferli," útskýrir Hallveig. Sólveig hélt tónleika ásamt Havnarkórnum færeyska, sem er undir stjórn hins skelegga Ólavs Hátún.

„Ólavur lætur aldrei neitt stoppa sig. Það var hræðilegt veður í Þórshöfn þegar tónleikarnir fóru fram. Rétt fyrir tónleikana sagði hann mér að við myndum örugglega fá fleiri tónleikagesti en gert hafði verið ráð fyrir, því nánast allt annað í bænum var lokað og öðrum tónleikum aflýst." Í miðjum tónleikunum slokknaði á öllum ljósum.

„Við héldum að rafmagnið myndi koma fljótt aftur á. Við vorum að syngja Messías eftir Händel og vildum ekki hætta. Tónleikagestir tóku upp símana sína og einhverjir fundu til kerti. Kirkjan ljómaði og við gátum haldið áfram." Skömmu seinna segir Hallveig að þau hafi fengið fréttir um að rafmagnslaust yrði alla tónleikana.

ÓGLEYMANLEGT Tónleikarnir lifa ferskir í minni Hallveigar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við fréttum að þakplata hefði klippt rafmagnslínu í sundur. Við héldum bara ótrauð áfram. Við enduðum tónleikana á því að ég söng stóra aríu og léku þrír hljóðfæraleikarar undir. Þetta var einstök upplifun. Kertaljósin lýstu kirkjuna upp," rifjar Hallveig upp. Hún segir ekkert ferðaveður hafa verið í Þórshöfn að tónleikunum loknum en henni var boðið í veislu ásamt meðsöngvurum sínum á hóteli í bænum.

„Við fréttum að þakplata hefði klippt rafmagnslínu í sundur. Við héldum bara ótrauð áfram."

Hallveig Rúnarsdóttir

„Sem betur fer var þetta hótel með rafal svo hægt var að elda ofan í okkar. Við gistum á öðru hóteli og þar var ekkert rafmagn. Við klæddum okkur upp fyrir veisluna við kertaljós og fengum þær fregnir að lögreglan hafi hvatt fólk til að halda sig innandyra, en áfram héldum við. Havnarkórinn lætur ekkert stoppa sig!" kjartanatli@frettabladid.is

Ekki gefa kynlífstæki í jólagjöf

Í ár er fimmti desembermánuðurinn þar sem ég skrifa pistil fyrir Fréttablaðið um kynlíf og jólagjafir. Ég hef farið um víðan völl í þeim málum og gjarnan reynt að stýra lesendum í gegnum þessa verslun og byggt bæði á minni reynslu og faglegri þekkingu. Ég hef talað gegn því að gefa nærfatnað í jólagjöf því slík gjöf endurspeglar oftar langanir þess sem gefur frekar en þess sem þiggur. Það má vel vera skemmtileg gjöf að gefa, og jafnvel þiggja, en að mínu mati á einhverjum öðrum árstíma, við annað tilefni. Sama má segja um kynlífstæki. Það getur verið vandasamt verk að velja slík tól og því vissara að gefa það sem tækifærisgjöf (mögulega að morgni aðfangadags í einrúmi).

Ég er hrifin af gjöfum sem stuðla að afslöppun og vellíðan eins og gjafabréf í nudd eða einhverja aðra upplifun, jafnvel ávísun á stefnumót. Hér vísa ég í hina sígildu inneignarmiða sem mér þykja vera góð og hugulsöm gjöf.

Ég er kannski ögn væmin en ég er einnig hrifin af skírskotun í innileika sambandsins í gegnum tónlist eða myndaalbúm. Jólagjafirnar sem mér þykir hvað vænst um fást því ekki í næstu verslun nema að hluta til. Hér má endilega gefa ímyndunaraflinu lausann tauminn og setja markið hátt.

Þessar hugleiðingar hafa leitt mig um nokkrar verslanir þar sem ég plokka út smáhluti sem ég tíni svo saman í gjöf handa mínum heittelskaða. Stundum hefði verið skynsamlegra að kaupa bara eina stóra gjöf, það sem hann hafði beðið mig um og virkilega langað í, en ekki bláu skyrtuna sem minnti mig á fyrsta ferðalagið okkar en var ekkert sérlega klæðileg. Ég er að reyna að tóna mig niður í táknrænu gjafavali og vera skynsamlegri, kaupa frekar út frá praktík, en þó í bland við hugulsemi. Reyndar ber að taka fram að við gefum hvort öðru mjög magran fjárhagsramma fyrir jólagjafir svo úrvalið þrengist enn frekar við það. Er ég velti þessu fyrir mér þá rann það upp fyrir mér að ég vildi gefa honum gjöf sem uppfyllti mín skilyrði en var þó innan fjárhagsrammans. Ég gaf honum geit, verkfæri, og kassa af smokkum sem hann svo gaf til einstaklinga í mismunandi löndum í Afríku í gegnum Hjálparstarf kirkjunnar og Unicef.

Eiginmanninn vantar nefnilega ekkert nema kannski meiri tíma með fjölskyldunni. Ætli það sé ekki samnefnari með okkur flestum um jólin. Það eina sem við virðumst aldrei eiga nóg af er tími svo það gæti verið verðmætasta jólagjöfin Fyrir afganginn getur þú svo glatt einhvern hinum megin á hnettinum.

KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is

Sony Center
www.sonycenter.is

FRAMÚRSKARANDI MYNDGÆÐI
42" Led sjónvarp KDL42W653
• Full HD 1920 x1080 punktar
• 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
• Nettengjanlegt og innbyggt WiFi
HDTVtest HIGHLY RECOMMENDED
Tilboð 179.990.- Verð áður 199.990.-
5 ÁRA ÁBYRGÐ FYLGIR ÖLLUM SJÓNVÖRPUM

HEIMABÍÓ M. ÞRÁÐLAUSUM BASSAHÁTALARA
HTCT260H
• 300W 32 bita magnari
• 1 hátalari og þráðlaust bassabox
• Bluetooth tengimöguleiki
Verð 79.990.-

SMÍÐUÐ FYRIR ÆVINTÝRIN
Sony ActionCam WIFI HDRAS30
• Full HD vatnsheld upptökuvél
• 1/2.3 baklýst Exmor myndflaga
• Carl Zeiss Tessar linsa f 2.8
Verð 59.990.-

GÓÐ KAUP Á ANDROID SNJALLSÍMA
Sony Xperia E
• 3,5" TFT snertiskjár með HD upplausn
• 3.2 pixla myndavél
• Videoupptaka
Verð 25.990.-

FULLKOMNAR MYNDIR BEINT Í SÍMANN ÞINN
DSCQX10
• Myndavél sem smellur á snjallsíma
• 18,2 pixla 1/2.3 Exmor myndflaga
• Full HD Video
Verð 39.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni / 569 7700
Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri / 569 7645

Aðalland 11
Reykjavík
Raðhús með bílskúr
Stærð: 152,7 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1983
Fasteignamat: 39.450.000
Bílskúr: Já

Open House ...
Verð: 44.900.000

Fallegt enda raðhús með bílskúr í fossvoginum. Húsið er 122 fm og bílskúr 30,7 fm.
í húsinu eru tvö herbergi, stór stofa, eldhús með nýlegri innréttingu, þvottahús og sólstofa. Úr stofu og sólstofu er flott útsýni til suðurs yfir dalinn. Stór garður fylgir eigninni og bílskúr er sérstæður.
Kristján tekur vel á móti öllum í opnu húsi.

RE/MAX Lind

Kristján Þórir Sölufulltrúi
6961122
kristjan@remax.is

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
5107900
thorunn@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Ákveðnir höfundar hvattir til að taka þátt

Tíu lög komust áfram í undankeppni Eurovision sem fram fer í febrúar. Tíu til tólf lagahöfundar voru hvattir til að senda lög inn í keppnina en að sögn Heru Ólafsdóttur fékk enginn gulltryggt sæti í undankeppninni.

„Við höfðum samband við tíu til tólf höfunda og hvöttum þá til að senda inn eitt til tvö lög, en þetta hefur oft tíðkast í keppninni. Þetta var gert með góðum fyrirvara, áður en umsóknarfrestur rann út, til að tryggja fjölbreytni í keppninni," segir Hera Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Söngvakeppni sjónvarpsins.

Orðrómur hefur verið á kreiki um að ákveðnir höfundar hafi fengið undanþágur á skilatíma inn í keppnina og hafi hreinlega átt gulltryggt sæti í undankeppninni. „Engum var lofað þátttöku, en þetta bar engu að síður ágætan árangur, því nokkur þeirra laga rötuðu alla leið í tíu laga úrtakið. Ekki verður gefið upp hver þau eru né hversu mörg," útskýrir Hera.

Sérstaklega samansett valnefnd, skipuð þremur körlum og þremur konum, valdi lögin. „Á hverju ári er nýtt fólk í nefndinni," bætir Hera við.

Valnefndin fékk einungis lögin sjálf í hendurnar en höfundur var ekki tekinn fram þegar nefndin fékk lögin í hendurnar. „Svo skiladi hver meðlimur nefndarinnar inn lagi og vissi þá ekki hver höfundar lagsins var."

Ákveðnar áherslubreytingar verða á keppninni í ár en einungis tíu lög komust áfram í undankeppnina. „Við höfum skorið jafnt og þétt niður undanfarin ár en dagskrárgerðin verður ekki síðri." Í fyrra voru tólf lög í undankeppninni og fimmtán lög þar á undan. Aldrei hafa fleiri lög borist í keppnina en í ár eða 297 lög.

Undankeppnin fer fram í Háskólabíói 1. og 8. febrúar og svo fara úrslitin fram hinn 15. febrúar.

- glp

ENGUM LOFAÐ ÞÁTTTÖKU Hera Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Söngvakeppni sjónvarpsins, segir keppnina sérstaklega fjölbreytta í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lögin sem komust áfram

Amor
- Lag og texti eftir Hauk Johnson. Flytjandi er Ásdís María Viðarsdóttir.

Aðeins ætluð þér
- Lag og texti eftir Maríu Björk Sverrisdóttur og Marcus Frenell. Flytjandi er Guðbjörg Magnúsdóttir.

Dönsum burtu blús
- Lag og texti eftir StopWaitGo. Flytjandi er Sverrir Bergmann.

Elsku þú
- Lag eftir Vigni Snæ Vigfússon. Texti eftir Þórunni Ernu Clausen. Flytjandi er Vignir Snær Vigfússon.

Eftir eitt lag
- Lag eftir Ástu Björgu Björgvinsdóttur. Texti eftir Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur. Flytjandi er Gréta Mjöll Samúelsdóttir.

Enga fordóma
- Lag eftir Heiðar Örn Kristjánsson. Texti eftir Heiðar Örn Kristjánsson og Harald F. Gíslason. Flytjandi er Pollapönk (Heiðar Örn Kristjánsson, Haraldur F. Gíslason, Guðni Finnsson og Arnar Gíslason).

Lífið kviknar á ný
- Lag eftir Karl Olgeir Olgeirsson. Texti eftir Karl Olgeir Olgeirsson og Sigríði Eyrúnu Friðriksdóttur. Flytjandi er Sigríður Eyrún Friðriksdóttir.

Til þín
- Lag eftir Trausta Bjarnason. Texti eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur. Flytjandi er Guðrún Árný Karlsdóttir.

Von
- Lag og texti eftir Jóhann Helgason. Flytjandi er Gissur Páll Gissurarson.

Þangað til ég dey
- Lag og texti eftir Franz Ploder Ottósson, Pétur Finnbogason og Lárus Örn Arnarsson. Flytjendur er F.U.N.K.

SYNGUR TIL ÞÍN Guðrún Árný Karlsdóttir flytur lagið Til þín eftir Trausta Bjarnason og Guðrúnu Evu Mínervudóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

20% afsláttur
af Nicorette® QuickMist munnholsúðanum

Nicorette QuickMist munnholsúði er nikótínlyf sem dregur úr fráhvarfseinkennum og nikótínþörf þegar reykingum er hætt.

Tilboðið gildir fyrir báðar pakkningastærðir 1 stk. og 2 stk.

Tilboðið gildir til 26. janúar 2014

Nicorette® QuickMist

- Úðist í munn við reykingaþörf
- 1 mg nikótín í hverjum úða
- Nota skal 1-2 úða í hvert sinn
- Virkar á 60 sekúndum
- Er með mintubragði
- Hvert úðahylki inniheldur150 úða
- Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

2 pakkningastærðir: 1 stk. og 2 stk.

Landsbyggðin
Glerártorg Akureyri
Hrísalundur Akureyri
Dalvík
Keflavík
Selfoss
Hveragerði
Þorlákshöfn
Hella
Hvolsvöllur
Vestmannaeyjar

Höfuðborgarsvæðið
Kringlan
Austurver
JL-húsið
Domus Medica
Eiðistorg
Hamraborg
Fjörður

Nicorette® QuickMist munnholsúði, lausn (inniheldur nikótín, inniheldur hjálparefnið etanól/alkohól, innan við 100 mg af etanóli/úða) er ætlaður til meðferðar við tóbaksfíkn með því að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum. Helst á að nota lyfið samhliða atferlismeðferð ásamt stuðningi. **Skammtar:** Hætta skal reykingum á meðan meðferð stendur. Börn yngri en 18 ára eiga ekki að nota lyfið. **Fullorðnir:** Nota má allt að 4 úða á klst. en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun og ekki fleiri en 64 úða á 16 klst. á sólarhring. Eftir 6 vikna meðferð á að byrja að draga úr daglegum úðafjölda. Ekki er mælt með notkun lengur en 6 mánuði. Sumir geta þurft meðferð í lengri tíma til að koma í veg fyrir bakslag. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. Þeir sem aldrei hafa reykt. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skal einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar og leita ráða hjá lækni við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa fengið ofnæmisbjúg eða ofsakláða, eru með skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, sykursýki, ómeðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skeifugarnar- eða magasár eða vélindabólgu. Yfirfærð ávanabinding getur komið fyrir. Gæta skal þess að úða ekki í augu. **Aðgát í návist barna:** Nikótínskammtar sem fullorðnir þola geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir litlum börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst til fósturs og hefur áhrif á öndunarhreyfingar og blóðrás þess. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.
IS/NIC/2013-12-Q-3

Lyf & heilsa
Við hlustum!

Flott mynstur.

Gult og svart.

Litríkir fylgihlutir við brúna kápu.

Hattar og húfur hafa verið vinsæll fylgihlutur í ár.

BESTU götutískumóment ÁRSINS 2013

Vefsíðan Fashion Press Wire hefur valið bestu götutískumóment ársins 2013. Vinsældir götutískunnar fara ört vaxandi. Núorðið er jafn mikilvægt að fylgjast með því sem gestir tískuviknanna klæðast og því sem gerist á sjálfum tískupöllunum. Ef marka má þetta val hafa litríkir fylgihlutir, mynstur og háir hælar einkennt götutískuna í ár.

Mintugræn prjónapeysa við bleika hæla.

Flottir fylgihlutir.

Svarthvítur klæðnaður við háa hæla.

Vínrautt og brúnt fer vel saman.

Öðruvísi litasamsetning og skemmtileg yfirhöfn.

Hið svokallaða „peplum“-snið var vinsælt í ár og einnig að vera í sama litnum frá toppi til táar eins og þessu unga dama.

Nestlé
Quality Street
Alltaf
í uppáhaldi

SAMBÍÓIN

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR TANGLED OG WRECK-IT RALPH
JÓLAMYNDIN Í ÁR

"BESTA TEIKNIMYND DISNEY SÍÐAN LION KING"
SÝND Í 2D OG 3D MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

ÁLFABAKKA

ANCHORMAN 2 FORSÝND	KL. 8	10
FROZEN ENSK TAL 2D	KL. 5:40 - 8 - 10:30	L
FROSINN ÍSL TAL 2D	KL. 5:40 - 6	L
FROSINN ÍSL TAL 3D	KL. 6	L
HOMEFRONT	KL. 5:40 - 8:20 - 10:40	16
HOMEFRONT VIP	KL. 5:40 - 8	
MACHETE KILLS	KL. 10:30	16
DELIVERY MAN	KL. 8:20 - 10:40	12
THOR - DARK WORLD 3D	KL. 8	12
ESCAPE PLAN	KL. 10:40	16

EGILSHÖLL

ANCHORMAN 2 FORSÝND	KL. 8	10
FROSINN ÍSL TAL 3D	KL. 3:20 - 5:40	L
FROSINN ÍSL TAL 2D	KL. 3:20	L
HOMEFRONT	KL. 3:20 - 5:45 - 8 - 10:15	16
DELIVERY MAN	KL. 3:20 - 5:40 - 10:20	12
ENDER'S GAME	KL. 5:30	10
MACHETE KILLS	KL. 10:30	16
ESCAPE PLAN	KL. 8	16

KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

ANCHORMAN 2 FORSÝND	KL. 10:20	10
FROZEN ENSK TAL 2D	KL. 8	L
FROSINN ÍSL TAL 2D	KL. 5:40	L
FROSINN ÍSL TAL 3D	KL. 5:40	L
HOMEFRONT	KL. 8 - 10:20	16
DELIVERY MAN	KL. 5:40 - 8	12
MACHETE KILLS	KL. 10:20	16

KEFLAVÍK

FROZEN ENSK TAL 2D	KL. 8	L
HOMEFRONT	KL. 8 - 10:20	16
HUNGER GAMES: CATCHING FIRE	KL. 10:20	12

AKUREYRI

FROZEN ENSK TAL 2D	KL. 5:40 - 8	L
FROSINN ÍSL TAL 3D	KL. 5:40	L
HOMEFRONT	KL. 8 - 10:20	16
MACHETE KILLS	KL. 10:20	16

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ



SMÁRA BÍÓ 5%

ANCHORMAN 2 (FORSÝNING)	KL. 9	12
FROSINN 2D	KL. 3.30 - 5.40	L
FROSINN 3D	KL. 3.30 - 6	L
THE HUNGER GAMES 2	KL. 5 - 6 - 8 - 9	12
THE HUNGER GAMES 2 LÚXUS	KL. 5 - 8	12
THE COUNCELOR	KL. 8	16

HÁSKÓLA BÍÓ 5%

PIONEER	KL. 6 - 9	16
MANDELA	KL. 6 - 9	12
THE HUNGER GAMES 2	KL. 6 - 9	12
HROSS Í OSS	KL. 6 - 9	12

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIDI.IS

PIONEER	KL. 6 - 8	16
MANDELA	KL. 10	12
THE HUNGER GAMES 2	KL. 6	12

Miðasala á: midi.is og eMiði

LAUGARÁS BÍÓ

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar	
ANCHORMAN 2	10 FORSÝNING	12
FROZEN 2D	4:45	L
FROZEN 3D	4:45	L
HUNGER GAMES 2	7, 9, 10	12
FURÐUFUGLAR 2D	5	L

VERÐANDI BRÚÐUR Pippa ljómaði í brúðkaupi systur sinnar árið 2011.

Pippa trúlofuð

Pippa Middleton, systir hertogaynjunnar af Camebridge, Kate Middleton, trúlofaðist bankamanninum Nico Jackson í byrjun þessa mánaðar er þau voru á ferðalagi um Indland.

Pippa og Nico hafa verið saman í fimmtán mánuði og stefna á að ganga í það heilaga á næsta ári. Pippa vakti óskipta athygli í brúðkaupi systur sinnar árið 2011 þegar hún giftist Vilhjálmi prins. Nýtrúlofaða parið ætlar að eyða öðrum degi jóla hjá Middleton-fjölskyldunni í Bucklebury áður en þau fara í frí í Ölpunum um áramótin.

- lkg

Á FÖSTU Niall er byrjaður að deita.

Hittir fyrirsætu

One Direction-sjarmörinn Niall Horan hefur sést spóka sig um London með Victoria's Secret-fyrirsætunni Barböru Palvin.

Nú nýverið borðuðu þau kvöldmat saman og fengu sér drykk á klúbb í borginni. Nokkrum dögum síðar sáust þau saman í bíó.

„Þau hlógu og grínuðust saman alla myndina og voru mjög afslöppuð. Maður sá að þeim leið vel í félagsskap hvors annars," segir einn gestur kvikmyndahússins.

Niall hefur ekki viljað tjá sig um ástarsambandið.

Niall er afar eftirsóttur um allan heim enda hefur strákasveitin One Direction gert allt vitlaust síðustu misseri.

Þeir lentu í þriðja sæti í breska X Factor árið 2010 en plöturnar þeirra þrjár, Up All Night, Take Me Home og Midnight Memories hafa slegið fjöldamörg met.

- lkg

Ef verðlaun væru marktæk

BAKÞANKAR
Atla Fannars Bjarkasonar

Allir vita að það er undarlegt að veita verðlaun fyrir árangur þar sem mælieiningin er huglæg. Þess vegna gerir það enginn. Helstu verðlaunahátíðir heims veita nokkurs konar söluverðlaun enda ógjörningur að mæla með óyggjandi hætti hvaða plata eða kvikmynd er best. Gæði eru mæld á fjölbreyttan hátt en lokaniðurstaðan ræðst ávallt af huglægu mati fólks, sem stjórnast af ótal tilfinningum.

NÚ þegar tilnefningar til íslensku tónlistarverðlaunanna hafa verið kunngjörðar fer af stað sama umræða og í fyrra. Og árið þar áður. Sumum líst ekkert á listann og efast í kjölfarið um dómgreind dómnefndar. Fullt af frábærum plötum er hvergi að finna á sama tíma og fullt af leiðinlegum plötum eru tilnefndar í fullt af flokkum. Fullkomlega rökrétt umræða... ef það væri til tónlistarlegt metrakerfi, mælt með tónlistarlegu málbandi sem dómnefndir kynnu almennt ekki að lesa á.

MÁLIÐ er að verðlaunahátíðir eru ekki haldnar af örlátu hugsjónafólki. Þær eru haldnar til að hampa þeim sem þjóna best hagsmunum þeirra sem veita viðurkenninguna. Þess vegna er ekkert skrýtið að Beyoncé fái stærstu verðlaunin fyrir plöturnar sínar en ekki Will Oldham. Hún selur miklu fleiri plötur og uppskeran er ekki aðeins stjarnfræðileg auðævi, milljónir aðdáenda og spikfeitur trúlofunarhringur frá Jay-Z, hún hefur líka unnið 17 Grammy-verðlaun, 24 Billboard-verðlaun, tvenn Brit-verðlaun og 9 BET-verðlaun frá því að hún gaf út fyrstu sólóplötuna sína árið 2003. Hún hefur meira að segja verið tilnefnd til Golden Globe-verðlauna fyrir kvikmyndaleik.

UPPHEFÐIN kitlar eflaust hégómagirnd Beyoncé en auðvitað skipta verðlaun engu raunverulegu máli. Ef verðlaun væru marktæk væri til dæmis Shakespeare in Love besta myndin sem kom út árið 1998 og Beautiful Day með U2 besta lagið sem kom út árið 2000. Þeir, sem finnst það eðlilegt, þurfa á hjálp að halda. Þá væri Maroon 5 besta hljómsveitin sem steig fram á sjónarsviðið árið 2004 og Fearless með Taylor Swift besta platan sem kom út árið 2008. Loks væri Cuba Gooding Jr. betri leikari en James Woods, Edward Norton og William Macy, Coolio á meðal bestu rappara sinnar kynslóðar og forseti Bandaríkjanna væri friðarsinni.

STYTTIST Í FRUMSÝNINGU Farangur verður frumsýnt 1. febrúar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Túrar með skærustu stjörnu samtímadans

Valgerður Rúnarsdóttir semur dans fyrir Íslenska dansflokkinn. Hún hefur unnið með belgískum danshöfundi í sex ár og túrað með honum út um allan heim.

„Verkið fjallar um það hvernig minnið virkar, hvernig sumt gleymist og annað ekki," segir Valgerður Rúnarsdóttir, sem semur nú verkið Farangur í samvinnu við Íslenska dansflokkinn.

„Maður gleymir hversdagslegum hlutum eins og hvar lyklarnir manns eru en svo geta til dæmis löngu gleymdar minningar komið aftur til manns þegar maður finnur lykt sem maður tengir við minninguna. Farangurinn eru svo þær minningar sem maður ferðast með áfram af öllum þessum upplifunum í lífinu í einhvers konar huglægu farangursrými. Þetta er það sem við höfum verið að skoða, en svo geta dansverk verið svo abstrakt. Áhorfendur fara kannski á allt annað ferðalag. Við erum ekki að mata áhorfandann þó að við vitum hvað við viljum segja."

Undanfarin sex ár hefur Valgerður unnið með belgíska danshöfundinum Sidi Larbi Cherkaoui.

„Ég hef túrað með honum út um allan heim, og síðast fórum við til Sao Paulo í Brasilíu. Hann er ein skærasta stjarnan í samtímadansheiminum og er mikið í því að blanda saman ólíku listafólki alls staðar að úr heiminum. Hann stefnir til dæmis fólki með samtímadansbakgrunn, eins og mér, saman með breikurum, flamingódönsurum og magadönsurum. Eins vinnur hann með fjölbreytilegum hópi leikara og tónlistarmanna og annarra listamanna. Það var mjög skemmtileg reynsla að vinna með honum. Við ferðuðumst út um allan heim og það er auðvitað gaman að sjá heiminn á meðan maður er í vinnunni. Mér fannst kannski ekki síst skemmtilegt að dansa fyrir ólíka áhorfendur. Áður en ég vann með honum hafði ég unnið sem dansari hjá Íslenska dansflokknum og þá vorum við oft að sýna fyrir sama áhorfendahópinn svo ferðirnar um heiminn voru áhugaverð tilbreyting."

Nýja dansverkið verður frumsýnt 1. febrúar. „Dansflokkurinn sýnir þrjú verk þetta kvöld og Farangur verður eitt þeirra." Áður en Valgerður fór utan til að vinna með Sidi Larbi Cherkaoui vann hún sem dansari hjá Íslenska dansflokknum í fimm ár. Nú er hún aftur að vinna með Íslenska dansflokknum, en sem danshöfundur. „Ég er að semja verk fyrir hann en geri það líka í samvinnu við hópinn. Ég kem með hugmynd og dansararnir fara lengra með hugmyndina, og við vinnum verkið í sameiningu. Samstarfið er afskaplega þægilegt enda þekki ég hópinn vel. Þetta eru vinir mínir." Valgerður er einnig að vinna að öðru verki með öðrum hópi sem verður frumsýnt í janúar.

„Hitt dansverkið er ég að semja með Þyri Huld Árnadóttur og Urði Hákonardóttur tónlistarkonu. Það heitir Óraunveruleikir og við frumsýnum það í Þjóðleikhúsinu."

ugla@frettabladid.is

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Jólatilboð

20-50% afsláttur af öllum heilsurúmum

Sérfræðingar í heilsurúmum

12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing*

* Einungis er greitt 3,5 % lántökugjald.

CLASSIC - rafstillanlegt

Einbreið heilsurúm á verði frá **190.049,-**

Tvíbreið heilsurúm á verði frá **346.995,-**

DRAUMEY

Einbreið heilsurúm á verði frá **70.224,-**

Tvíbreið heilsurúm á verði frá **129.360,-**

ROYAL - rafstillanlegt

Einbreið heilsurúm á verði frá **302.391,-**

Tvíbreið heilsurúm á verði frá **566.991,-**

FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!



sabrina **Ítölsk hönnun - hágæða sófasett**

Kynningarverð

SÉRHÆFUM OKKUR Í SMÍÐI Á HEILSURÚMUM

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

SÉRVALIN JÓLATRÉ

Lifandi jólatré.
Verð frá:
3.285 kr.

LEMAX

LÆKKAÐ VERÐ

Komdu og skoðaðu jólaland LEMAX í BYKO Breidd.
Nýjar vörur á hverju ári - Bættu í safnið.
Fæst aðeins í BYKO Breidd og Akureyri.

JÓLALEIKUR BYKO

Dregið um vinning daglega til jóla.
Alls 23 glæsilegir vinningar.
Heildarverðmæti 800.000 krónur.

WWW.FACEBOOK.COM/BYKO.IS

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ

BYKO BÝÐUR EINGÖNGU UPP Á HÁGÆÐA SÉRVALIN JÓLATRÉ

Í BYKO velur þú draumajólatréð við kjöraðstæður inni, þannig að þú getur gefið þér góðan tíma og vandað valið. Valið á jólatrénu ætti þó ekki að taka langan tíma því BYKO býður eingöngu upp á hágæða sérvalin jólatré: Normannsþin, íslenska furu og blágreni.

Sölustaðir:

Timburverslun Breidd
Virka daga: kl. 8-22
Laugardag: kl. 10-22
Sunnudag: kl. 11-22

Grandi
Virka daga: kl. 8-22
Laugardag: kl. 10-22
Sunnudag: kl. 11-22

Selfoss
Virka daga: kl. 8-18
Föstudag: kl. 8-22
Laugardag: kl. 10-22
Sunnudag: kl. 12-22

Sunnuhlíð

Hluti söluandvirðis af hverju jólatré fer til Hjúkrunarheimilis Sunnuhlíðar í Kópavogi.

LIFANDI JÓLATRÉ

Íslensk fura

100-150 cm	3.995 kr.
150-200 cm	7.995 kr.
200-250 cm	12.955 kr.

Normannsþinur

100-125 cm	3.285 kr.
125-150 cm	3.985 kr.
150-175 cm	5.485 kr.
175-200 cm	7.485 kr.
200-225 cm	9.985 kr.

Blágreni

100-125 cm	3.595 kr.
125-150 cm	4.995 kr.
150-175 cm	6.795 kr.
175-200 cm	9.995 kr.
200-250 cm	11.995 kr.

LÆKKAÐ VERÐ

Vnr. 88167343
Stjarna með 40 ljósum, 60 cm.
4.590 kr.
Verð áður: 5.990

LÆKKAÐ VERÐ

Vnr. 88470259-60
Jólatrésfótur, 5”, grænn eða rauður.
4.490 kr.
Verð áður: 5.590

LÆKKAÐ VERÐ

Vnr. 88900722-67
Útisería, 40/80 eða 120 ljósa, mislit, glær eða rauð.
Verð frá:
1.199 kr.
Verð frá áður: 1.499 kr.

LÆKKAÐ VERÐ

Vnr. 88166922
Jólatrésdúkur með 20 LED ljósum, 90 cm.
3.990 kr.
Verð áður: 4.990

LÆKKAÐ VERÐ

Vnr. 88167387
Tré með 200 ljósum, 1,5 m.
9.490 kr.
Verð áður: 11.990

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

Vnr. 42366003
MELISSA örbylgjuofn, 700W.
12.990 kr.

Vnr. 41100108
Matar- og kaffistell fyrir fjóra, alls 20 stk.
5.990 kr.

Gleðileg jól

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

Einhell®
Vnr. 74804108
EINHELL rafhlöðu-skrúfjárn, 4,8V.
1.990 kr.

BOSCH
Vnr. 74862195
BOSCH multisög PMF 190 E. Aukahlutir fylgja.
18.995 kr.

Vnr. 88015718
Stýrissleði, rauður.
14.290 kr.

Vnr. 88011211
Fjarstýrð þyrla með myndavél.
6.990 kr.

Einhell®
Vnr. 74804114
EINHELL raf-hlöðuborvél, 14,4V.
5.990 kr.

Vnr. 74864130
BOSCH PSR 18V LI-2 rafhlöðuborvél í tösku með 241 aukahlutum.
BOSCH **29.995 kr.**

Vnr. 41119047
ALISA pottasett, 4 stk. rautt.
14.490 kr.

Vnr. 41120693
MELAMIN matarsett fyrir börn.
1.290 kr.

Vnr. 41119004
Panna með loki, 28 cm.
3.990 kr.

Vnr. 42378856
MELISSA brauðrist, svört.
3.990 kr.

Vnr. 65103201
SINBO töfrasproti, 170W.
1.990 kr.

Vnr. 65103215
Hrísgrjónapottur, 900W, 1l.
5.995 kr.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

Sigurgangan á enda hjá Þóri og norsku stelpunum

Norska kvennalandsliðið í handbolta er úr leik á HM í Serbíu eftir þriggja marka tap á móti heimastúlkum í átta liða úrslitunum í gær. Dönsku stelpurnar verða fulltrúar Norðurlanda í undanúrslitunum eftir 31-28 sigur á Þjóðverjum. Í undanúrslitunum á föstudaginn mætast Brasilía og Danmörk annars vegar og Pólland og Serbía hins vegar. Brasilía og Pólland hafa aldrei áður komist svona langt og Serbía er í undanúrslitunum í fyrsta sinn síðan 2001.Noregur spilar ekki um verðlaun á stórmóti í fyrsta sinn síðan Þórir Hergeirsson tók við liðinu eftir 25-28 tap á móti Serbíu. Það fór allt í baklás hjá norska liðinu í seinni hálfleik þegar liðið skoraði ekki mark í tólf mínútur. Á meðan breyttu Serbar stöðunni úr 16-21 í 23-21 og héldu síðan forystunni út leikinn.

Verða Moore áhrifin jafnmikil í Breiðholtinu og í Njarðvík?

KÖRFUBOLTI Nigel Moore spilar áfram í Domino's-deild karla í körfu þrátt fyrir að Njarðvíkingar hafi látið leikmanninn fara. Örvar Þór Kristjánsson, þjálfari ÍR og aðstoðarþjálfari Njarðvíkur í fyrravetur, var fljótur til og samdi við leikmanninn. Þetta er í annað skiptið sem ÍR skiptir um Kana á þessari leiktíð og nú vonast Örvar til að Nigel Moore-áhrifin verði jafn mikil í Breiðholtinu og þau voru í Njarðvík á síðasta tímabili. Þá hækkaði sigurhlutfall Njarðvíkurliðsins um 45 prósent eftir að hann bættist í hópinn.

Njarðvíkingar töpuðu fjórum af fimm fyrstu deildarleikjum sínum í fyrra-haust og Bandaríkjamaðurinn Jeron Belin var látinn fara eftir fjóra leiki. Nigel Moore var fenginn til að leysa hann af en Moore var þá að koma til baka eftir meiðsli. Nigel var ekkert alltof sannfærandi í fyrstu leikjunum en átti góðan leik í eins stigs útisigri á erkifjendunum í Keflavík. Eftir aðeins tvo sigra í fyrstu sjö leikjunum voru Nigel Moore og Njarðvíkurhúnarnir komnir í takt og Njarðvíkurliðið vann 8 af síðustu 10 deildarleikjum sínum. Njarðvík datt síðan út úr úrslitakeppninni eftir magnaðan oddaleik í Hólminum. ÍR-ingar hafa aðeins unnið 2 af fyrstu 11 leikjum sínum og eru að berjast fyrir lífi sínu í deildinni. - óój

ÖFLUGUR KARAKTER Nigel Moore í leik með Njarðvík en hann spilar með ÍR á nýju ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

2-3 TAP SÍÐAST Ísland og Svíþjóð mætast í 15. sinn í janúar. Hér er Rúrik Gíslason í síðasta leik þjóðanna. MYND/AFP

Fyrsti janúar-leikur í tólf ár

FÓTBOLTI Knattspyrnusambönd Íslands og Svíþjóðar hafa samið um að landslið þjóðanna spili vináttulandsleik hinn 21. janúar næstkomandi og mun þessi leikur fara fram í Abú Dabí í Sameinuðu arabísku furstadæmunum.

Þetta er ekki alþjóðlegur landsleikjadagur og landsliðshópurinn verður því að mestu skipaður leikmönnum sem leika hér á landi og á Norðurlöndunum. Svíar spila tvo leiki í Abú Dabí því þeir mæta Moldavíu fjórum dögum fyrr.

Þetta verður fyrsti janúarleikur A-landsliðs karla í tólf ár eða síðan liðið mætti Kúveit og Sádi-Arabíu í byrjun janúar 2012. Ísland hefur alls spilað sex landsleiki í janúar og alla undir stjórn Atla Eðvaldssonar. - óój

Til í að fórna öllu fyrir EM

Óvissa er með þátttöku skyttunnar Arnórs Atlasonar á EM í Danmörku sem hefst í næsta mánuði. Arnór meiddist á kálfa á æfingu á mánudag. Hann er hugsanlega með rifinn vöðva í kálfanum en vonast eftir því að vera aðeins tognaður. Hann verður í miklu kapphlaupi við tímann sama hversu slæm meiðslin eru.

HANDBOLTI „Ég var í uppstökki í lok æfingar þegar ég ég fann smell í kálfanum," segir Arnór Atlason en hann er nýjasta spurningamerkið í landsliðshópi Íslands fyrir EM í Danmörku.

„Ég hugsaði að þetta gæti bara ekki verið að gerast svona rétt fyrir mót. Ég er búinn að vera á góðu róli og þetta er ömurlegt. Þetta mót hefur verið gulrótin mín síðustu mánuði þannig að það væri hræðilegt að missa af því. Ég er samt enn bjartsýnn."

Læknar liðs Arnórs, St. Raphael, eru búnir að skoða hann og mynda. Arnór mun svo fara í fleiri rannsóknir. Niðurstöðurnar verða svo sendar heim til lækna íslenska landsliðsins.

Verð í kapphlaupi við tímann

„Ég verð að bíða og sjá hver staðan er. Ég mun líklega ekki skilja almennilega eðli meiðslanna fyrr en ég sest niður með læknunum heima. Þetta er vonandi tognun en ekki rifa í vöðvanum sjálfum. Þá er málið aðeins erfiðara," segir Arnór en er hann búinn að afskrifa EM ef hann er með rifinn vöðva?

„Nei, alls ekki. Þetta mun samt alltaf verða kapphlaup við tímann. Sama hversu slæm meiðslin eru."

ÓHEPPINN Lukkan hefur ekki beint verið í liði með Arnóri síðustu misseri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Arnór mun missa af síðustu tveimur leikjum St. Raphael og heldur heim til Íslands á morgun.

„Ég er því kominn í jólafrí snemma. Það verður svo að fara vel með sig yfir jólin. Ég verð bara að drekka grænan safa á aðfangadag," segir Arnór léttur.

> **Ég hugsaði að þetta gæti bara ekki verið að gerast svona rétt fyrir mót. Ég hef verið á góðu róli og þetta er ömurlegt.**
>
> *Arnór Atlason*

Hann varð fyrir því óláni að slíta hásin í nóvember í fyrra. Fyrir vikið var hann lengi frá. Hann flutti sig svo til Frakklands síðasta sumar og var varla kominn þangað er hann puttabrotnaði. Það varð þess valdandi að hann missti nánast af öllu undirbúningstímabilinu og hefur því þurft að vinna sig rólega inn í lið St. Raphael.

„Þetta er búið að vera erfitt. Ég get ekki skrifað þessi meiðsl á álag. Ég hef aldrei verið undir minna álagi. Er að spila minna en ég er vanur og við erum heldur ekki í neinni Evrópukeppni. Þessi meiðsli skrifast því á óheppni frekar en eitthvað annað. Það er gjörsamlega óþolandi. Ég er samt til í að fórna öllu til þess að geta spilað með strákunum á EM í janúar," segir Arnór. henry@frettabladid.is

Ég er miklu betri söngvari en dómari

Garðar Örn gefur út lag sem komst ekki í Eurovision.

FÓTBOLTI „Ég er alltaf að semja eitthvað. Ég er búinn að vera lengur í tónlist en dómgæslu," segir einn besti knattspyrnudómari landsins, Garðar Örn Hinriksson.

Hann var söngvari í hljómsveitinni Url sem lagði upp laupana fyrir um tíu árum. Hann var nú að gefa út lagið „Sjá", hugljúft lag sem sungið er af Heiðu Ólafs.

„Ég sendi þetta lag í Eurovision-keppnina en því var hafnað. Fyrst þetta lag komst ekki inn þá hlýtur þessi undankeppni að vera sú besta í Evrópusögunni. Það getur ekki annað verið en lögin sem eftir eru séu stórkostleg því mitt lag er ekki lélegt," sagði tónskáldið hæverska, stolt af sínu lagi. „Mér fannst röddin mín ekki passa við þetta lag og Heiða gerir þetta frábærlega."

Garðar, sem oft er kallaður Rauði baróninn meðal knattspyrnuunnenda, segir að draumurinn sé að gefa út sólóplötu með eigin efni.

„Ég á alveg efni í heila plötu en það er dýrt að taka upp og gefa út. Þó svo ég sé frábær dómari þá er ég enn þá betri söngvari og tónlistarmaður. Tónlist er mín ástríða," segir Garðar en hann hefur ekki fengið neina útvarpsspilun en vonar að nýja lagið muni hljóma á öldum ljósvakans.

Hinn marghami Garðar tók þátt í X-Factor-keppninni á sínum tíma en komst ekkert allt of langt.

FJÖLHÆFUR Garðari Erni er margt til lista lagt. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Ég veit af hverju mér var hent út. Ég er ekki að segja að ég hafi verið besti söngvarinn en stuttu áður en mér var hent úr keppni var ég spurður hvort ég hefði verið í hljómsveit. Svo var ég næstur út. Ég skildi það ekki því Jógvan hafði verið í hljómsveitum í Færeyjum. Ég var fúll í hálftíma en svo gleymdi ég því," segir Garðar og bætir við að hann hafi aldrei horft á atvikið þegar hann er sendur heim. - hbg

JÓLAGJAFIR - JÓLAFÖTIN

MIKLU BETRA VERÐ

TÖKUM UPP NÝJAR VÖRUR ALLA DAGA • ATH!

JÓLASVEINUM ER VELKOMIÐ AÐ VERSLA HJÁ OKKUR.

ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR
AF UPPHAFLEGU VERÐI VERSLANA!*

JÓLAGJAFIR FYRIR ALLA

GLÆSILEGIR KULDASKÓR Á DÖMUR
VERÐ FRÁ KR. 6.995.

SPARISKÓR Á ALLA FJÖLSKYLDUNA
VERÐ FRÁ KR. 2.495.

HERRASKYRTUR - VERÐ FRÁ KR. 3.000.

HÚFUR - VERÐ FRÁ KR. 995.

HANSKAR - VERÐ FRÁ KR. 995.

JÓLAHANDKLÆÐI - VERÐ KR. 395.

JÓLASERVÍETTUR - VERÐ KR. 99.

OPIÐ:
19. des. frá kl. 11-20
20. des. frá kl. 11-20
21. des. frá kl. 11-20
22. des. frá kl. 12-20
23. des. frá kl. 11-20

Fylgstu með okkur á Facebook!

KORPU OUTLET

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • S. 578 9400

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

*OUTLETVERÐ GETA VERÐ AÐ 80% AFSLÆTTI FRÁ UPPHAFLEGU VERÐI VERSLANA

Systurnar munu skála um áramótin

Margrét Lára Viðarsdóttir hefur ekki ákveðið hvar hún spilar fótbolta á næstu leiktíð. Eyjamærin 27 ára segist vera að fá sitt annað tækifæri á ferlinum í íþróttinni eftir langvarandi meiðsli. Systurnar Elísa og Margrét stefna á ákvörðunartöku fyrir áramótin.

FÓTBOLTI „Mér finnst ég eiga mikið inni á erlendri grundu. Sérstaklega í ljósi þess að ég er laus við meiðslin," segir Margrét Lára Viðarsdóttir. Markadrottningin er samningslaus en hún varð þriðji til fjórði markahæsti leikmaður sænsku deildarinnar með Kristianstad á síðustu leiktíð með 13 mörk. Samningur hennar rann út í kjölfarið og kaus hún að endurnýja hann ekki að svo stöddu. Margrét Lára hefur verið á Íslandi undanfarnar vikur og notið þess að vera í fríi frá fótbolta.

„Maður er svo sem aldrei í fríi. Þegar maður er atvinnumaður æfir maður allt árið," segir Margrét Lára. Hún fagnar því að geta loksins gert æfingar sem hafa reynst henni erfiðar undanfarin ár sökum langvinnra meiðsla. Hún vill ekkert gefa upp um líklegan áfangastað en segir þó að spennandi tímar séu framundan.

Purfti að breyta um lífsstíl

„Það má segja að ég sé að fá mitt annað tækifæri á ferlinum til þess að spila fótbolta. Ég þarf að nýta það rétt," segir framherjinn sem spilaði meidd í heil fimm ár og gat ekki beitt sér að fullu. Sökum þess yfirgaf hún mikið æfingaálag hjá þýska félaginu Turbine Potsdam og gekk í raðir Kristianstad sumarið 2012. Elísabet Gunnarsdóttir þjálfar liðið og mætti Margrét Lára miklum skilningi hvað meiðslin varðaði og æfingaálagið minnkaði til muna.

„Ég þurfti að breyta um lífsstíl. Ég var vön að æfa tíu til tólf sinnum í viku en æfi nú sex til sjö sinnum. Þannig verður mín framtíð ef ég ætla að spila fótbolta," segir Eyjamærin 27 ára. Hún þurfi að æfa minna en einfaldlega nýta æfingarnar betur.

„Ef ég fer í nýtt umhverfi þarf að vera skilningur á þessu svo ég geti notið mín og blómstrað."

Margrét Lára er ekki sú eina í fjölskyldunni sem liggur undir feldi þessa dagana. Elísa, yngri systir hennar, sem spilað hefur undanfarin sjö sumur með uppeldisfélagi sínu, ÍBV, er með tilboð frá fleiri íslenskum félögum að sögn Margrétar. Þá hafi erlend félög sýnt henni áhuga.

Launin skipta ekki mestu

„Hún er metnaðarfull og langar eins og marga að reyna fyrir sér erlendis," segir Margrét um Elísu sem er 22 ára. Elísa hefur spilað mest sem hægri bakvörður en einnig miðvörður með Eyjaliðinu. Hlaupageta hennar er með ólíkindum og var hún í landsliðshópi Íslands á EM síðastliðið sumar.

„Hún verður að halda áfram að sýna sig og standa sig vel," segir Margrét. Elísa þurfi að passa að taka rétt skref ætli hún í nýtt umhverfi og skoða hlutina í víðu samhengi. Þjálfarateymi, samherjar og umhverfið skipti meiru máli en launin.

„Fólk má auðvitað samt ekki svelta í hel," segir Margrét Lára. Hún reiknar með því að þær systur taki ákvörðun um framtíð sína áður en árið er úti.

„Það er alltaf rosalega gott að vera búin að ákveða sig þegar nýtt ár gengur í garð. Vera búin að setja sér markmið og geta skálað fyrir þeim og góðu ári. Við systurnar munum gera það."

kolbeinntumi@frettabladid.is

NÚMER 13 Guðbjörg fékk langþráð tækifæri á milli stanganna hjá landsliðinu á EM í sumar sökum meiðsla Þóru Bjargar Helgadóttur. Guðbjörg sló í gegn og hlaut mikið lof fyrir frammistöðu sína. NORDICPHOTOS/GETTY

Gugga er bara miklu betri markvörður

„Potsdam fær ekki til sín erlendan leikmann til að vera á bekknum," segir Margrét Lára um nýtt félag Guðbjargar Gunnarsdóttur. Landsliðsmarkvörðurinn gekk til liðs við þýska risann á dögunum en Margrét varð þýskur meistari með liðinu árið 2012.

„Þetta verður vonandi gæfuspor fyrir hana og á eftir að gera hana að enn betri leikmanni," segir Margrét. Hún segir liðið klárlega eitt af þremur stærstu í Evrópu enda berjist liðið árlega um titlana í Þýskalandi og Meistaradeild Evrópu.

„Með fullri virðingu fyrir öðrum liðum er þetta toppurinn." Margrét Lára segir félagaskiptin enn eitt dæmi þess hve hátt íslenskir leikmenn séu metnir í Evrópu. Liðið hafi verið í markvarðarleit í eitt og hálft ár. Sú sem standi í markinu núna hafi verið þriðji kostur fyrir tveimur árum er Margrét Lára var á mála hjá félaginu. „Gugga er bara miklu betri markvörður."

Wenger í sérflokki

Helmingur stjóranna hefur verið innan við ár í starfi.

FÓTBOLTI Tottenham og West Brom eru í leit að nýjum stjóra eftir að Andre Villas-Boas og Steve Clarke voru reknir á dögunum. Fimm stjórar hafa fengið að taka pokann sinn á leiktíðinni og ljóst að þolinmæði eigenda ensku úrvalsdeildarfélaganna gagnvart mönnunum í brúnni er lítil.

Eftir að Sir Alex Ferguson lét af störfum í vor eftir 27 ár í starfi hjá Manchester United ber Arsene Wenger, stjóri Arsenal, höfuð og herðar yfir kollega sína í deildinni þegar kemur að lengd starfsferils. Frakkinn hefur stýrt Arsenal frá haustinu 1996 þegar hann tók við liðinu af Bruce Rioch. Forveri Wengers hékk í starfi í eitt ár áður en hann fékk að fjúka.

Sá líftími er í takt við þann sem stjórar á Englandi og víðar búa við. Reyndar eru laun stjóranna af þeirri stærðargráðu að enginn ætti að missa svefn yfir starfsskilyrðum þeirra.

Helmingur stjóranna í ensku úrvalsdeildinni hefur verið skemur en eitt ár í starfi. Sá sem hefur verið næstlengst í starfi er Alan Pardew, stjóri Newcastle. Sá enski heldur upp á þriggja ára afmæli í starfi hjá þeim svörtu og hvítu í mánuðnum.

Meðalstarfsaldur stjóranna átján sem stýra liðum í ensku úrvalsdeildinni í dag er rétt rúm tvö ár. Starfsaldur Wengers skekkir myndina töluvert. Sé hann ekki talinn með er meðalstarfsaldur hinna sautján þrettán mánuðir.

- ktd

Starfstími stjóranna átján á Englandi

Stjórar	Félag	Þjóðerni	Mánuðir í starfi
Arsene Wenger	Arsenal	Franskur	207
Alan Pardew	Newcastle United	Enskur	36
Malky Mackay	Cardiff	Skoskur	30
Sam Allardyce	West Ham	Enskur	30
Paul Lambert	Aston Villa	Skoskur	18
Steve Bruce	Hull City	Enskur	18
Brendan Rodgers	Liverpool	Norður-Írskur	18
Chris Hughton	Norwich City	Enskur	18
Michael Laudrup	Swansea City	Danskur	18
Mauricio Pochettino	Southampton	Argentínskur	11
David Moyes	Manchester United	Skoskur	7
Mark Hughes	Stoke City	Velskur	7
Jose Mourinho	Chelsea	Portúgalskur	6
Roberto Martinez	Everton	Spænskur	6
Manuel Pellegrini	Manchester City	Chileskur	6
Gus Poyet	Sunderland	Úrúgvæskur	2
Tony Pulis	Crystal Palace	Velskur	1
Rene Muelensteen	Fulham	Hollenskur	0

Tottenham og West Brom eru án knattspyrnustjóra þessa stundina.

FÁÐU ÞÉR VINA-FÖTU

2 BITAR
2 LUNDIR
6 HOT WINGS

miðstærð af frönskum, stór heit sósa, hotwings-sósa og BBQ-sósa

Frábær máltíð fyrir góða vini á aðeins **2.390 kr.**

VILTU VINNA FÖTU?

Erum byrjuð að safna myndum á nýja fötu. Taktu þátt á facebook.com/kfc.is

KFC

svooogott™

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI

WWW.KFC.IS

PIPAR\TBWA - SÍA - 133338

Landsliðsferillinn er ekki búinn

Alexander Petersson mun ekki spila með Íslandi á EM í janúar vegna þrálátra axlarmeiðsla. Þetta er þriðja stórmótið af síðustu fjórum sem hann missir af. Þó svo ástand leikmannsins sé ekki gott ætlar hann ekki að leggja landsliðsskóna á hilluna. Hann segist ekki geta horft á leiki landsliðsins þegar hann er ekki með. Alexander getur nánast ekkert æft og þarf að bryðja verkjatöflur fyrir leiki.

HANDBOLTI „Það styttist í seinni hluta ferilsins hjá mér og að sjálfsögðu vil ég taka þátt í öllum mótum með landsliðinu. Líkaminn segir mér því miður að ég geti ekki verið með núna," segir Alexander Petersson stórskytta og einn besti handboltamaður Íslands. Hann var ekki með Íslandi á HM fyrir um ári síðan og verður ekki með á EM í janúar. Hann fór líka meiddur á EM í Serbíu árið 2012 og þurfti að yfirgefa liðið er skammt var liðið á mótið. Hann gat ekkert beitt sér og hefur því í raun misst af þremur af síðustu fjórum mótum.

„Það er hrikalega erfitt að sitja heima þegar strákarnir eru að spila. Ég treysti mér ekki í að horfa á leikina. Ég fer frekar út að leika mér með krökkunum mínum. Það er of erfitt fyrir mig að horfa á."

Verri en á sama tíma í fyrra

Alexander fór í axlaraðgerð á síðasta tímabili sem átti að binda enda á hans vandræði. Það gekk ekki eftir og um ári síðar er hann nánast á sama stað.

„Ég er jafnvel í verra ástandi en á sama tíma í fyrra. Ég var mjög vongóður fyrir aðgerðina en hún breytti engu. Öxlin varð verri ef eitthvað er. Nú þarf ég að vinna með öxlina á hverjum einasta degi og vonast eftir því að hún lagist eitthvað. Ég fer líklega ekki aftur í aðgerð. Ef ég fer aftur í aðgerð þá gæti ég misst liðleika í öxlinni og það gæti skapað enn stærra vandamál og jafnvel orðið þess valdandi að ég þyrfti að leggja skóna á hilluna. Það sem þeir löguðu síðast er aðeins hluti vandans. Vandinn er mun stærri. Þetta er algengt álagsvandamál hjá handboltamanni."

Axlarmeiðslin á skothendi Alexanders eru ekki ný af nálinni en ástandið hefur farið versnandi síðustu ár. Nú er staðan svo slæm að hann spilar, samt ekki alla leiki, og tekur svo takmarkaðan þátt í æfingum.

„Ég æfi varla með liðinu. Spila smá vörn. Ég má ekki skjóta á markið. Það er rétt að ég má gefa sendingar. Lengra nær það ekki."

Bryður verkjalyf fyrir leiki

Til þess að skyttan komist í gegnum leiki með liði sínu, Rhein-Neckar Löwen, þá þarf hún að bryðja sterk verkjalyf fyrir leiki. Það er augljóslega ekki mjög gott til lengri tíma litið.

„Ég hef þurft að gera það mjög lengi núna og það er ekki gott. Lyfin virka stundum ekki og líkaminn er að versna."

Þessi meðferð á líkamanum er augljóslega ekki góð og hefur sín áhrif á leikmanninn.

„Mér líður allt í lagi daginn eftir leiki en næstu dagar þar á eftir geta verið hrikalega erfiðir. Þá get ég stundum ekki hreyft handlegginn almennilega. Get ekki sveiflað honum og það getur tekið nokkra daga að jafna sig," segir Alexander en hann bítur á jaxlinn í leikjum.

OFT ERFITT Alexander hefur spilað kjálkabrotinn og lemstraður fyrir landsliðið án þess þó að kvarta. Er hann því oft kallaður vélmennið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

STRÍÐSMAÐUR Alexander hefur alla tíð verið afar ósérhlífinn leikmaður og fórnað sér fyrir landsliðið og félagslið. Þessi fórnfýsi hefur komið í bakið á honum þar sem öxlin er illa farinn. Hann segir það ekki vera sinn stíl að hlífa sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þegar ég er á vellinum reyni ég að hugsa ekki um meiðslin heldur að hjálpa liðinu. Auðvitað finn ég til þegar ég skýt að marki. Þá er ég með verk í svona tíu sekúndur. Það er samt ekkert vandamál. Vandinn liggur í dögunum á milli leikja."

Þetta stanslausa álag á líkamann með tilheyrandi verkjum og erfiðleikum hefur tekið sinn toll af leikmanninum. Bæði líkamlega og ekki síst andlega.

„Það reynir á. Þetta hefur ekki alltaf verið auðvelt. Það komu nokkrir mánuðir sem voru mér miög erfiðir. Ég var þungur og oft í vondu skapi því þetta ástand var að fara í taugarnar á mér. Nú reyni ég að vera jákvæður en það er ekki alltaf auðvelt því ekkert breytist. Stundum á ég frábæran leik og læt mig dreyma um að ég sé að lagast. Svo vakna ég daginn eftir og finn að svo er alls ekki," segir Alexander en hann fær góðan stuðning heima fyrir.

„Ég á sem betur fer frábæra konu og krakka sem styðja mig. Þau halda mér gangandi og eru dugleg að hvetja mig áfram."

Vill spila fyrir landsliðið

Alexander átti frábæran leik gegn Kiel í síðustu viku. Löwen átti síðan leik gegn Hamburg nokkrum dögum seinna og þá var ekki það sama upp á teningnum. Það er því ljóst að hann hefur ekkert að gera á mót þar sem jafnvel eru spilaðir um átta leikir á tveim vikum.

> **Allir stríðsmenn þurfa að leggja niður vopnin á endanum. Það er ekki hægt að berjast að eilífu. Ég er samt ekki hættur að berjast.**
>
> *Alexander Petersson*

Ekki minn stíll að hvíla

Hvernig lítur hann annars á framhaldið? Er eitthvað vit í því fyrir hann að reyna að halda áfram að spila með landsliðinu eins og hann er á sig kominn?

„Ég hef enga trú á því að landsliðsferlinum sé lokið. Ég vil ekki hugsa um það. Auðvitað er þetta þriðja mótið af síðustu fjórum sem ég missi af. Ég fór til Serbíu og gekk frá mér þar. Það var ekkert vit í því. Ég nýt þess að spila fyrir íslenska landsliðið og vil endilega spila fleiri leiki. Ef ég get spilað þá mun ég spila með landsliðinu. Það eru leikir í sumar og vonandi get ég hjálpað liðinu þá," segir Alexander.

Á HM 2011 var Alexander einnig að glíma við þessi meiðsli. Þá gagnrýndi þáverandi þjálfari hans, Dagur Sigurðsson, landsliðsþjálfarann Guðmund Guðmundsson fyrir að láta Alexander spila of mikið.

„Þá voru meiðslin aðeins öðruvísi en þau eru núna. Ég hefði kannski átt að hvíla meira síðustu ár og fara betur með mig. Það er bara ekki minn stíll. Það er ekki ég. Allir stríðsmenn þurfa að leggja niður vopnin á endanum. Það er ekki hægt að berjast að eilífu. Ég er samt ekki hættur að berjast. Ég þarf samt smá frí núna og það verður kærkomið að geta unnið í öxlinni og hvílt hana í janúar."

Alexander er orðinn 33 ára gamall og því farið að síga á seinni hluta ferilsins hjá honum. Hvað sér hann fyrir sér að hann geti spilað lengi í viðbót?

„Eins og líkamanum líður þá gæti ég spilað í fjögur til fimm ár í viðbót. Öxlin er samt líklega ekki á sama máli. Hún vill reyna að lifa af fram á sumarið," segir Alexander og hlær við.

henry@frettabladid.is

Gerir eins og Óli Stef

Þessi mikli baráttujaxl leitar allra leiða til þess að halda ferlinum gangandi. Hann hefur meðal annars leitað í smiðju síns gamla félaga úr landsliðinu, Ólafs Stefánssonar.

„Ég er farinn að hugsa mun betur um líkamann en ég gerði áður. Farinn að borða hollari mat og gera allt eins heilbrigt og hægt er. Líkaminn þarf alla hjálp sem ég get veitt honum. Þetta hefur aðeins hjálpað en ekki nóg. Ég mun samt halda áfram á þessari braut. Óli Stef var í vandræðum með öxlina á sér og annað. Um leið og hann breytti mataræðinu lagaðist allt hjá honum og hann náði fyrri styrk. Það sem meira er þá spilaði hann til fertugs. Hann spilaði meira segja síðasta leikinn nánast án þess að vera í skóm. Það segir margt um hversu góðu formi hann var í," segir Alexander léttur og hlær við.

NÝJAR BARNABÆKUR

Óðinsauga

Fiðrildavængir

Hér er á ferðinni ævintýri í anda sígildra þjóðsagna þar sem koma við sögu tröll og töfrandi verur. Boðskapur sögunnar er sá að hjálpsemi er dyggð sem oft er endurgoldin á ögurstundu.

Sóley Stjarna og Bleika plánetan

Þessi barnabók fjallar um hugrakka stúlku sem lætur draum sinn verða að veruleika. Hún þorir og getur, enda bráðsnjöll eins og venja er með ungar stúlkur. Bókin elur á sjálfstrausti og framtakssemi ungra stúlkna.

Huginn Þór Grétarsson er höfundur bókanna.

Gilitrutt

Þjóðsagan um tröllskessuna Gilitrutt. Húsfreyjan á bænum reynir að komast undan því að vinna verk sín með því að semja við tröllskessu. En geti hún ekki upp á nafni skessunnar í þremur tilraunum á hún ekki von á góðu...

Sígildu ævintýrin, brúðubækur og íslensku jólasveinarnir

Fjársjóðskistan: Kvöldsögur

Sagnasafnið inniheldur 8 sígild ævintýri í nýrri þýðingu. Bjarki Bjarnason og Huginn Þór Grétarsson þýddu. Þessi fallega ævintýrabók er gjöf sem fylgir börnum til fullorðinsáranna. Tryggðu þér eintak af þessari glæsilegu bók sem til er í takmörkuðu upplagi hjá útgefanda.

Herra Hákarl og Kýrin Klaufey

Börnin geta sett hendur inn í brúðurnar og tekið þátt í sögunum. Lesið og leikið saman og njótið þess að glæða sögurnar lífi. Huginn Þór Grétarsson þýddi.

Bráðskemmtilegar jólasveinabækur

Nú er kátt í Grýluhelli. Jólasveinarnir eru hæstánægðir með þessar skemmtilegu bækur og lauma þeim gjarnan í skóinn hjá þægum börnum.

DAGSKRÁ

Stöð 2 kl. 20.15
Hátíðarstund með Rikku

Notaleg jólastemning með Rikku á aðventunni. Rikka fjallar um allt það helsta sem viðkemur gleðilegri jólahátíð.

Í KVÖLD

The X-Factor US

STÖÐ 3 KL. 19.30 Það er komið að glæsilegum endaspretti hjá þessu ótrúlega hæfileikaríka fólki sem hefur allt að vinna og engu að tapa í þessum stórkostlega söngþætti.

Stúdíó Jól-A

SJÓNVARPIÐ KL. 21.20 Í jólaþættinum koma fram þau Svavar Knútur, Ragnheiður Gröndal og Kristjana Stefánsdóttir, Megas og Ágústa Eva og Sigríður Thorlacius og hljómsveit.

Týnda kynslóðin

STÖÐ 2 GULL KL. 22.05 Týnda kynslóðin er frábær skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og félaga sem munu fá til sín landskunna gesti í skemmtileg og óhefðbundin viðtöl.

X-ið 977 kl. 07.00
Harmageddon

Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga kl. 7-10. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag.

McGREGOR
ESTABLISHED NEW YORK 1921

Úrval af baðsloppum – ALLAR STÆRÐIR – fyrir dömur og herra
VERÐ FRÁ 11.900
MEÐ 20% JÓLAAFSLÆTTI


Betra BAK
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477 – Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Opið virka daga frá kl. 10⁰⁰–18⁰⁰. JÓLAOPNUN: Föstudag 20. des. 10⁰⁰–22⁰⁰, laugard. 21. des. og sunnud. 22.des 11⁰⁰–22⁰⁰, Þorláksmessu 10⁰⁰–22⁰⁰, Aðfangad. 10⁰⁰–13⁰⁰

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
07.01 Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum
07.06 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Malcolm In The Middle
08.40 Ellen
09.20 Bold and the Beautiful
09.40 Doctors
10.20 60 mínútur
11.05 Nashville
11.50 Suits
12.35 Nágrannar
13.00 Nanny McPhee
14.40 The O.C.
15.25 Tasmanía
15.50 Hundagengið
16.15 Ellen
17.00 Bold and the Beautiful
17.22 Nágrannar
17.45 Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum
17.52 The Simpsons
18.23 Veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.16 Veður
19.25 Stelpurnar
19.50 The Michael J. Fox Show *(7:22)*
20.15 Hátíðarstund með Rikku *(3:4)*
20.45 Jamie's Best Ever Christmas
21.40 Person of Interest *(19:22)*
22.30 NCIS. Los Angeles *(18:24)*
23.15 Brighton Rock
01.05 Óupplýst lögreglumál
01.35 The Tunnel
02.25 Homeland
03.15 The River Wild
05.05 Blue Crush

SPORT
besta sætið

07.00 Tottenham - West Ham
14.00 Brasilía - Ungverjaland
15.20 Serbía - Noregur
16.40 Stoke - Man. Utd.
18.20 Sunderland - Chelsea
20.00 Danmörk - Pýskaland
21.20 World's Strongest Man 2013
21.50 NB90's. Vol. 3
22.20 Njarðvík - Stjarnan
23.50 Pólland - Frakkland
01.10 Osasuna - Real Madrid
03.00 The Royal Trophy 2013 *(Beint)*

SPORT 2
enski boltinn

11.55 Hull - Stoke
13.35 Tottenham - Liverpool
15.15 Messan
16.40 Aston Villa - Man. Utd.
18.20 Cardiff - WBA
20.00 Premier League World
20.30 Ensku mörkin - úrvalsdeildin
21.25 Football League Show
21.55 Chelsea - Crystal Palace
23.35 West Ham - Sunderland

INN

20.00 Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Fiskikóngurinn

STÖÐ 3

16.35 Top 20 Funniest
17.15 Smash
18.00 Super Fun Night
18.20 Ben and Kate
18.45 Bunheads
19.30 The X-Factor US *(25:26)*
20.55 Shameless *(3:12)*
21.45 The Tudors *(5:10)* Fjórða þáttaröðin sem segir áhrifamikla og spennandi sögu einhvers alræmdasta og nafntogaðasta konungs sögunnar, Hinriks áttunda.
22.40 Grimm *(5:22)* Önnur þáttaröðin um persónur úr ævintýrum Grimmbræðra sem hafa öðlast líf og eru færðar í nútímabúning.
23.25 The X-Factor US
02.40 Shameless
03.30 The Tudors
04.25 Tónlistarmyndbönd

Krakkastöðin

07.00 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **07.05** Ljóti andarunginn og ég **07.28** Ávaxtakarfan **07.43** UKI **07.50** Hvellur keppnisbíll **08.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **08.07** Dóra könnuður **08.30** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.52** Doddi litli og Eyrnastór **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.48** Hello Kitty **10.00** Ævintýri Tinna **10.22** Brunabílarnir **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **11.05** Ljóti andarunginn og ég **11.30** Ávaxtakarfan **11.43** UKI **11.48** Hvellur keppnisbíll **12.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **12.07** Dóra könnuður **12.30** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.50** Doddi litli og Eyrnastór **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.48** Hello Kitty **14.00** Ævintýri Tinna **14.22** Brunabílarnir **14.47** Ævintýraferðin **15.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **15.05** Ljóti andarunginn og ég **15.30** Ávaxtakarfan **15.43** UKI **15.48** Hvellur keppnisbíll **16.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **16.07** Dóra könnuður **16.30** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.50** Doddi litli og Eyrnastór **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.48** Hello Kitty **18.00** Ævintýri Tinna **18.22** Brunabílarnir **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Rauðhetta... með nýju bragði 2 **20.25** Sögur fyrir svefninn .

GULL

17.00 Strákarnir
17.25 Friends
17.45 Seinfeld
18.10 Modern Family
18.35 Two and a Half Men
19.00 Hæðin
19.50 Eldsnöggt með Jóa Fel
20.20 Heimsókn
20.45 Hið blómlega bú
21.20 Veggfóður *(8:20)*
22.05 Týnda kynslóðin *(3:34)*
22.30 Mér er gamanmál
23.00 Evrópski draumurinn
23.35 Matarást með Rikku
00.05 Spaugstofan
00.30 Veistu hver ég var?
01.10 Fóstbræður
01.40 Mið-Ísland

BÍÓ

11.35 Monte Carlo
13.20 Henry's Crime
15.05 Dear John
16.45 Monte Carlo
18.30 Henry's Crime
20.20 Dear John
22.00 Wanderlust
23.40 Blonde and Blonder
01.15 School for Seduction
03.00 Wanderlust

RÚV

16.15 Ástareldur *(Sturm der Liebe)*
17.05 Stundin okkar
17.35 Jóladagatalið - Jólakóngurinn *(19:24) (Julekongen)*
18.00 Táknmálsfréttir
18.10 Kiljan
19.00 Fréttir
19.25 Veðurfréttir
19.30 Íþróttir
19.40 Kastljós
20.00 Geðveik jól *(2:2)*
21.00 Villt og grænt *(8:8) (Rjúpa)*
21.30 Stúdíó Jól-A *(7:7)*
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.25 Glæpahneigð *(2:24) (Criminal Minds VIII)* Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.
23.10 Downton Abbey *(8:9) (Downton Abbey)* Breskur myndaflokkur sem gerist upp úr fyrri heimsstyrjöld og segir frá Crawley-fjölskyldunni og þjónustufólki hennar.
00.20 Kastljós
00.40 Fréttir
00.52 Dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Cheers
08.25 Dr. Phil
09.10 Pepsi MAX tónlist
14.55 The Voice
17.25 Dr. Phil
18.10 Gordo's Ultimate Christmas
19.00 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course
19.30 Cheers *(6:25)*
19.55 Solsidan *(9:10)*
20.20 Happy Endings *(17:22)* Bandarískir gamanþættir um vinahóp sem einhvern veginn tekst alltaf að koma sér í klandur. Penny fer í krossferð til að hafa upp á föður sínum fyrir brúðkaupið. Stríð vofir yfir í matsölubransanum.
20.45 Parks & Recreation *(17:22)* Geggjaðir gamanþættir með Amy Pohler í aðalhlutverki. Draugar fortíðar elta Ben í þessum bráðfyndna þætti.
21.10 Scandal *(5:7)*
22.00 Four Christmases Frábær rómantísk gamanmynd fyrir alla fjölskylduna. Reese Witherspoon og Vince Vaughn leika par sem ætla að heimasækja fjölskylduna um jólin.
23.30 Under the Dome - LOKAPÁTTUR *(13:13)*
00.20 Excused
00.45 In Plain Sight
01.35 The Client List
02.20 Blue Bloods
03.10 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 Eurosport **10.00** Opna breska meistaramótið 2013 **21.00** Ryder Cup Official Film 2002 **23.00** Eurosport

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 Kaninn
FM 102,2 Útv. Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

„MEISTARALEG SMÍÐ“

★★★★

Kristjón Kormákur Guðjónsson/Pressan.is



SÁLFRÆÐI-TRYLLIR sem segir sex

„Blindhríð er alveg frábær! Hörkuspenna og dramatík – takk fyrir mig!“
Katrín Júlíusdóttir, v.formaður Samfylkingarinnar.

„Vel skrifaður og spunninn sálfræðitryllir,“
Jón Yngvi Jóhannsson/Fréttablaðið

„Vel stíluð og feikn spennandi bók sem rígheldur lesandanum.“
Eiríkur Bergmann/dv.is

„Metnaðarfull örlaga-saga, spennandi sálfræðitryllir og skemmtileg mannlífs-stúdía.“
Kristjón Kormákur Guðjónsson/Pressan.is

„Sindri Freysson er höfundur sem kann vel sitt fag. Þetta er fjörlega skrifuð og djörf bók sem heldur athyglinni allt til enda.“ ★★★★
Ingvi Þór Kormáksson/bokmenntir.is

„Full af erótík,“
Jórunn Sigurðardóttir/Rás 1

Nýjasta bók Sindra Freyssonar fær frábærar viðtökur.

sögur ÚTGÁFA

BESTA PLATAN

„Í skammdeginu hlusta ég á Heartbreak express með Dolly Parton á vínyl.“

Eva Rún Snorradóttir ljóðskáld.

Justin Shouse á gestalista grínistans Bill Burr

Landsliðsmaðurinn Justin Shouse spjallaði við Bill Burr í Bláa Lóninu um íslenskan körfuknattleik.

„Ég ræddi við hann um íslenskan körfubolta og nýjan þátt um Saul Goodman,“ segir körfuboltakappinn Justin Shouse um samtal sitt við grínistann Bill Burr sem þeir áttu í Bláa lóninu á sunnudaginn, rétt áður en Burr hélt uppistand sitt í Hörpunni. Shouse var í Bláa Lóninu ásamt vini sínum Brad Trocki sem var staddur hér á landi í heimsókn.

„Við sáum Bill Burr þarna um leið og við komum. Brad ákvað að vinda sér upp að honum og byrjaði að spjalla. Þeir sátu þarna undir fossi og ræddu saman í mestu makindum,“ útskýrir Shouse. Hann blandaði sér í samræðurnar og segir Bill Burr hafa verið ákaflega skemmtilegan. „Hann spurði margra spurninga og var áhugasamur um íslenskan körfubolta. Hann sagði að það væri betra að hitta þriggja stiga skoti „í andlitið“ á andstæðingi en að segja góðan brandara.“

Þeir ræddu einnig um hlutverk Bills Burr í Breaking Bad-þáttunum og hvort hann hefði áhuga á að vera með í nýjum þáttum sem fjalla um Saul Goodman, eina vinsælustu persónu Breaking Bad.

„Hann talaði mikið um þættina og sagðist endilega vilja vera í þessum nýju þáttum.“ Burr spurði svo vinina hvort þær ætluðu ekki örugglega á uppistandið. „Við vissum ekki alveg hverju við áttum að svara, því við vorum ekki með miða. En svo bauðst hann til að setja okkur á gestalista, sem var magnað. Uppistandið var hreinlega frábært, maðurinn er ótrúlega fyndinn.“ - kak

SPJÖLLUÐU LENGI Justin Shouse segir Bill Burr ákaflega skemmtilegan mann.

Orðabelgur er fjörugt og fræðandi spil fyrir alla fjölskylduna

Spilið felur í sér margvíslegar þrautir og áskoranir sem tengjast orðum og orðasamböndum.

Orðabelgur kom út fyrir síðustu jól og er upplagið á þrotum.

„Borðspilið Orðabelgur er bráðvel heppnað spil sem reynir á íslenskukunnáttu þeirra sem spila.“ **(JAÓ, Mbl. 23.12. 2012).**

Eftirtaldir sölustaðir eiga enn eintök:
Penninn Eymundsson, Spilavinir, A4, Hagkaup, Krumma og Mál og menning.

Steindi og Baggalútur með lokalag skaupsins

Lokalag Áramótaskaupsins í ár verður frumsamið. Steindi Jr. vonar að lagið ómi í öllum áramótapartíum. Hann segir vinnu við skaupið skemmtilega áskorun.

„Þetta lag er algjört partí, ég er ótrúlega ánægður með það. Í raun kom aldrei annað til greina en að það yrði frumsamið,“ segir Steinþór Hróar Steinþórsson, betur þekktur sem Steindi Jr., um lokalagið í Áramótaskaupinu í ár, sem ber titilinn Springum út. Steindi og Baggalútur munu leiða saman hesta sína og njóta fulltingis lagasmiðanna Stop Wait Go, sem voru Steinda innan handar með mörg hans vinsælustu laga, til dæmis Djamm í kvöld og Dansa það af mér. Steindi mun syngja lagið ásamt Guðmundi Pálssyni úr Baggalút og Ilmi Kristjánsdóttur. „Í stuttu máli fjallar lagið um að strengja áramótaheit. Við Íslendingar erum einstaklega góðir í því að lofa öllu fögru síðustu klukkustundir hvers árs, en svo er allt annað hvort við förum eftir því,“ segir Steindi glaðbeittur og bætir því við að margir þjóðþekktir einstaklingar muni koma fram í laginu. Baggalútur og Steindi eru þekktir fyrir lög sín sem mörg hver hafa notið gríðarlegra vinsælda. Lög Steinda eru samtals með um þrjár milljónir flettinga á vefsíðunni YouTube og hárbeittar plötur Baggalúts hafa selst í bílförmum. „Ég geri þá kröfu að lagið ómi í öllum áramótapartíum og bara langt fram á nýja árið,“ segir Steindi.

Steindi er einn níu handritshöfunda Áramótaskaupsins. Hann segir vinnuna við skaupið hafa verið skemmtilega tilbreytingu frá vinnunni við þættina hans, Steindinn okkar. „Aðalmunurinn er sá að maður fær ákveðin mál á borðið, þegar maður skrifar Skaupið, og þarf að skrifa brandara úr því sem helst höfðar til allra. En ég er vanur því að skapa brandarana algjörlega sjálfur og búa til karaktera, sem má skilgreina sem hlutlaust grín. Svo þetta var skemmtileg áskorun,“ útskýrir Steindi. Hann er afar ánægður með afrakstur-inn; finnst skaupið vera gott. „Það var rosalega góður andi yfir skrifteyminu, góð stemning á setti. Ég held að þetta sé þrususkaup. Mjög fjölbreytt. Við reyndum að hafa pólitíkina í algjöru lágmarki enda mörg önnur skemmtilegri mál að tækla.“ Hann vonast til þess að skaupið höfði til allra. „Mér finnst eins og það hafi tíðkast að annar helmingur þjóðarinnar fíli skaupið og hinn helmingurinn ekki. Ég vona að við náum að breyta því. Þetta skaup er fjölbreytt og það ætti klárlega að vera eitthvað þarna fyrir alla. Ég vona innilega að landsmenn á öllum aldri skemmti sér konunglega yfir skaupinu og enginn verði pirrípú, annars fer ég í felur í þrjá daga þangað til allir verða búnir að gleyma skaupinu,“ segir Steindi.

kjartanatli@frettabladid.is

LOKALAGIÐ Í SKAUPINU

- Ber titilinn Springum út.
- Sungið af Steinda Jr., Guðmundi Pálssyni úr Baggalúti og Ilmi Kristjánsdóttur.
- Fjallar meðal annars um að strengja áramótaheit.
- Margir þjóðþekktir einstaklingar koma fram.

Ég vona innilega að landsmenn á öllum aldri skemmti sér konunglega yfir skaupinu og enginn verði pirrípú.

Við reyndum að hafa pólitíkina í algjöru lágmarki enda mörg önnur skemmtilegri mál að tækla.

Þetta lag er algjört partí, ég er ótrúlega ánægður með það. Í raun kom aldrei annað til greina en að það yrði frumsamið.

Botnleðja í keppni við Geirmund

Botnleðja tekur lögin sín í skemmtaraútgáfu á Jólaplöggi Record Records.

„Skemmtarinn hefur átt undir höggi að sækja að undanförnu og Geirmundur hefur verið einráður á skemmtaramarkaðnum,“ segir Heiðar Örn Kristjánsson, söngvari og gítarleikari Botnleðju, sem kemur fram á Jólaplöggi Record Records um næstu helgi. Heiðar er þó eini meðlimur sveitarinnar sem kemur þar fram. „Ég verð þarna með gítarinn en Þröstur skrítni á Skerseyrarveginum verður mér til halds og trausts á skemmtaranum,“ útskýrir Heiðar.

Heiðar og Þröstur ætla leika lög Botnleðju í skemmtaraútgáfu en einnig má segja að útgáfan verði léttsvinguð. „Halli trommari og Raggi bassaleikari komust ekki á Jólaplöggið og var skemmtarinn því besta lausnin en þetta verður mjög skemmtilegt.“

Þetta verður líklega í eina skiptið sem aðdáendur Botnleðju geta léð skemmtaraútgáfunni eyra. Jólaplögg Record Records fer fram næstkomandi laugardagskvöld á Harlem og á Gamla Gauknum. - glp

SKEMMTARINN KLÁR Helstu slagarar Botnleðju munu heyrast í skemmtaraútgáfu á Jólaplöggi Record Records um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Frábært úrval af jólagjöfum frá Umbra

Umbra Memo
Festu minnismiða með seglum eða pinnum á þessa sniðugu töflu.

Verð frá
6.190

Umbra Behold
Stílhreinn og fallegur ljósmyndarammi.

Verð
3.390

Umbra Orchid
Líflegur standur fyrir skartgripi.

Verð
5.790

Umbra Lingua
Nýtískuleg og flott klukka sem leikur sér með tölurnar á rituðu máli.

Verð
12.900

Sláðu inn leitarorðið Umbra á heimkaup.is og sjáðu allt Umbra úrvalið okkar.

Umbra Wallflower
Lífgaðu upp á rýmið með stílhreinum blómum sem límast á vegg.

Verð
5.990

Umbra Huddle
Stór og fallegur rammi sem tekur 11 myndir í mismunandi stærðum.

Verð
14.490

Umbra Luna
Settu fjölskyldumyndirnar í þennan skemmtilega, hringlaga ramma. Tekur níu myndir.

Verð
10.900

Umbra Hang Five
Snagarekki hannaður úr rómversku tölustöfunum. 11 snagar.

Verð
4.990

Umbra Conceal
Það er eins og bækurnar svífi á þessari skemmtilega hönnuðu bókahillu.

Verð
3.990

KLÁRAÐU JÓLAGJAFIRNAR Á EINU BRETTI

Pökkum inn og sendum svo frítt heim!

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

heimkaup.is

Örugg vefverslun · Hagstætt verð · Hraðsending · Sendum um allt land

HEIMKAUP

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Eftirsóttir eftirréttir

María Krista Hreiðarsdóttir og **Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir** hafa hlotið tilnefningu til hinna virtu Gourmand-verðlauna. María Krista fyrir bók sína Brauð og eftirréttir Kristu í flokknum Bestu eftirrétta- og sætindabækur ársins 2013 og Eva Laufey í flokknum Besti matar-bloggarinn ársins 2013. Alls eru að jafnaði sendar inn bækur frá yfir 150 löndum í keppnina en verðlauna-afhend-ingin fer fram í Peking á næsta ári.

- lkg

Gleði, gleði

Páll Óskar Hjálmtýsson segir að það hafi ekki verið að hans frum-kvæði sem Gleði, gleði var tekið upp sem skólasöngur í Menntaskólanum við Hamrahlíð þó að einhverjir standi í þeirri trú. „Reyndar var það **Brynhildur Björnsdóttir** sem byrjaði að syngja þetta. Það var á einhverri skemmtun inni á sal sem mig minnir að Brynhildur hafi hreinlega kennt salnum að syngja þetta, og smám saman festist þetta lag í sessi sem skólasöngur," segir hann.

- ugl

Mest lesið VÍSIR

1. Ragnar Þór kallar til lögmenn
2. Íslendingar vilja seinka klukkunni
3. Fjögur óvænt andlát á árinu
4. Eins árs biðlaun eftir sjö mánaða starf
5. Brotthvarfi Páls fagnað?
6. Íslensk verslun biður um „bailout"
7. Valdís Gunnarsdóttir jarðsungin í dag
8. Verðmunur á jólamatvörum mikill
9. Karlrembulegustu fjölmiðlaatvik ársins 2013 í Bandaríkjunum